

Hugvísindasvið

# Tveggja heima sýn

Ljóðagerð fjögurra skálda frá sjálfstæðisbaráttu til alþingishátíðar

Leiðbeinandi:  
Sveinn Yngvi Egilsson  
prófessor

Ritgerð til MA.-prófs  
í bókmenntum

Þorsteinn G. Þorsteinsson

Dagsetning; 2010 – 10. maí

©2010 Höfundur

Ritgerðina má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar eða útgefanda.

## **Ritgerðin Tveggja heima sýn - Höfundur: Þorsteinn G. Þorsteinsson**

Þeir sem lesa þessa ritgerð vinsamlegast ritið nöfn ykkar hér fyrir neðan:

Nafn og bæjarfélag:

## Efnisyfirlit:

### MA - ritgerð í bókmenntum **Tveggja heima sýn**

(Ljóðagerð fjögurra skálda frá sjálfstæðisbaráttu til alþingishátíðar)

**Útdráttur** \_\_\_\_\_ bls. 5

**Inngangur** \_\_\_\_\_ bls. 6-9

#### **I Samhengið í erlendum bókmenntum**

1.1 Rætur og þróun rómantíkur \_\_\_\_\_ bls. 9-20

1.2 Raunsæið og nýrómantíkin \_\_\_\_\_ bls. 21-30

#### **II Íslensk ljóðagerð frá 1800-1930**

2.1 Rómantíkin í ljósi sjálfstæðisbaráttunnar \_\_\_\_\_ bls. 30-38

2.2 Frá raunsæi til millistríðsára \_\_\_\_\_ bls. 39-47

#### **III Ljóðheimur Jóns Thoroddsens**

3.1 Heima og erlendis \_\_\_\_\_ bls. 48-56

3.2 Náttúrukveðskapur og einkakvæði \_\_\_\_\_ bls. 56-66

#### **IV Einfarinn í ljóðum Gríms Thomsens**

4.1 Forneskjan og mannlýsingar \_\_\_\_\_ bls. 66-77

#### **V Þjóðerni og náttúra í skáldskap Þorsteins Erlingssonar**

5.1 Þjóðfélags- og trúmál \_\_\_\_\_ bls. 78-85

5.2 Náttúru- og hrifningarljóð \_\_\_\_\_ bls. 85-92

#### **VI Tveggja heima sýn í kvæðum Stephans G. Stephanssonar**

6.1 Ættjörðin og önnur lönd \_\_\_\_\_ bls. 92-101

6.2 Stríð og friður í skugga dauðans \_\_\_\_\_ bls. 101-109

#### **VII Skáld tveggja heima**

7.1 Lokaorð \_\_\_\_\_ bls. 109-116

**Heimildaskrá**

## Útdráttur

Í ritgerðinni er fjallað um tveggja heima sýn fjögurra íslenskra ljóðskálda á tímabili sjálfstæðisbaráttu Íslendinga til Alþingishátíðar, þeirra Jóns Thoroddsens, Gríms Thomsens, Þorsteins Erlingssonar og Stephans G. Stephanssonar. Skáldin fjögur eru ólík um margt en þau eiga það sameiginlegt að dveljast langdvölum á erlendri grund, ýmist við nám eða með fastri búsetu. Fjarri heimaslóðum kynntust þau nýjum stefnum og straumum sem mótuðu hugmyndir þeirra til framtíðar og birtust í frumsömdum skáldskap þeirra. Slík sýn var þó alþjóðleg, enda hafði hún birst með ýmsum hætti í skrifum skálda og menningarfrömuða á Norðurlöndum, meginlandi Evrópu og í Vesturheimi. Skáldin fjögur höfðu þó ákveðna sérstöðu í þessu samhengi sem felst m.a. í því að þau ortu á íslensku og mörkuðu sér stað út frá íslenskri menningu og sögu.

Jón Thoroddsen og Grímur Thomsen héldu ungir til náms í Danmörku og þjónuðu báðir Danakonungi, annars vegar í styrjöld og hins vegar sem embættismenn undir dönsku valdi. Þorsteinn Erlingsson stundaði einnig nám þar en lauk því ekki sökum heilsubrests og féleysis. Stephan G. Stephansson gekk ekki í skóla sökum fátæktar en flutti ásamt fjölskyldu sinni vestur um haf undan örbirgð hér heima. Þekking hans var „sjálftekin“, svo vitnað sé í hans eigin orð. Grímur hafði nokkra sérstöðu meðal skáldanna en honum vegnaði vel í námi og var lengi embættismaður Dana. Í söguljóðum hans kemur fram að hann þekkti vel til erlendra höfuðskálda og verka þeirra. Sama má raunar segja um Jón, sem hlaut skáldhróður í heimalandinu þegar í lifanda lífi, ekki síst vegna skáldsagna sinna en með ljóðum sínum varð hann líka þjóðkunnur á Íslandi.

Þorsteinn og Stephan áttu sammerkt að boða jafnaðarstefnu í samfélaginu, enda var tveggja heima sýn sprottin af samfélagsbreytingum erlendis sem vöktu hugsjónir eins og jafnrétti og bræðralag en fólu í sér andúð á hernaði. Stórbrotin kvæði þeirra vitna um svipaða sýn á náttúruna en líka afstöðu gegn yfirvaldi sem var þeim þyrnir í augum. Þeir læra báðir að meta náttúruna á nýstárlegan hátt tveggja heima, að skoða hana í spegli í samanburði erlendis og í ljósi æskustöðvanna. Titill ritgerðarinnar, *Tveggja heima sýn*, vísar því í meginatriðum til þeirrar forsendu að skáldin fjögur fóru utan, flest til náms en eitt vegna fátæktar. Ekki sáu þeir fyrir að þeir yrðu skáld og að dvöl þeirra erlendis skapaði þeim sess heima á Íslandi sem sýna tveggja heima sýn manna sem þurftu að erfiða en uppskáru að lokum laun erfiðisins í ljóðum sem lifa sjálfstæðu lífi á meðal íslensku þjóðarinnar.

## Inngangsorð

Þegar 19. öldin birtist við túngarðinn var þjóðin að jafna sig eftir áföll móðuharðinda, en viss hjartsýni ríkti við komu nýrrar aldar. Bændasamfélagið var við lýði og fólk bundið sveit. Yfir vetrarmánuðina var snjóþungt og samgöngur afleitar. Algengt var að fólk yrði úti á ferðum milli landshluta. Helsti skólinn var á Bessastöðum en síðar tók Latínuskólinn við hlutverki hans. Margir sóttust eftir menntun og það færðist í vöxt að menn lykju stúdentsprófi. Háskólar voru ekki í landinu og því þurftu stúdentar að sækja framhaldsnám út fyrir landsteinana. Embættisveitingar tóku mið af þessari þróun og krafist var háskólaprófa í ríkari mæli þótt það þekktist að menn sætu í embættum hér á landi á undanþágu, án tilskilinna leyfa. Íslendingar sóttu einkum til Norðurlanda og sérstaklega Danmerkur, enda Ísland hluti af einveldi Dana. Þessi staða skólamenningar á Íslandi varð forsenda tveggja heima sýnar. Íslendingar erlendis voru flestir við nám og störf í höfuðborg Danmerkur. Kaupmannahöfn varð suðupottur sjálfstæðishreyfinga,

bókmennta og lista. Bókmenntastefnur bárust til Skandinavíu frá enskumælandi löndum, Bretlandi og Bandaríkjunum, en líka frá meginlandi Evrópu eins og t.d. frá Frakklandi og Þýskalandi. Fyrst var það rómantíska stefnan sem kom einkum frá meginlandi Evrópu og Bandaríkjunum. Franska stjórnarbyltingin og stofnun Bandaríkjanna urðu öðrum þjóðum fyrirmynd í þeim efnum. Fyrir miðja öld hafði raunsæisstefnan tekið völdin út í hinum vestræna heimi og þar réði miklu gríðarleg fjölgun borga og þá krafa einstakra stétta fyrir réttindum sínum. Þegar fram liðu stundir varð ljóst að raunsæisleg viðhorf höfðu ekki skilað þeim félagslegu umbótum sem stefnt var að. Afleiðingarnar urðu hnignun og afturhvarf. Nýrómantík tók að gera vart við sig. Hún einkenndist af táknsæi í ljóðagerð. Einstaklingshyggjan náði aftur yfirhöndinni. Þegar 20. öldin leit dagsins ljós voru ýmis teikn á lofti. Í hönd fóru styrjaldir og skáld nýrómantíkur urðu svartsýn á framtíð mannkyns enda réttur einstaklingsins oft fyrir borð borinn.

Snemma á 19. öld tók rómantísk sýn við af nytsamri upplýsingarhyggju. Íslensk skáld báru með sér ljóðagerð af meginlandinu í formi frumkveðins skáldskapar og þýðinga. Sú sýn birtist m.a. í mikilli hrifningu á íslenskri náttúru. Í annan stað ósjálfstæði Íslands sem í fornöld hafði haft sitt eigið þing og ráðið lögum sínum og landi. Tveggja heima sýn spratt af fjarlægð frá eigin landi. Bjarni Thorarensen og Jónas Hallgrímsson dvöldu báðir við nám í Kaupmannahöfn og kynntust rómantísku stefnunni. Báðir fylgdu þeir að mörgu leyti þeirri rómantísku ljóðagerð sem komin var frá Þýskalandi og Danmörku en Jónas sótti meira í þjóðararfinn og þá til klassískrar fornaldar. Ljóðagerð þeirra hleypti líka nýju lífi í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Alþingi Íslendinga varð eitt helsta stefnumálið, enda mikilvægur þáttur í sjálfstæðisátt. Þar mörkuðu Baldvin Einarsson, Jón Sigurðsson og Fjölnismenn stefnuna en þá varð ljóst mikilvægi endurreisnar Alþingis sem fyrsta skref til að ná fram málefnum Íslendinga. Bjarni Thorarensen var lengi fylgismaður Dana þótt hann aðhylltist síðar alþingi til handa Íslendingum. Jónas var á hinn bóginn ekki bundinn af embættisskyldu við Dani eins og Bjarni og hvatti því Íslendinga til sjálfstæðis í ræðu og riti. Með fráfalli Jónasar og Bjarna tóku önnur skáld upp merki þeirra á dönsku landi.

Einn af þeim var Jón Thoroddsen sem varð frumkvöðull í íslenskri skáldsagnagerð og Grímur Thomsen sem dvaldi í Kaupmannahöfn á síðustu árum Jónasar og þekkti vel til Fjölnismanna. Jón og Grímur komu báðir að málum Íslendinga og Dana. Jón barðist m.a. fyrir fulltrúapingi á meðan Grímur hafði afskipti af sjálfstæði hertogadæmanna sem voru hluti Danaveldis, þótt hann gætti þar hagsmuna Dana. Þrátt

fyrir þessa tilburði í sjálfstæðisátt voru Grímur Thomsen og Jón Thoroddsen báðir embættismenn Dana og fór ekki hjá því að vissrar tvíþendni gætti í afstöðu þeirra til sjálfstæðis Íslands. Grímur aðhylltist lengi skandinavisma sem spratt af dvöl hans í Danmörku. Hann sá íslenska bókmenntaarfinn sem hluta af stærri heild.

Þegar áhrif rómantísku stefnunnar minnkuðu tók við raunsæisstefna enda hluti af réttindabaráttu í borgarsamfélagunum. Forvígismenn ritsins Verðanda með Hannes Hafstein í broddi fylkingar sýndu andóf sitt í verki og töldu skáldskap gömlu rómantísku skáldanna úreltan. Á þessum skilum kom fram skáldið Þorsteinn Erlingsson sem tók afstöðu með Steingrími og rómantíkinni en varð síðar hatrammur fylgismaður raunsæisstefnunnar í ádeilukvæðum sínum. Síðar var Þorsteinn í miklum tengslum við Stephan G. Stephansson vestan hafs. Báðir þessir menn voru jafnaðarmenn og lögðu sitt af mörkum til sjálfstæðisbáttunnar, ekki aðeins með hárbeittum ádeilum sínum heldur minntu þeir líka á sérstöðu íslenskrar náttúru. Seint á ævinni fór Stephan hamförum í kvæðum sínum gegn stríðum en hafði friðsamlega sambúð við náungann að leiðarljósi.

Í ritgerðinni er ætlað að sýna einstaklinginn samofinn náttúrunni. Fyrst sjáum við hann sem eins konar sjáanda, snilling í anda rómantíkur sem síðan hverfur inn í fjöldann og verður hluti af borgarsamfélaginu. Þar birtist hann sem hluti af embættis- og fræðastétt eða þá sem bóndi og einyrki. Í framandi heimi styrjalda sjáum við einstaklinginn verða firringu að bráð.

Tveggja heim sýn getur komið fram í því að borg og sveit sé stillt upp sem andstæðum þar sem skáldið þekkir báða heima, eða þá byggð og óbyggð eins og kemur fram í þjóðsögum þar sem fólk yfirgefur hinn örugga heim byggðar en lendir í ógöngum við óblíða náttúru eða andstæðinga sem ógna lífi þess. Ekki síður hafi skáldið hleypt heimdraganum og dvalið erlendis og sú dvöl sett mark á skáldskap þess. Í erlendri umfjöllun ritgerðarinnar er einkum skoðuð áhrif frá Þýskalandi og Danmörku auk enskumælandi svæða.

Skáldin fjögur, Jón Thoroddsen, Grímur Thomsen, Þorsteinn Erlingsson og Stephan G. Stephansson áttu það öll sameiginlegt að hafa dvalist um lengri eða skemmri tíma á erlendri grund. Þótt ýmsar væntingar hafi trúlega valdið vali þeirra kom á daginn að erfitt reyndist að fóta sig í nýju landi. Nálgun þeirra í ljóðagerðinni var því oft á mörkum tveggja heima, Íslands og þess lands sem þeir dvöldu í. Í annan stað voru þessi skáld nálægt þeim bókmenntastraumum sem gjörbyltu landslagi bókmennta okkar og þá sér í lagi íslenskri ljóðagerð. Heiti ritgerðarinnar minnir því líka á lífshlaup þessara skálda, heiman og heim. Bygging ritsmíðarinnar tekur því mið af þeim breytingum sem

urðu á högum skáldanna. Frá fjarlægum landi leitar hugurinn til æskustöðvanna sem líka verður það bakland sem þau leita til í ljóðagerðinni. Þrjú skáldanna Jón, Grímur og Þorsteinn settust lokum að á Íslandi en Stephan bjó lengstum í Bandaríkjunum og Kanada.

Íslensk ljóð hafa jafnan varpað ljósi á fólk og líf þess ekki síður en tengsl þeirra við náttúru og þjóð. Þessu viðmiði skáldanna tengist umbrot í starfi þeirra og einkalífi. Meginmarkmið skáldskapar hefur gjarnan verið að finna merkingu í tilveruna. Þar er stríð og friður, tvísæi náttúru og manns en ekki síst samsömun við veröld sem ýmist virðist vinsamleg en getur líka fjandskapast við náungann. Því er óhjákvæmilegt að velta vöngum yfir stöðu skáldanna í íslenskri bókmenntasögu þegar verk þeirra eru metin. Þessum og öðrum spurningum, sem snúa að einstaklingshyggju og samhygð, verður reynt að svara. Þessari ritgerð er ætlað að varpa ljósi á þann menningararf sem nefnist íslensk ljóðagerð og lifir sjálfstæðu lífi eftir að skáldin eru öll.

## I Straumar og stefnur í bókmenntum

### 1.1 Rætur og þróun rómantíkur

#### Erlkönig, An den Mond

Über allen Gipfeln  
Ist Ruh;  
In allen Wipfeln  
Spürest du you will  
Kaum einen Hauch;  
Die Vögelein schweigen im Walde.  
Warte nur, balde  
Ruhest du auch.

Johann Wolfgang von Goethe<sup>1</sup>

#### Kvöldljóð vegfaranda

Tign er yfir tindum  
og ró.  
Angandi vindum  
yfir skóg  
andar svo hljótt.  
Söngfugl í birkinu blundar.  
Sjá, innan stundar  
sefur þú rótt.

Helgi Hálfðanarson 1982:78

Þannig hljómar hið margræða kvæði um samsömun mannshuga og náttúru, hvort sem við reynum að túlka það sem hvíld frá amstri daganna og eða svefninn langa. Ljóðið er að minnsta kosti í anda Johans Gottliebs Fichtes sem hélt því fram að skynjun okkar á náttúrunni væri á vissan hátt innbyggð í huga okkar.<sup>2</sup> Þá er vísað til hughyggju (*idealisma*) þar sem andi og efni eru eitt. Skáldið Wolfgang von Goethe hafði dvalið

---

<sup>1</sup> Gray 1963:45

<sup>2</sup> Árni Sigurjónsson 1995:287

m.a. í Leipzig og Strassburg við nám í lögfræði og orðið lögfræðingur í heimaborg sinni. Þegar hér var komið við sögu hafði hann flutt sig um set til Weimarslýðveldisins þar sem hann var undir verndarvæng Karls Ágústts hertoga og vann m.a. við aðalleikhúsið á staðnum. Þessi umskipti áttu eftir að leiða til meiri sköpunar Goethe á sviði leikritunar og ljóðagerðar. Skáldið virtist njóta sín vel á þessum fámenna stað þar sem stutt var í náttúruna. Þetta kvæði mun hann hafa samið í fjallakofa í skóglendi fyrir utan Weimar. Fjarri heimahögum öðlaðist hann aðra sýn á veruleikann og frá honum streymdu ljóð eins og þetta sem minntu á gildi einstaklingsins og samruna við náttúruna.

Þýskaland var meginuppspretta forrómantíkur sem nefndist *Sturm and Drang*, en þar voru í broddi fylkingar auk Herder skáldin Goethe og Schiller.<sup>3</sup> Fyrstu rómantísku skáldin leituðu í hugmyndir A.A. Shaftesburys á 17. öld um snillinginn og til E. Youngs á 18. öld um frumleika skáldsins ofar samfélagslegum gildum.<sup>4</sup> Goethe taldi ekki að maðurinn væri æðstur í heiminum heldur afurð æðri máttarvalda.<sup>5</sup> Guð og náttúran var eitt og hið sama fyrir honum þótt maðurinn væri æðsta birtingarmynd guðdómsins. Friedrich Schiller nefnir skáld eins Goethe „naiv“ í merkingunni skáld sem treystir á frumlega hugsun og innsæi.<sup>6</sup> Þetta eru þá líka skáld sem sjá líf í skauti náttúrunnar sem eftirsóknarvert. Skáldið Schiller setti hins vegar manninn í æðsta veldi í anda heimspeki Friedrichs Wilhelms von Schellings sem taldi að yfirburðir listamannsins byggðust á vinnusemi og dulvitaðri snilli eða hæfileikanum til að skara fram úr öðrum mönnum.<sup>7</sup> Snillingur Schillers tekur ekki mið af samfélagi sínu eða umhverfi, heldur gerir Schiller þá kröfu til snillingsins að hann hefji sig yfir staglsaman lærdóm og kerfið, samanber kvæðið *Der Genius*.<sup>8</sup> Niðurstaða Schillers varð eftir sem áður sú að jafnvel snillingurinn kæmist ekki undan fjandsamlegri veröld. Goethe taldi rætur vandans þær að snillingurinn ætti erfitt með að samlagast samfélaginu vegna siðaboða þess.<sup>9</sup> Þetta fyrsta stig rómantíkur byggðist á uppreisn gegn hefðbundnum gildum samfélagsins. Í kvæðum Goethes og Schillers koma fram mikilvægustu einkenni rómantíkur:

---

<sup>3</sup> Árni Sigurjónsson 1995:202 Á íslensku er forrómantíkin nefnd Stormur og þrá

<sup>4</sup> *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* 2008:222

<sup>5</sup> Gray 1967:109

<sup>6</sup> Árni Sigurjónsson 1995:213

<sup>7</sup> Árni Sigurjónsson 1995:287

<sup>8</sup> Schiller 1953-1956: I 251; sjá Schillers Werke – Band I-II.

<sup>9</sup> Árni Sigurjónsson 1995:296-297

Náttúran var full af táknum sem einungis þurfti að ráða. En þar skildi einmitt á milli feigs og ófeigs. Til þess þurfti *skáldlegt innsæi* og það var einungis gefið hinum útvöldu, skáldunum, snillingunum. *Ímyndunaraflið* skiptir hér öllu og oft er því haldið fram að hugmyndin um hið skapandi ímyndunarafl sé merkasta framlag rómantískra hugsuða og það sem skarpast skilur þá frá upplýsingarmönnum sem litu á listina sem eftirlíkingu hins almenna veruleika og gerðu ekki ráð fyrir ímyndunarafli í sambandi við skáldskap.

Páll Valsson 1996:266-267

Frelsisbarátta í heiminum varð undanfari rómantísku stefnunnar og hafði áhrif á mótun hennar. Bandaríki Norður-Ameríku voru stofnuð árið 1776 eftir sigur á Bretum. Í Frakklandi varð hins vegar stjórnarbylting árið 1789. Fólk vildi frelsi undan kúgun og oki aðalsstéttarinnar sem lifði í allsnægtum. Byltingarmennirnir sáu til þess að konungnum sem tengt hafði sig við guð, var steyppt af stóli. Konungsveldið var ekki lengur í takt við tímann. Hrifning á mætti einstaklingsins birtist ekki síst í uppgangi Napóleons Bónapartes á erlendri grund. Í mörgum löndum ruddi þjóðernisstefna sér til rúms en menn vildu verjast yfirgangi Napóleons. Fólk sótti m.a. til franska stjórnáamannsins og heimspekingsins Montesquieu sem fyrstur setti fram hugmyndir um loftslag þjóða í bók sinni, *Andi laganna*.<sup>10</sup> Þótt Þýskaland væri barnið var vaggá forrómantíkur sótt víða erlendis frá:

While it would be absurd to deny the special features of the German romantic age (we may pause to reflect that every age has its special features), almost all its views and techniques can be paralleled elsewhere. It is no denial of originality to see that the great German writers drew freely on foreign sources (Rousseau, English preromanticism) or on sources in the remote past, both foreign and native, which had been available to the other European nations...

Wellek 1973:167

Hugmyndir Goethe byggðust m.a. á þeirri heimspeki að einstaklingurinn yrði að finna sjálfan sig í tengslum við náttúruna fjarri fjöldanum. Breska skáldið George Crabbe setti fram svipaða sýn í kvæði sínu, *Village* sem birtist árið 1784. Þar segir að gott sé að ljúka

---

<sup>10</sup> Árni Sigurjónsson 1995:129

ævi sinni í návist náttúrunnar, endurnýja kynni sín af æskustöðvunum eftir að hafa dvalið fjarri heimabyggð.<sup>11</sup>

The Village Life, and every care that reigns  
O'er youthful peasants and declining swains;  
What labour yields, and what, that labour past,  
Age, in its hour of languor, finds at last;  
What form the real picture of the poor,  
Demand a song – the Muse can give no more.  
Fled are those times, when, in harmonious strains,  
The rustic poet praised his native plains...

T.P. R. P. 1978:63

Flökkuskáldin leituðu upprunans á heimaslóðum. Þorpssælan var eftirsóknarverð eftir að hafa lifað villtu lífi í solli borgarinnar. Þessi tónn átti síðan eftir að óma á meðan ljóðgerð rómantíkur var við lýði. Rómantík snerist um innri heim skáldsins sem hann varpaði á þann ytri, eins konar samhljóm við náttúruna og allt líf sem bærðist í heiminum. Þessi innri sýn á ytri veruleika var lík skilgreiningu fræðikonunnar Babette Deutch á rómantík:

A term used of poetry that is centered upon the inner rather than upon the outer world, that tries to convey the poet's feelings in a manner uniquely expressive of his experience and his personality, and that is not bound by traditional patterns...The romantic movement that started at the close of the eighteenth century was a reaction against formalism of a period dominated by a mechanistic view of life.

Deutch 2002:150-151

Í þessari skilgreiningu eru mörg helstu einkenni rómantíkur, einstaklingshyggjan, innri heimur skáldsins og andsvar þess við klassík fyrri tíma. Þýskaland var þó meginuppspretta slíkra hugmynda og Goethe átti vin eins og Johann Gottfried Herder er setti fram kenningu um þjóðarandann sem átti eftir að marka spor í þróun bókmennta:

---

<sup>11</sup> *The Portable Romantic Poets* 1978:63

Samhliða uppgangi rómantísku stefnunnar í Evrópu vaknaði fólk til vitundar um að það tilheyrði ákveðinni náttúrulegri heild eða þjóð sem talaði sama tungumál og ætti sameiginlegan arf og sögu. Í þessu efni höfðu kenningar Herders og síðar þýska Heidelberg-skólans mikil áhrif. Herder hafði litið svo á að *þjóð* væri hin upprunalega, náttúrulega og lífræna heild sem ætti mál og anda sameiginlegan og fyrir byr þessara hugmynda eykst áhugi og virðing fyrir öllu sem kalla mátti þjóðlegt. Gilti það jafnt um þjóðkvæði, þjóðsögur og gamlar goðsagnir sem litið var á sem merkar heimildir frá liðinni tíð þegar fólk lifði í nánari tengslum við náttúruna.

Páll Valsson 1996:268-269

Þjóðernisvakning í bókmenntum og listum náði einnig til þjóðsagna og ævintýra. Grimmsbræður fóru þar í fararbroddi með útgáfu slíkra frásagna snemma á 19. öld. Þessi þjóðernisvakning einkenndist af upphafningu landsins og sögu hennar. Stærð lands minnti á mikilleika fólksins sem þar bjó og var einkenni hverrar þjóðar. Einstaklingurinn gat líka verið samnefnari hennar. Schiller orti m.a. um Wilhelm Tell, frelsishetju Svisslendinga, sem bjargaði þjóð sinni undan illmennsku með bogfimi sinni.<sup>12</sup> *Alpaskytta* Schillers minnir á þessa þjóðhetju en með öfugum formerkjum. Þetta er tveggja heim sýn þar sem skyttan heldur úr öruggu skjóli heimabyggðarinnar inn í óþekktan heim og hefur geit eina í skotfæri:

Und mit seinen Götterhänden  
Schützt er das gequälte Tier.  
„Mußt du Tod und Jammer senden“,  
Ruft er, „bis herauf zu mir?  
Raum für alle hat die Erde:  
„Was verfolgst du meine Herde?“

Schiller 1953-1956: I 189

Jötunn einn hótar skyttunni dauða ef hún láti ekki geitur sínar í friði. Hetjan verður frá að hverfa. Einstaklingurinn í framandi umhverfi eða í öðru landi var hluti rómantískrar sýnar. Vindur í trjám og lækjarniður urðu skáldum uppspretta ljóða og laga. Orðið

---

<sup>12</sup> Schiller 1953-1956 : I 211

rómantík vísaði upprunalega til þess að skrifa á móðurmálinu.<sup>13</sup> Fyrstu frjókorn rómantíkur spruttu í jarðvegi Þýskalands hjá Franz og August Wilhelm Schlegel en þar komst heitið rómantík á blað í tímariti þeirra undir lok 18. aldar.<sup>14</sup> August Wilhelm Schlegel taldi að maðurinn ætti að líkja eftir náttúrunni í list sinni í anda heildarhyggju.<sup>15</sup> Þórir Óskarsson bendir m.a. áhrif riddarabókmennta miðalda á rómantík:<sup>16</sup>

Upphafsmáður að slíkum túlkunum var Schiller með leikritinu *Die Jungfrau von Orleans. Eine romantische Tragödie (1802)* ...Orðið *rómantískur* skírskotar hér að öllum líkindum til sögutíma og yrkisefnis leikritsins sem er látið gerast í Provence um miðja 15. öld og greinir frá blindri stúlku af aðalsættum sem fær sýn fyrir kraft ástarinnar og skáldskaparins. Slík samsömun rómantíkur og efnis sem sótt er til evrópskra miðalda eða skrifað í svipuðum anda og miðaldabókmenntir var afar algeng í Evrópu á fyrri hluta 19. aldar og ekki þótti spilla fyrir ef ást og riddaraskapur fóru saman.

Þórir Óskarsson 1996:262-263

Farandskáld sungu oft um ástir og örlög þar sem tilfinningar voru hafðar í hávegum og slík skáld voru kölluð rómantísk. Tilgangur rómantískra bókmennta virðist oft sá að kynna framandi menningu andspænis viðteknum hugmyndum heimalandsins. Þar má nefna verk eins og Schillers þar sem hann staðsetur atburði í lok hundrað ára stríðs Frakka og Breta. Þá var Jóhanna af Örk var brennd á báli árið 1431 í Rúðuborg í Frakkalandi. Í leikriti Schillers verður Jóhanna tákn þjóðarinnar andspænis hinu breska konunglega valdi og deyr píslavættisdauða fjarri heimalandi sínu.<sup>17</sup> Í leikritinu kemur m.a. fram sýn Jóhönnu á eigið land í samskiptum sínum við Montgomery, sendimann Bretakonungs. Hún spyr um rétt erlendrar þjóðar til að undiroka aðra, leggja í rúst blómlegar byggðir og festa annað land eins og bát að þeirra eigin skipi. René Wellek skýrir þessa þjóðernisstefnu sem eins konar útlegð fólks sem þjappar því saman undir

<sup>13</sup> *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* 2008:222

<sup>14</sup> *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* 2008:222

<sup>15</sup> Árni Sigurjónsson 1995:266

<sup>16</sup> Þórir Óskarsson 1996:262

<sup>17</sup> Schiller 1953-1956:II 356 og 403

einu merki eða fána.<sup>18</sup> Slíkar hugmyndir bárust frá Þýskalandi yfir til Danmerkur. Yfirburðir einstaklings eða þjóðar voru í forgrunni:

Kvæðin eru að þessu leyti nátengd þjóðernisrómantikinni (*Nationalromantik*) þjóðarbyggingunni sem setur svip bæði á þýskar og norrænar bókmenntir á fyrstu þremur áratugum 19. aldar. Í dönskum bókmenntum eru ljóðabók Adams Oehlenschläger *Nordiske Digte* (1807) og rit Nikolais F.S. Grundtvig (1783-1872) um norræna goðafræði, *Nordens mytologi* (1808), oft látin marka upphaf stefnunnar.

Þórir Óskarsson 2008:394

Oehlenschläger hafði kynnst lífheildarkenningum Henriks Steffens og orðið nemandi hans.<sup>19</sup> Hjá Oehlenschläger er að finna áhrif frá loftlagskenningu Montesquieus, hvernig veðurlag mótar land og þjóð. Ekki þarf að leita lengi í kvæðum skáldsins til að finna slíka samsvörun. Í kvæðinu *Natur-Temperamenter* yrkir hann um kalda loftið í austri og í *Gamle Kiæmpe Cometes* um hitann frá sólu sem setja mark sitt á íbúana.<sup>20</sup> Árið 1805 hafði komið út bókin *Poetiske skrifter I-II*.<sup>21</sup> Þar lýsir Oehlenschläger hrifningu á Kaupmannahöfn, að engin borg standi henni á sporði frá Þrándheimi til Rómar.<sup>22</sup> Þessi þjóðerniskennd átti eftir að styrkjast enn frekar. Oehlenschläger gerði víðreist á árunum árið 1805-1809 og ferðaðist fyrst til Þýskalands.<sup>23</sup> Megintilgangur heimsóknar danska skáldsins var þó að hitta Steffens læriföður sinn sem þá var orðinn prófessor í Halle. Oehlenschläger varð fyrir vonbrigðum og fannst lærifaðir hans fullur af rómantískum grillum og kaþólskri trú. Schiller var þá allur, sem danska skáldinu þótti miður, en það hitti Goethe. Oehlenschläger tileinkaði sér sögulega nálgun Schillers og hina klassísku heimspekilegu hefð Goethes í skáldskap sínum.<sup>24</sup> Oehlenschläger ferðaðist síðan m.a. til Frakklands.<sup>25</sup> Hann var staddur í París í september 1807 þegar hann fréttir að Kaupmannahöfn væri í sárum eftir gegndarlausar árásir Englendinga. Hann yrkir þá kvæðið *De tvende kirketaarne* en efniviðið sótti hann í sögu frá

---

<sup>18</sup> Wellek 1973: 294-295

<sup>19</sup> Oehlenschläger 1979:8 (Indledning)

<sup>20</sup> Oehlenschläger 1926:38, 53

<sup>21</sup> *Danmarks litteratur I* 1870:115

<sup>22</sup> Oehlenschläger 1926:104

<sup>23</sup> *Danmarks litteratur* 1972:114

<sup>24</sup> *Danmarks litteratur* 1972:114

<sup>25</sup> Bull 1947:330

stórveldistíð Dana. Þar skopast hann m.a. að páfanum í Róm, en ljóst er að skáldið hefur í huga erfiða vörn landa sinna í Danmörku því það segir í næstsíðasta erindi kvæðisins:

Christ signe den ædelig Danneqvinde!  
Hun hvilis for Altret i Kirke,  
Hun satte tvende mægtige Taarne  
Paa Dannemarks Dannevirke.

Oehlenschläger 1926:81

Eitt þekktasta kvæði Oehlenschlägers *Fædrelandssang* (*Det er et yndigt Land*) sem hann yrkir fáeinum árum síðar sýnir þessa þróun líka frá lífheildarhyggju til þjóðerniskenndar.<sup>26</sup> Þar talar hann um gömlu Danmörku og minnst m.a. stríða landsins. Þessi þjóðernisvakning spratt ekki síst af dvöl skáldsins í erlendu landi og hnignun Danmerkur sem einveldis.

Önnur skáld eins og presturinn N.F.S. Grundtvig var enginn eftirbátur Oehlenschlägers í hrifningu sinni á þýskri rómantík. Eins og Oehlenschläger ferðaðist hann til Þýskalands, Parísar og Rómar á árunum 1817-1819.<sup>27</sup> Oehlenschläger og Grundtvig áttu fleira sameiginlegt, urðu báðir miklir þjóðernissinnar. Eitt frægasta kvæði Grundtvigs *Til Danmark* sýndi föðurlandið sem eftirsóknarverð heimkynni þar sem lega þess og náttúra voru lofuð.<sup>28</sup> Þar réði ógn annarra hervelda við frelsi þjóðarinnar. Gegn stríðandi þjóðum og andúð á yfirráðum þeirra litu jafnvel þeirra eigin skáld land sitt nýjum augum. Einstaklingurinn var eins og ungi í eggri ríkisins og hvortveggja var spillt. Rómantísk einstaklingshyggja rann þar saman við skáldlegt raunsæi og þá jafnvel gagnrýni á stjórnvöld fjarri heimalandi.

Skáldið Lord Byron flutti alfarinn frá Englandi árið 1816 og sá land sitt aldrei frammar.<sup>29</sup> Byron var staddur í Feneyjum á Ítalíu þegar orti kvæðið *Beppo*, en það byggir á svikum sem birtast í framhjáaldi.<sup>30</sup> Samkvæmt því sem fræðimaðurinn Harold Bloom segir fékk skáldið hugmyndina úr ljóði eftir John Hookham Frere árið 1817. Byron talar sjálfur í bréfi til útgefanda síns um eftirlíkingu af kvæðinu. Bloom segir að í kvæði

---

<sup>26</sup> Oehlenschläger 1926:102

<sup>27</sup> *Danmarks litteratur* 1972:128

<sup>28</sup> Grundtvig 1933:176

<sup>29</sup> Bull 1947:347

<sup>30</sup> Bloom 1983:255

Byrons sé skopast að hetjuímyndinni og kvæðið sé *satíra* með raunsæislegum undirtóni.<sup>31</sup> Kvæðið minnti á ástarmál skáldsins og útleið á Ítalíu:

This provides a contrast for a backward glance at England, with its “harsh northern whistling, grunting guttural,” its “cloudy climate” and “chilly women. “ Remembering the circumstances of his exile, Byron shrugs himself off as “broken Dandy lately on my travels” and takes Laura and the Count, after a six-year relationship, off to a Carnival ball, where Laura encounters a Turk who is the returned Beppo.

Bloom 1983:257

Ástarþríhyrningurinn er þó aðeins hluti kvæðisins en meðfram er Byron að skjóta á frelsi stórvelda og misnotkun þeirra. Þar kemur loftslag og slæm stjórnsýsla við sögu. Fyrst fer skáldið í sögu heimalandsins en þar leynir kaldhæðnin sér ekki:

“England! With all thy faults I love thee still,  
I said at Calais, and have not forgot it;  
I like to speak and lucubrate my fill;  
I like the government (but that is not it)  
I like the freedom of the press and quill;  
I like the Habeas Corpus (when we’ve got it);  
I like a Parliamentary debate,  
Particularly when ’tis not too late.

Byron 2001:610

Byron ræðir opinskátt um frelsi fjölmiðla og skopast að þingræðinu breska sem er þungt í vöfum. Í næsta erindi telur Byron upp allt það sem hann saknar frá heimalandinu en þar eru ensk stjórnvöld dregin sundur og saman í háði.<sup>32</sup> Hann talar um að honum líki skattarnir heima ef þeir eru ekki of margir, kolin dýru ef þau koma ekki of nærri holdinu. Þá minnst hann á veðrið heima sem er gott svo lengi sem ekki rignir of mikið. Að síðustu óskar hann þess að guð bjargi kirkju, kóngi og staðgengli hans! Fleiri heimsveldi fá líka á baukinn hjá Byron. Napóleon hafði lengi verið sveipaður

---

<sup>31</sup> Bloom 1983:255

<sup>32</sup> Byron 2001:610

rómantískum ljóma en þegar Byron yrkir kvæðið var veldi einræðisherrans liðið undir lok. Byron hefur líka fengið aðra sýn á yfirráð Napóleons líkt og Beethoven. Tónskáldið hafði upprunalega tileinkað eina sínfóníu sína Napoleon en snúist hugur þegar hann sá það blóðbað sem fylgdi valdaferli einræðisherrans. Í dag þekkjum við tónverkið aðeins sem hetjusinfóníuna. Eins og tónskáldið hefur Byron sínar efasemdir um gildi einstaklingsins. Þar birtist okkur líka hinn norræni Þór og hamarinn hans. Byron hefur komist í kynni við norrænar bókmenntir og þá hugsanlega Snorra-Eddu:

Crushed was Napoleon by the northern Thor,  
Who knocked his army down with icy hammer,  
Stopped by the Elements – like a Whaler - or  
A blundering novice in his new French grammar;  
Good cause had he to doubt the chance of war,  
And as for Fortune – but I dare not d-n her,  
Because, were I to pounder to Infinity,  
The more I should believe in her Divinity.

Byron 2001:613

Þarna eru líka frumöflin og þá tengd örlögum einstaklingsins. Byron minnir líka á að stundum þarf lítið til að þjóðir lendi í stríðsátökum og þar sé erfiðara að friðmælast en vígbúast.

Síðasta stig rómantískra hugmynda fékk útrás í útlistningum á duldum heimi sem er stillt upp andspænis þeim sem við þekkjum. Einstaklingur yfirgefur land sitt eða heimili og hverfur inn í annan heim þar sem hann finnur sig gjarnan í hættu. Herder greindi m.a. stundum á milli *rómantíkur* og hins *gotneska*.<sup>33</sup> Orðið gotneskur (e. gothic) vísaði til hrollvekjunnar, hins ímyndaða og þá yfirnáttúrulega og birtist mest í skáldsögum á tímum upplýsingarinnar en þróaðist líka hjá ljóðskáldum síðrómantíkur. Fræðikonan Rosemary Jackson fjallar m.a. um þennan meið rómantíkur í bók sinni, *Fantasy: The Literature of Subversion*:

---

<sup>33</sup> Wellek 1983:132

There are many different stages in the development of a Gothic tradition, from 'Enlightenment' Gothic to a more internalized psychological narrative. Changes in Gothic can be seen as corresponding to a slow diminution of faith in supernaturalism.

Jackson 1993:97

Ímyndunarafl rómantísku skáldanna fékk m.a. útrás í sagnagerð eins og hrollvekjum. Rosemary Jackson segir um þessa þróun rómantíkur í bók sinni *Fantasy* að þróun rómantíkur birtist m.a. í verkum M.G. Lewis og Mary Shelley þar sem einstaklingurinn á í sálarstríði og er að kljást við erfiðar félagslegar aðstæður.<sup>34</sup> Í skáldsögu Marys Shelleys *Frankenstein* var hið dauða vakið til lífsins með skelfilegum afleiðingum. Maðurinn reyndist ekki vera jafn góður skapari og guð. Snillingurinn var kominn út á götuna og ráfaði um strætin. Þar var hætta við hvert fótímál. Hið framandi umhverfi gat líka verið sjórinn og háski honum tengdur. Hafsvæðin voru stór, háski og dauði fylgifyskur sjómenskunnar. Kvæðið Heinrichs Heines *Lorelei* var dæmigert en þar er áin Rín vettvangur kvæðisins. Þar fórust mörg skip í grynningum við klett einn, en nafn hans var síðan yfirfært á konuna í þessari eldgömlu þjóðsögu. Heine mun hafa ort kvæðið upp eftir Löben greifa, gömlu skáldi en gert þar betur.<sup>35</sup> Konan *Lorelei* lokkar menn í dauðann. Í kvæði Heines er sú sýn að einstaklingurinn sé staddur í fjandsamlegu umhverfi fjarri heimahögum og þess vegna auðveld bráð konunnar.<sup>36</sup> Aðstaða Heines heima fyrir var sem útlendingsins. Hann varð fyrir aðkasti í Þýskalandi vegna þess að hann var gyðingur. Þannig var hann efstur á bannlista yfir skáld sem ekki mátti gefa út.<sup>37</sup> Heine flutti þá til Frakklands og bjó þar frá 1831 þar sem hann taldi sig geta bætt samband Þýskalands við hið franska ríki. Þegar til Frakklands kom kvæntist hann um síðir franskri konu sem hafði takmarkaðan áhuga á skáldskap hans þó samband þeirra yrði með ágætum. Í Frakklandi yrkir hann m.a. ljóðabálkinn *Neue Gedichte* sem út kom árið 1844. Þar er að finna kvæðið *Lebensfahrt* sem hann hafði ort ári fyrir í París.<sup>38</sup> Í þessu kvæði er hann staddur við ána Signu og finnst hann vera bundinn í báða skó:

---

<sup>34</sup> Jackson 1993:97

<sup>35</sup> Alexander Jóhannesson 1919:XXIV-XXV

<sup>36</sup> Heine 1968: I 107 ; sjá Heinrich Heine *Sämtliche Schriften* I-VI 1968-1975.

<sup>37</sup> Páll Valsson 1999:97

<sup>38</sup> Heine 1971: IV 951; sjá líka Jónas Hallgrímsson 1989: IV 210-211

Der Kahn zerbrach in eitel Trümmer,  
Die Freunde waren schlechte Schwimmer,  
Sie gingen unter, im Vaterland;  
Mich warf der Sturm an den Seinstrand.

Heine 1971: IV 420

Í kvæðinu kemur mikil þörf fyrir að komast heim til föðurlandsins. Þar á líka ást hans að vera samkvæmt kvæðinu. Ef til vill hafði hann í huga frænku sína, Amalie sem var æskuást hans en hún mun hafa hryggbrotið hann. Erfitt er þó að slá því föstu að þessi stúlka eigi í hlut. Heimalandið er séð eins og í bjarma af því að stúlkan hans á að búa þar. Þetta er sýn útlendingsins á fljótið Signu. Frá þessari rómantísku sýn til skáldlegs raunsæis er kvæðið *Mir loder und wogt* sem hann orti á síðasta hluta ævi sinnar.<sup>39</sup> Þar fjallar hann m.a um konu sína, sem hann nefndi Matthildi.<sup>40</sup>

Der Bursche behauptet, er sei ich selbst,  
Wir wären nur eins, wir beide,  
Wir wären ein einziger armer Mensch,  
Der jetzt am Fieber leide.

Nicht in der Schenke von Godesberg,  
In einer krankenstube  
Des fernen Paris befänden wir uns -

Heine 1975: VI 329

Kvæði af þessum toga mörkuðu líka viss lok innri leitar skálda. Fólk var komið út að ystu mörkum sálarinnar og afleiðingarnar urðu öfgar í hina áttina. Víða í Evrópu var kreppa í efnahags- og atvinnumálum. Rómantíska stefnan lifði lengur á Norðurlöndum þar sem hún birtist sterkast í skáldsögum og ljóðagerð og tengdist þar stríðum og frelsisbaráttu einstakra þjóða.

---

<sup>39</sup> Úr kvæðasafninu *Nachgelesene Gedichte* 1845-1856.

<sup>40</sup> Raddatz 1997:328

Raunsæisstefnan kom fram í Frakklandi á tímum einveldis. Mikil fátækt ríkti þá í frönskum borgum. Með júlíbyltingunni árið 1830 jókst mjög andóf gegn valdi konungs og gegn kirkjunni sem stofnun. Gustave Planché notaði einna fyrstur orðið *raunsæi* í tengslum við bókmenntir og vísaði þá til lýsinga á efnishyggju í skáldverkum.<sup>41</sup> Eitt af fyrstu frönsku skáldunum sem beittu raunsæi í verkum sínum var Marie-Henry Beyle Stendhal en hann taldi að höfundurinn ætti að láta minnst fyrir sér fara í verkinu.<sup>42</sup> Viðhorf hans var þó sprottið af veru í Mílanó á Ítalíu þar sem hann fékk líka aðra sýn á Frakkland. Stendhal varð andsnúinn rómantískri ást þótt hann viðurkenndi að Ítalir ættu líka, eins og Frakkar, til að missa fótanna á vegum tilfinninganna. Hann var síðar m.a. þekktur fyrir hlutlægar lýsingar í verkum eins og *Le Rouge et le Noir (Rautt og svart)*.<sup>43</sup> Sjálfur lýsir hann þessari skáldsögu sinni sem spegli þar sem almúginn fær jafnmikið rými í nákvæmum lýsingum og fyrirfólkið.

Í heimalandi hans setti franskur heimspekingurinn Auguste Comte fram hugtakið *positivisme* á fjórða tug 19. aldar fram á miðja öldina í bókum sínum eins og *Cours de philosophie* og *Système de politique positive*.<sup>44</sup> Comte skipti mannsævinni m.a. í bernsku, unglings- og fullorðinsár og hafði þá í huga reynsluheim mannsins. Hann hélt því fram að á endanum yrði mannsandinn ofar guðstrú. Annar maður sem lagði lóð á vogaskálarnar var Frakkinn Hippolyte Taine. Hann var einna fyrstur til að skoða samband bókmennta og lista við þjóðfélagsgerð og einnig hvernig fólk væri afsprengi þeirra samfélaga sem ól það.<sup>45</sup> Taine taldi að erfðir, umhverfi og tími hefðu afgerandi áhrif á það hvernig líf mannsins þróaðist.

Rithöfundar á meginlandi Evrópu reyndu að varpa ljósi á raunveruleikann í bókum sínum eins og Dickens, Thackeray, Reuter, Gogol og Balzac.<sup>46</sup> Þar lá þungamiðjan í áþreifanlegum lýsingum á smáatriðum í lífi fólks. Balzac var einna fyrstur til að taka fyrir félagsleg vandmál borganna eins og hjónabandið í stórvirkinu *Mannlegi skopleikurinn (Comédie humaine)* þar sem einstaklingarnir eru jafn frjálsir og

<sup>41</sup> Wellek 1973:227

<sup>42</sup> Árni Sigurjónsson 1995:270–271

<sup>43</sup> Árni Sigurjónsson 1995:332

<sup>44</sup> Ingi Sigurðsson 2006:278–279

<sup>45</sup> Árni Sigurjónsson 1995:346

<sup>46</sup> Norborg 1986:175

fiskar í glerbúri.<sup>47</sup> Í einu af frægasta verki Honorés de Balzacs, *Brostnum vonum* (*Glataðar tálsýnir*) er m.a. fjallað um ljóðskáld:<sup>48</sup>

Skáldskapur skiptir miklu í verkinu: David og Lucien dreymir báða um að verða skáld, og sá síðarnefndi heyr lengi vonlausa baráttu fyrir útgáfu ljóða sinna. Hafa má í huga að franska ljóðlistin hafði á þessum tíma á sér svip afturhvarfs, andstöðu við hugmyndafræði stjórnarbyltingarinnar miklu. Pierre Barbéris bendir á að „Í myndlist og ljóðlist hafði byltingin verið þunglamaleg, akademísk og skróðmálg. Hin sanna ljóðlist hlaut að verða vopn fórnarlambanna og útlaganna.“ En það þýðir líka að ljóðlistin var bókmenntaform hins sögulega ósigurs, og einmitt þess vegna gat hún ekki fullnægt Lucien til lengdar, jafn upptekinn og hann var af henni í fyrstu.

Halldór Guðmundsson 1987:195

Hér er lýst m.a. stöðu ljóðskálda sem lifa á jaðri samfélagsins, eru eins og útlendingar í eigin landi. Sýn þeirra er sem glataðra snillinga er stranda á skerjum veruleikans. Í verkinu er dregin upp sú mynd af borgarasamfélaginu að þar sé framleiðni lítil og að það samanstandi af verslunarfólki, fjármálamönnum og lögmönnum sem misnoti kerfið og hafi fé af öðrum.<sup>49</sup> Útlistingar Balzacs voru mjög í anda Taines. Listamönnum bar að sýna hlutina án tilfinningasemi, þar réði krafan um hlutlægan stíl. Fleiri urðu til að leggja stefnunni lið. Frakkarnir Courbert og Champfleury settu fram í ritgerðum sínum sum af grundvallarviðhorfum raunsæisstefnunnar:

In these writings a definite literary creed is formulated which centers on a very few simple ideas. Art should give a truthful representation of the real world: it should therefore study contemporary life and manners by observing meticulously and analyzing carefully. It should do so dispassionately, impersonally, objectively. What had been a widely used term for any faithful representation of nature now becomes associated with specific writers and is claimed as a slogan for a group or movement.

Wellek 1973:228

---

<sup>47</sup> Árni Sigurjónsson 1995:340

<sup>48</sup> Halldór Guðmundsson 1987:187

<sup>49</sup> Halldór Guðmundsson 1987:191

Mikilvægust var raunsæisleg sýn á heiminn með vægðarlausum rannsóknum á samfélaginu. Þessar fjölmörgu hugleiðingar urðu forsenda raunsæisstefnunnar en hún gekk í berhögg við hughyggjuna. Margir listamenn sem höfðu séð í hillungum lýðræði urðu fyrir miklum vonbrigðum og fóru að útlista franskt samfélag, kryfja það til mergjar.

Hugmyndir Frakka um frið í landi sínu urðu þó að engu með stjórnarbyltingunni árið 1848 og valdatöku Napóleons III. Margir listamenn sem vonast höfðu eftir lýðræði urðu fyrir vonbrigðum og fluttu af landi brott. Meðal þeirra var Victor Hugo sem flutti til Belgíu og þar fékk hann aðra sýn á franskt samfélag. Í ljóðabókinni *Les Contemplations* harmar hann m.a. byltinguna því hún leiddi til valdatíma Napóleons III.<sup>50</sup> Útlegðin og ný sýn á heimalandið varð til þess að Viktor Hugo fór að beina spjótum sínum að því sem miður fór í frönsku samfélagi. Verkið sem hleypti öllu í bál og brand var *Les Misérables (Vesalingarnir)*. Þar deildi hann m.a. á fangelsismál og stéttaskiptingu í Frakklandi. Þessi tveggja heima sýn breytti skáldi, sem áður hafði tilheyrð síðrómantíkinni, í talsmann félagslegs réttlætis. Victor Hugo snéri ekki aftur heim fyrr en konungsvaldið var fallið.

Charles Baudelaire sagði eitt sinn að kveðskapur væri eini raunveruleikinn.<sup>51</sup> Önnur frönsk skáld, eins og Rimbaud, gerðust líka höll undir raunsæisleg viðhorf og þar réði ekki síst stríðið milli Prússa og Frakka sem var andstætt þeim jöfnuði og friði sem átti að ríkja í samfélaginu. Ljóðskáldið Rimbaud benti á vandkvæði þess að hafa samvisku í verkum sínum og hve erfitt væri að fanga veruleikann, gera hann trúverðugan í texta.<sup>52</sup> Raunveruleikann var ekki hægt að túlka nema að taka fyrir félagsleg vandmál sem ógnuðu tilvist fólksins. Raunsæið var komið til að vera, þar sem yfirvald varð þyrnir í augum margra skálda og listamanna.

Þessar hugmyndir bárust um allt meginland Evrópu og þá einnig til Norðurlandanna. Einn helsti frumkvöðull raunsæisstefnunnar þar varð Georg Brandes. Hann hafði upprunalega verið hlynntur rómantísku stefnunni og skáldum eins og Goethe og Heine.<sup>53</sup> Eins og sum frönsku skáldanna sem tóku afstöðu gegn einveldi og síðar stríðum, kemur snemma fram andóf Brandesar gegn hernaði. Brandes var þá staddur við nám erlendis. Í kvæðinu *Til en tysk pige* virðist hann fjalla um ástina.

---

<sup>50</sup> *La France et ses écrivains* 1957:311

<sup>51</sup> Grant 1985:48

<sup>52</sup> Grant 1985:13–14

<sup>53</sup> *Danmarks litteratur* 1972:189

Undirtónninn er þó ádeila á stríð Þjóðverja og Dana um Slésvík-Holstein og þeim boðskap að hverri þjóð sé betra að lifa út af fyrir sig:

Men hvis du skulde mig en Fremmed være,  
og stammed du da blot fra vore Frænder,  
fra et af Brødreigerne de kjære,  
da holt, skjønt fremmed, du vort Land i Ære  
og hørte med til vore bedste Venner.  
Men ak! din Vugge stod blandt vore Fjender.  
Der brænder mellem os Nationers Had –  
saa lad os da i Stilhed skilles ad.

Brandes 1898:39<sup>54</sup>

Brandes hæðist líka á raunsæislegan hátt að einveldi konunga og keisara eins og t.d. í kvæðinu *Feberdrømme (Óráð)* og talar þar um hvernig frelsi er fótum troðið af erlendu herveldi.<sup>55</sup> Brandes sagði löngu síðar að land og nafn yrði sem söngur í þjóðarsálinni sem hljóðnaði þegar utanaðkomandi öfl slægju eign sinni á landið.<sup>56</sup> Brandes kynnti sér vel franskan veruleika og skoðaði m.a. verk Taines, Georges Sands og Balzacs sem mjög lögðu upp úr raunsæislegum lýsingum í verkum sínum. Brandes skrifaði raunar doktorsritgerð sína um Taine og ferðast um England, Frakkland og Ítalíu árið 1870. Hann umgekkst Taine en líka menn eins og John Stuart Mill sem þekktur var fyrir hugmyndir sínar um frelsi til handa öllu fólki og ekki síst konum.<sup>57</sup> Hugmyndir Brandesar voru því að mörgu leyti sprotnar af dvöl erlendis. Í formála að kvæðum hans koma líka fram sterk tengsl við franska bylgju natúralismans, því Brandes segist hafa verið skáld skúffunnar, eins og til að minna á stöðu ljóðskálda og stéttaskiptingu samfélagsins:

---

<sup>54</sup> *Brandes Ungdomsvers*. Hér er vísað til annars hluta verksins.

<sup>55</sup> Brandes 1898:92–94

<sup>56</sup> Brandes 1912:1

<sup>57</sup> *Danmarks litteratur* 1972:189–190

De kommer mig derfor saare lidet ved, sem jeg paa mit nærværende Udviklingstrin er; jeg betragter dem, omtrent som Zola betragtede de Ungdomsvers, han i sin Tid overlod Paul Alexis som Bilag til en literær Levnedbeskrivelse – som en Haandfuld tørrede Blomster, der har ligget gjemte og halvvejs glemte i en Skuffe og kun har Interesse som Illustration til Ejerens Føleliv. Eller rettere disse Vers er som Aske og Gløder, det Tiloversblevne, Nedslaget, Residuet efter engang levende Flammer. Gløder i Asken kunde Samlingen hedde.

Brandes 1898:2

Brandes minnir líka á að það sé skynsamlegt að rata um bókmenntaskóginn, halda jafnvel til baka og finna gullin sín, virkja neistann, láta reyna á hvort hann geti orðið sá eldur sem bókmenntaunnendur geti yljað sér við í samtíðinni.

George Brandes flutti fyrirlestra í Kaupmannahöfn 1871 sem hann kallaði *Hovedstrømminger i det nittende århundredes litteratur*.<sup>58</sup> Þetta verk kom raunar út á árunum 1872–1890 og hafði gríðarleg áhrif á Norðurlöndum, ekki síst vegna fjölbreytileika þessa stórvirkis.<sup>59</sup> Fyrsta bindið fjallaði m.a. um Frakkland í byltingunni og í öðru bindinu var hinn rómantíski skóli Þýskalands til umfjöllunar með sérstakri áherslu á verk Heines. Í þriðja hlutanum var fjallað um Frakkland eftir byltinguna og í því fjórða náúralismann á Englandi, sem Brandes telur hefjast með raunsæislegum hugmyndum Lords Byrons á erlendri grund.

Grundvallarhugsun Brandesar var að kynna raunsæisstefnuna þar sem félagsleg vandmál væru krufin til mergjar í borgarsamfélagunum. Beindi hann ekki síst spjótum sínum að stofnunum ríkis og kirkju sem færu illa með einstaklinginn. Í þriðja bindi áður nefnds verks hans var náúralisminn sérstaklega fyrirferðarmikill og Brandes hafði þar áhrif á önnur dönsk skáld. Holger Drachmann hafði kynnst jafnaðarhugsjónum á Englandi þar sem hann dvaldi m.a. í Soho.<sup>60</sup> Með raunsæisstefnunni var hinu yfirnáttúrulega sagt stríð á hendur og einstaklingurinn hvattur til að ganga raunsæinu á hönd, horfast í augu við veruleikann. Þessa sýn setur Drachmann fram í erlendu landi eins og fram kemur í kvæðinu *Engelske Socialister*:

<sup>58</sup> *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* 2008:211

<sup>59</sup> *Danmarks litteratur* 1972:190

<sup>60</sup> *Dansk Litteratur Historie* 1971:100

„Guds Død! Hvi kende I ej Eders Styrke  
Hvi fordre I ikke med tusinde Stemmer  
Af Guldkalven, som vore Bøddler dyrke,  
Et saftigt Stykke, en Mørbradsskive;  
De sende os Prester med pibede Kraver: –  
Her er Biblen til Eders slunke Maver“.

Drachmann 1921:13

Drachmann hafnar eilífðinni, guðlegri forsjá og prestastéttinni, en hallar sér að *Darwinisma*. Þetta kvæði birtist í bók Drachmanns, *Digte* árið 1872 en í annarri útgáfu kvæðanna árið 1896 segir hann að George Brandes hefði snúið honum til skáldskapar og m.a. hvatt hann til að yrkja kvæði sem mjög voru í anda raunsæisskáldanna.<sup>61</sup> Drachmann mátti ekkert aumt sjá, var í eðli sínu mannvínur og fór það vel saman við hugmyndafræði stefnunnar:

En nogenlunde fast træk i Drachmanns karakter er hans sympati med folket, de simple og „naturlige“ mennsker, i modsætning til det satte borgerskab og det fine selskab som han i reglen viste sin foragt.

*Danmarks litteratur* 1972:199

Í slíku andrúmslofti varð til afsprengi raunsæisins, *naturalismi* sem vísaði til náttúru og landslags. Upptökin voru í heimi málverksins:

Hugtakið natúralismi var fengið að láni hjá málaralistinni og hugtakið impressjónismi er einnig komið þaðan. Árið 1874 sýndi Monet verk sitt *Impression au soleil levant* í París og var nafn verksins notað til að lýsa stefnu í myndlist, stefnu sem leitaðist við að tjá augnabliksáhrif samspils ljóss og lita. Málariinn skyldi festa áhrif skynjunarinnar á pappírinn. Teikningin (útlínan) var lögð til hliðar en litirnir látnir gegna aðalhlutverkinu.

Þórður Helgason 1978:23

---

<sup>61</sup> *Dansk Litteratur Historie* 1971:102

Dönsk skáld sóttu mikið til Frakklands þegar þróun raunsæisstefnunnar átti í hlut. Skáldið Herman Bang var einn þeirra sem hafði kynnt sér franskar bókmenntir, t.d. verk Emil Zola og Balzacs.<sup>62</sup> Hann lét sér það ekki nægja heldur skrifaði um þá ritgerðir og tók upp raunsæisleg vinnubrögð í stað hugsýnnar rómantíkur. Hann kynnti raunsæisstefnuna í verkum eins og *Realisme og Realister* og *Kritiske Studier* sem hann skrifaði undir lok áttunda áratugar 19. aldar.<sup>63</sup> Sýn Bangs var þó ólík Georgs Brandesar að því leyti að Bang lagði megináherslu á aðferð höfundanna, hlutlægan veruleika þar sem þeir sjálfir væru sem minnst sjáanlegir í textanum en þeim bæri ekki að boða lesendum flokkadrætti né siðferði.<sup>64</sup> Um svipað leyti fer hann að yrkja kvæði. Þar er líka nálgunin á raunsæislegum nótum en einnig nýjabrum:

Den findes i en avisartikel fra 1883, der handler um Brandes' literatursyn. I indledningen står der følgende: „Vi er blevne forfærdede over at læse Ord sem „Symbol paa Samfundets Uret“ eller som: „En ædel ung Pige repræsenterer Retsfølelsen og Barmhjertigheden“. Vi indsaar, at vi stod overfor noget, sem ikke mere tilhørte os“. Bang reagerer på er ordene „symbol“ og „repræsentation“. I dem er en hel forældret æstetisk tænkning indlejret. Repræsentativitet er ikke længere en selvfølge og symbolets synteser tilsvarende problematiske.

Sørensen 2005:90

Vandinn við að nálgast hið raunsæja er brúin milli hinnar meðvituðu sýnar og hugarflugs skáldsins. Sú sýn er jafnan brothætt og þess vegna gæti táknsæi verið eins konar áttaviti. Hér má benda á verkið *Digte* og *Mikael* þar sem Bang veltir vöngum í anda Zola hvað megi segja í kvæði og hvað eigi að vera ósagt.<sup>65</sup> Slíkar hugleiðingar voru eins og undanfari þessarar stefnu sem tók að ryðja sér rúms. Skáldin hættu að segja allt í kvæðum sínum, en fóru að nota óræð tákni og annað slíkt sem gerði meiri kröfur til lesandans og túlkunar hans á textanum.

Nýrómantíkin varð andsvar við raunsæisstefnunni. Upp úr þessum jarðvegi spratt táknsæið, lykilorð nýrómantíkurinnar. Symbólisminn varð til sem stefna með skáldinu J. Moréas í blaðagrein árið 1885.<sup>66</sup> Á síðustu áratugum 19. aldar hafði orðið til

<sup>62</sup> *Dansk Litteratur Historie* 1971:230

<sup>63</sup> Sørensen 2005:87

<sup>64</sup> Þórir Óskarsson 2009:339

<sup>65</sup> *Dansk Litteratur Historie* 1971:239

<sup>66</sup> *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* 2008:271

bókmenntastefna í Frakklandi sem tengdi sig úrkynjun (*decadence*) og ruddi sér til rúms við lok aldarinnar (*fin de siècle*). Nýrómantísku skáldin töldu að þarfir einstaklingsins hefðu orðið útundan. Nýrómantísku skáldin aðhylltust því svokallaðan lífsnautnastefnu (*hedonisma*) eða lífsstíl sem tengdist hugmyndum um *bóhem* sem einnig urðu til í Frakklandi á síðari hluta 19. aldar. Orðið *nýrómantík* var þó einkum notað í Þýskalandi og á Norðurlöndunum.<sup>67</sup> Menn aðhylltust kenningar Friedrichs Nietzsches, hugmyndir um gildi ofurmennis, óbeislað ímyndunarafli einstaklingsins sem hefði sig yfir fjöldann.<sup>68</sup> Örn Ólafsson segir í bók sinni *Seiðblátt hafði*:

En víða er því haldið fram, að fyrr fram komnar kenningar Schopenhauers (1788–1860) birti hugarfar stefnunnar vel; bæði um það atriði, að hugmyndir fólks ráði miklu um skynjun þess á heiminum, sem sé þá ekki bara hlutlægt fyrirbæri (*Heimurinn sem vilji og hugmynd* hét eitt verka hans, 1819), og einnig fundu menn í ritum hans kerfun á bölsýni, sem mjög hafði gætt á síðustu áratugum aldarinnar, m.a. í Danaveldi í efnahagskreppu 9. áratugs 19. aldar og undir einræðisstjórn Estrups fram um aldamót. Síst mun útlitið hafa verið bjartara á Íslandi á harðindaárum og fólksflutnings til Ameríku á 9. áratug 19. aldar.

Örn Ólafsson 2008:27

Nýju skáldin sóttu í lífsstíl sem þekktur var í Frakklandi á 19. öld og þar höfðu frönsku skáldin eins Charles Baudelaire og Paul Verlaine mikil áhrif á nýrómantíkina. Raunsæishöfundunum, sem lagt höfðu svo hart að sér að skapa betri samfélög, hafði mistekist að lækna samfélagsmeinin. Symbólistarnir fóru líka gegn gömlu rómantíkinni þar sem skáldskapur rómantísku skáldanna næði ekki að fanga tilfinningalíf stórborganna, sem einkenndist af einsemd fremur en uppbyggilegum samskiptum. Í mörgum kvæðum nýrómantíkur var því manneskjan sýnd ein án guðlegrar forsjár. Nýrómantísku skáldin urðu því bölsýnni og skáldskapurinn innhverfari. Fræðimaðurinn Terry Eagleton segir að þau hafi gripið meira til myndhverfinga til að skýra veröldina.<sup>69</sup> Árni Sigurjónsson bendir á að táknsæisstefnan hafi runnið saman við móðernismann enda einstaklingurinn oft sýndur sem firrtur og ástlaus í umhverfi sínu.<sup>70</sup>

<sup>67</sup> *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* 2008:194

<sup>68</sup> *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* 2008:194

<sup>69</sup> Eagleton 2007:14–15

<sup>70</sup> Árni Sigurjónsson 1995:273

Í Danmörku tóku skáldin nýrómantíkinni síður en svo sem sjálfsgæði. Mörg þeirra höfðu spröttið upp úr náttúruleiknum eins og skáldið Sophus Claussen sem skrifaði m.a. ljóðasafnið *Náttúrubörn*. Hann ferðaðist m.a. um Frakkland og Ítalíu og í ferðabókum hans kemur fram að hann hreifst af franskri lýrík.<sup>71</sup> Í tveggja heima sýn snéri hann sér að táknsæi og í orðum hans og fleiri danskra skálda koma mörg af einkennum nýrómantíkur fram sem áttu eftir að setja mark sitt á stefnuna á Norðurlöndum:

De har ikke samme livsfilosofi Sophus Claussen betragter symbolisme som noget rent kunstnerisk, som den kunst „at fremkalde indtryk og stemninger uden direkte at skildre den *suggestive* kunst“ mens Johs. Jørgensen i sin programartikel „Symbolisme“ rent ud skriver, at det drejer sig om „troen på en metafysik, en anden verden, et hinsides“, og at kunstnerens evne består i at „hans sjæl genkender bag de timelige ting den evighed, hvoraf hans sjæl er udsprungen“...Til gengæld er der en anden halvfemser-digter, Helge Rode, som senere bliver den førende modstander af Brandes og det naturvidenskabelige livssyn.

*Danmarks litteratur 1972:217–218*

Claussen talar hér um hughrif og blöndun skynsviða til að skapa stemmingu. Jørgensen aðhyllist æðri heim og trú á mátt sálarinnar í tveggja heima sýn. Þarna var komin heimur náttúru eins og álfa og trölla og annarra yfirnáttúrulegra afla. Danska skáldið Helge Rode kynntist nýrómantíkinni m.a. á Ítalíu þar sem hann hafði kynnst Edith, vinkonu sinni sem seinna varð kona hans og giftust þau árið 1902. Á fyrstu áratugum 20. aldar var ófriðlegt um að litast í Evrópu sem endaði með fyrri heimsstyrjöldinni. Í þessu brjálæði stríðs fékk hugmynd Friedrichs Nietzsches um dauða guðs byr undir báða vængi. Helge Rode beitti slíku táknsæi í ljóðum sínum í eins og í ljóðabókunum *Digte, gamle og nye* (1907) og *Ariel* (1914) þar sem nafn þeirrar bókar átti að vísa til mannsálarinnar.<sup>72</sup> Í ljóðum Rodes er dauðinn nokkuð fyrirferðarmikill. Þar nægir að nefna *Barndommens have* þar sem skáldið fjallar um einstakling sem upplifir dauðann í fyrsta skipti og *Den druknede* sem minnir á hverfuleika lífsins en endurspeglar líka þá styrjaldartíma sem Danir komust ekki hjá að verða varir við enda Þýskalands á næstu grösom. Eftir styrjöldina tók við atvinnuleysi og fátækt á meginlandi Evrópu.

<sup>71</sup> *Dansk litteratur Historie 1971:220–221*

<sup>72</sup> *Danmarks litteratur 1972:226*

Afleiðingin varð heimskreppa sem hófst í Bandaríkjunum en breiddist út um heiminn. Við tók bókmenntaskeið sem mótaðist af stéttabaráttu og félagslegu raunsæi.

## II Íslensk ljóðagerð frá 1800-1930

### 2.1 Rómantíkin í ljósi sjálfstæðisbaráttunnar

Þegar 19. öldin gekk í garð höfðu Danir ráðið yfir Íslandi öldum saman. Þá voru að baki erfiðir tímar í sögu þjóðarinnar. Íslenskir embættismenn, sem áttu erindi við dönsku stjórnina, þurftu oft að fara til Danmerkur. Sömu sögu var að segja af íslenskum stúdentum sem gátu aðeins stundað háskólanám þar ytra. Þetta fólk, fyrst og fremst, flutti með sér nýja menningarstrauma til Íslands. Upphaf rómantíkur í Danmörku má rekja til fyrirlestra heimspekingsins og náttúrufræðingsins, Henriks Steffens á Ehlers Collegium í Kaupmannahöfn árin 1802-1803.<sup>73</sup> Síðara árið talar Steffen um rómantískan skáldskap.<sup>74</sup> Hann hafði m.a. stundað nám í Þýskalandi og kynnst Schlegelbræðrum og heimspekingnum F.W.J. Schelling. Í Kaupmannhöfn var þá staddur Steingrímur Jónsson sem síðar varð biskup yfir Íslandi. Hann er sá eini sem vitað er fyrir víst að hafi sótt þessa fyrirlestra, því hann getur þess í dagbókum sínum.<sup>75</sup> Á hinn bóginn virðast Íslendingar ekki hafa litið á skáldskap sinn sem hluta af rómantískri stefnu. Rómantískar lýsingar þekkjast hjá einstökum skáldum eins og Grími Thomsen í umfjöllun um skáldskap frá 5. tug aldarinnar. Frelsishugmyndir rómantíkur hlutu hljómgrunn meðal Dana sem áttu í vök að verjast gegn ásókn Englendinga sem réðust í tvígang á Kaupmannahöfn. Í síðara skiptið, árið 1807, gegndi Bjarni Thorarensen skáld herþjónustu í Danmörku. Hvergi kemur fram að Bjarni hafi hlýtt á fyrirlestra Steffens en í náttúrukvæðum Bjarna gætir ýmissa rómantískra viðhorfa í anda þeirrar rómantíkur sem þá ríkti á meginlandi Evrópu. Dvöl hans á erlendri grund átti eftir að breyta landslaginu í íslenskri ljóðagerð. Þó Bjarni sé yfirleitt fáorður um dvöl sína í Höfn má ýmislegt lesa úr kvæðum hans. Bjarni er staddur í Danmörku þegar hann yrkir kvæði til vinar sínar Hallgríms Schevings sem hann nefnir *Saknaðar stef*. Þá er Hallgrímur á leið til Íslands.

<sup>73</sup> Þorleifur Hauksson 1976:10-11

<sup>74</sup> Þórir Óskarsson 1996:257

<sup>75</sup> Þórir Óskarsson 2008:393

Fósturjörð sína  
frjáði hann sem eg  
öllum huga af.  
Í dönskum Íslending  
dug um fólgin  
hugði hann ei heldur en eg.

Bjarni Thorarensen 1976:49

Í þessu kvæðabroti talar Bjarni um *danskan Íslending* þ.e. einstakling sem er hluti danska einveldisins, en ekki aðeins það, heldur verður hann að tala dönsku því íslenskan má sín lítils í erlendu landi. Heiti kvæðisins minnir bæði á samskipti vinanna sem nú eru á enda vegna brottfarar Hallgríms, en líka eftirsjá Bjarna að vera bundinn Danmörku vegna náms síns. Erlend áhrif koma líka fram í kvæðunum sem birtast heima árið 1818 í Klausturspóstinum. Bjarni Guðnason bendir á áhrif loftslags og veðurfars í anda Montesquieus í kvæðum eins og *Ísland*.<sup>76</sup> Í kvæðinu varar Bjarni Thorarensen m.a. við frosthörkum vetrarins og eldsumbrotum í Heklu, að náttúran eigi að efla Íslendinga til dáða.<sup>77</sup> Bjarni sjálfur er næsta fáorður um kvæði sín, en höfuðmáli skiptir hvaða sýn skáldið setur fram í kvæðum sínum. Þórir Óskarsson bendir á að hún eigi sér líklega erlendar fyrirmyndir og gangi í berhögg við nytsemissjónarmið upplýsingarstefnu sem tengdi gildi náttúrunnar við hversu gott var fyrir bændur að búa í skjóli náttúrunnar.<sup>78</sup> Búnaðarbáلكur Eggerts Ólafssonar byggði á slíkri nytsemd þar sem landsgæðin voru lofuð en ekki tengd við skapgerð fólks líkt og Bjarni gerði. Í kvæði Bjarna *Íslands minni* er að finna þessar þekktu línur sem öll þjóðin kann; *Eldgamla Ísafold / ástkæra fósturmold / Fjallkonan fríð!*<sup>79</sup> Fjallkonan hafði vart komið fyrir áður en til hennar hafði þó verið vísað á tímum upplýsingar þegar Eggert Ólafsson orti kvæðið *Ofsjónir*. Síðar kom hún líka fram í kvæði hans *Ísland*. Þórir Óskarsson bendir á áhrif úr kvæði um fjallkonu frá Sviss þar sem landið er líka kvengert á jákvæðan hátt í stað þeirrar eymdarsýnar sem birtist í þessu síðara ljóði Eggerts.<sup>80</sup> Ljóð Bjarna var fyrst prentað í *Studenterviser* árið 1819 í Danmörku og sama ár svarar Bjarni bréfi Finns Magnússonar viðvíkjandi kvæðinu, en Finnur bjó þá í Danmörku.<sup>81</sup> Ekki er þó ljóst hvaða breytingar Finnur kom með. Í kvæðinu, *Vetrinum*, orti Bjarni svo og *óttu munadar/ mun ei Vor una*

<sup>76</sup> Bjarni Guðnason 1969:33-34

<sup>77</sup> Bjarni Thorarensen 1976:56

<sup>78</sup> Þórir Óskarsson 2008:394

<sup>79</sup> Bjarni Thorarensen 1976:56

<sup>80</sup> Þórir Óskarsson 2008:394-395

<sup>81</sup> Bjarni Thorarensen 1986: I 289-290; sjá einnig Bjarna Thorarensen 1986: I 157

*/né vellyst þar aldri, / í Segulheimum, / Segulfjöllum,* og vísaði þar til Norðurljólsins. Sveinn Yngvi Egilsson segir m.a. um þessa samlögun huga og lands:

Í Vetrinum er Bjarni öðrum þræði að skýra eðli árstíðanna, en persónuleg heimspeki hans birtist þar einnig í hnotskurn. Hann hafði mikla trú á uppeldisgildi óblíðrar náttúru og aðstæðna. Eiginleikar norðursins eru jákvæðir í huga Bjarna af því að erfið lífskjör og umhverfi auka manngildið, brýna hina hraustu og herða þá.

Sveinn Yngvi Egilsson 1999:179

Þessar hugmyndir um gildi veðurfars sem mótar menn hefur Bjarni líklega fengið þegar hann dvaldi í Danmörku. Þá er Bjarni í bréfaskriftum við menn þar, þótt hann hafi tekið við embættum heima á Íslandi. Þessar hugmyndir virðast líka hafa átt upp á pallborðið hjá Jónasi Hallgrímssyni sem hefur greinilega þekkt til þeirra. Í bréfi sem hann skrifar til deildar *Hins íslenska bókmenntafélags* árið 1840 segir hann:

Það er kunnara en frá þurfi að segja með hve mikilli kostgæfni vísindamenn um þessar mundir gefa gætur að veðráttufari og loftslagi um öll lönd þar sem því verður við komið. Er það og engin furða; því bæði er það fróðlegt í sjálfu sér að vita hvurnig þessum atburðum hagar til hvervetna um heimsbyggðina og grennslast eftir sambandi þeirra sín á millum, rökum þeim er þeir eru af sprotnir og lögmáli því er þeir hlýða,...Vér Íslendingar höfum samt til skamms tíma ekki átt kost á að bera ættjörðu voru í þessu tilliti saman við önnur lönd,...

Jónas Hallgrímsson 1987:II 246

Þessar hugmyndir um loftslag og veðurfar kunnu að hafa haft sitt að segja í umfjöllun skáldanna og þeirri náttúrudýrkun sem tengdist sjálfstæðisbaráttunni, að finna sérstöðu lands og þjóðar. Fræðimaðurinn Heimir Pálsson segir m.a. um sérstöðu íslensku rómantíkurinnar samhliða einstaklingshyggjunni að hér hafi orðið þjóðfrelsisvakning.<sup>82</sup> Baldvin Einarsson ásamt Þorgeiri Guðmundssyni stofnuðu ritið *Ármann á Alþingi* í Kaupmannahöfn en þar var m.a. barist fyrir því Íslendingar fengu alþingi á Þingvöllum í samræmi við þingið til forna. Fjölnismenn með Jónas Hallgrímsson í broddi fylkingar

---

<sup>82</sup> Heimir Pálsson 2003:146

tóku þessa hugmynd upp á sína arma að Baldvini látnum. Hugmynd útlendinga um Heklu sem helvíti hafði verið heimfært á landið sjálft í kvæði Adams Oehlenschlägers snemma á öldinni.<sup>83</sup> Upphafslínur kvæðis Jónasar, *Ísland farsælda frón*, var andóf gegn þessari sýn útlendinga á landið því Jónas leggur áherslu á velsæld þess í tengslum við fornöld og þá sögu sem m.a. tengist hinu forna alþingi á Þingvöllum. Jón Sigurðsson vildi á hinn bóginn alþingið í Reykjavík. Jón minntist þess að íslenskir námsmenn eins og Jón Thoroddsen hafi barist fyrir fulltrúalþingi Íslendinga.<sup>84</sup>

Íslendingar sóttu á þessum tíma einnig í erlenda bragarhætti. Jónas aðhylltist skáldlegt raunsæi sem víða kemur fram í kvæðum hans í bland við rómantíska sýn þ.e. *romantisma*. Einn af þeim ljóðaháttum sem Jónas kom með inn í íslenska ljóðagerð var sonnettan og henni hefði hann tæpast kynnst nema fyrir dvöl sína í Danmörku. Sonnettuna *Ég bið að heilsa*, yrkir hann í Sórey árið 1844, ári fyrir dauða sinn.<sup>85</sup> Þar talar hann um báta á fiskimiðum, sem verður að teljast raunsæislegt, en minnir líka á þá sem dvelja fjarri ættjörð sinni. Í kvæðinu er líka minnst á íslensku stúlkuna sem er svo fjarri skáldinu en á hug hans allan. Bölsýnishyggja síðrómantíkur kom m.a. fram í *Stökum* þar sem Jónas yrkir *Enginn grætur Íslending/einan sér og dáinn* eins og til minna á lítilvægi þjóðernis í fjarlægju landi. Dauðinn var líka í kvæðinu *Alsnjóa* en einnig þá skyldu að maðurinn haldi líkamanum við, því Jónas talar um mikilvægi þess að einstaklingurinn sé hraustur. Slíkar hugmyndir um hrausta einstaklinga og hetjur voru Grími Thomsen að skapi en hann var atkvæðamikill í umfjöllun sinni um rómantísku stefnuna:

Fram til þess tíma voru skrif Gríms Thomsens á dönsku um erlendan samtímaskáldskap lang umfangsmestu skrif Íslendinga um rómantík. Í ritum sínum um franskar samtímabókmenntir, *Om den nyfranske Poesi*, og skáldskap Byrons lávarðar, *Om Lord Byron*, ræðir Grímur Thomsen á mörgum stöðum um rómantíska stefnu og tengir Byron og sum hin frönsku skáld, er hann fjallar um, við stefnuna.

Ingi Sigurðsson 2006:113

---

<sup>83</sup> Þórir Óskarsson 2009:402

<sup>84</sup> Jón Sigurðsson 1919:XXVIII

<sup>85</sup> Sveinn Yngvi Egilsson 1999:354-355

Grímur virðist hafa tileinkað sér hugmyndir Friedrichs Hegels sem hefur tiltekna heimssýn samfara lífheildarhyggju með heimsbókmenntirnar í bakgrunninum.<sup>86</sup> Grímur þýðir m.a. *Fiskimanninn* eftir Goethe árið 1841 þar sem einstaklingurinn sogast til upphafs síns.<sup>87</sup> Eins og maðurinn veiðir verður hann bráð annarra að lokum og þá hluti af stærri heild. Þarna er maðurinn fjarri heimaströnd og geldur þess. Humramóðirin lokkar hann með söng í hafið eins og *Lorelei* farmennina í kvæði Heine. Af sama meiði er kvæði Gríms, *Ólund* þar sem þrá eftir dauðanum birtist í einstaklingum sem sameinast sjónum. Þórir Óskarsson bendir þar á áhrif frá *Hafinu* úr ljóðabálkinum *Childe Harold's Pilgrimage* eftir Byron.<sup>88</sup> Jónas yrkir kvæði með sama nafni sem hann tölusetur og virðist tilgangurinn vera að skopast að sýn Gríms.<sup>89</sup> Jónasi finnst fáránlegt að deyja meðal fiska og talar um geddur í skopstælingunni á kvæði Gríms. Grímur virðist ekki hafa tekið þetta nærri sér því eftir lát Jónasar yrkir Grímur minningarkvæði um hann í *Nýjum Félagsritum* árið 1846.<sup>90</sup> Þar kveður Grímur í lokaerindinu í anda einstaklingshyggju rómantíkur og minnir á dauða Íslendinga í erlendu landi:

Langt frá þinna feðra fold  
fóstru þinna ljóða,  
ertu nú lagður lágt í mold,  
listaskáldið góða.

Grímur Thomsen 1934: I 126

Í kvæðum Gríms er maðurinn oft sýndur einn á ferð í framandi umhverfi og þá í anda lífheildarkenningar Steffens. Bölsýni og einsemd síðrómantíkur þar sem einstaklingurinn er ætlað að deyja náttúrunni, verða hún. Þessa heimspekilegu sýn er t.d. að finna í kvæðinu *Gyðingurinn gangandi* sem birtist í sama riti og minningarkvæði Jónasar.

Bæði Grímur Thomsen og Jón Thoroddsen verða líkt og fráhverfir því að setja sjálfstæði Íslands í forgrunn. Jón virðist jafnvel, eins og Grímur, ganga erinda Dana. Jón Thoroddsen gegndi hermennsku í Slésvík. Athyglisvert er að annar Íslendingur studdi yfirráð Dana yfir Slésvík og hertogadæmunum og vitnaði í skjöl úr skjalasafni

<sup>86</sup> Sveinn Yngvi Egilsson 1999:114-115

<sup>87</sup> Grímur Thomsen 1934: 211-212

<sup>88</sup> Þórir Óskarsson 2008:411

<sup>89</sup> Páll Valsson 1996:349

<sup>90</sup> Páll Valsson 1989: IV 49-50.

Bretastjórnar, málinu til stuðnings.<sup>91</sup> Þessi maður var Grímur Thomsen. Jón fékk sig lausan úr hermennsku eftir að móðir hans hafði beðið hann þess ákaft. Jón Thoroddsen kastaði sér líka út í hringiðu skáldskapar og snéri sér að útgáfustarfsemi. Hann gaf fyrst út *Norðurfara* í tveimur bindum ásamt Gísla Brynjúlfssyni en Gísli virðist hafa haft veg og vanda af útgáfunni. Þar er að finna kvæðið *Í landsýn* sem vitnar um togstreitu því Jón Thoroddsen á erfitt um vik að yfirgefa Danmörk próflaus. Hann er því á faraldsfæti en í kvæðinu er líka ómur af veru hans í stríðinu í erlendu landi:

Ef úr mér kvolast  
andargolan  
á í sjá,  
eptir þolað stríð og stjá:  
láttu skolað,  
bára, bol að  
björgum háum þá,  
feðra fjöllum hjá!

Jón Thoroddsen 1919:5

Hann ákveður á þessum tíma að snúa sér að skáldsögunni. Jón sótti greinilega í erlendar rómönsur við gerð skáldsögunnar *Pilts og stúlku* um miðja öld úti í Danmörku, en líka í munnmæli á sveitarbæjum heima á Íslandi. Þar læðir hann líka rómantískum kveðskap í söguna eins og til að minna á að hann hafi ekki gefið alfarið frá sér ljóðin. Hann gefur líka út, ásamt Gísla Magnússyni, *Snót*, safn kvæða um 30 talsins eftir ýmis íslensk skáld.<sup>92</sup> Jón fer próflaus heim, en það á fyrir honum að liggja að verða embættismaður Dana eins og Grímur. Danskir ráðamenn vildu viðhalda óbreyttu kerfi á Íslandi með ráðandi danska embættismenn í bland við íslenska, sem þó urðu að lúta vilja Dana. Í *Dægradvöl* sinni segir Benedikt Gröndal um þjóðernisást Íslendinga:

---

<sup>91</sup> Jón Þorkelsson 1934: xx-xxi

<sup>92</sup> Steingrímur J. Þorsteinsson 1943: I 64

Dani hataði jeg lengi framan af, en jeg hef hætt því við nánari skoðun, þegar jeg lít á hversu mikla yfirburði þeir hafa yfir okkur að ýmsu leyti. Föðurlandsást vantar Íslendinga gjörsamlega, og hefur alltaf vantað, því þótt einstakir fáir menn hafi verið svo, þá hefur þetta aldrei gengið í gegnum þjóðina.

Benedikt Gröndal MCMXXIII:302

Þannig sýnast sumir Íslendingar, eins og Jón og Grímur, hafa viljað samsama sig stærri heildum, ekki aðeins viljað vera Íslendingar heldur eitthvað meira. Heimir Pálsson bendir einmitt á þjóðernishyggju sem tekur til norrænna bókmennta.<sup>93</sup> Grímur virðist hafa litið á Bjarna Thorarensen sem sína fyrirmynd sem norrænt skáld.<sup>94</sup> Þessi hugmynd um *skandinavisma* átti sér þó eldri rót. Sagan segir að stúdentar frá Kaupmannahöfn og Lundi hafi mótað þá stefnu strax árið 1838 og stofnað til bræðralags.<sup>95</sup> Hugmyndafræðin var þó upprunalega bundin Svíþjóð, Noregi og N-Finnlandi og þá höfð í huga lega landanna. Þar sem Skandinavía var hugsuð sem eitt málsvæði bættist Danmörk í hópinn. Grímur gekk hins vegar með stærri hugmyndir í farteskinu. Hann tengdi þetta ekki aðeins heiðinni trú heldur líka fornum skáldskap í bundnu og óbundnu máli. Íslendingar virðast hafa verið mishrífir af þessum hugmyndum. Gísli Thórarrensen, sem dvaldi við nám í Danmörku, var á öndverðum meiði við Grím Thomsen. Hann orti m.a. kvæðið *Det skandinaviske selskabs sidste møde* en kvæðið ber ártalið 1846.<sup>96</sup> Þar andmælir Gísli þeirri kenningu Gríms að Íslendingar eigi þennan sameiginlega arf. Fyrri erindið er fullt af upphrópunum og háði í garð Gríms, sem aðhyllist *skandinavisma*, þar sem Gísli vonar að norrænn keppnisandi lifi. Í síðari erindinu er minnt á þessa lífheildarhyggju Gríms:

---

<sup>93</sup> Heimir Pálsson 1978:87

<sup>94</sup> Örn Ólafsson 2008:36

<sup>95</sup> Andrés Björnsson 1988:5

<sup>96</sup> *Denmark Dejligst Vang og Vænge* 2007:56.

Hvor han end sit liv skal ende,  
over vores hele jord  
efterslægten dog skal kende,  
hvad han virkede i Nord.  
Der skal ristes på hans grav:  
„Islands første Skandinav“.

Gísli Thóraransen 1885:148

Grímur virðist hafa litið á Norðurlönd sem samstæðan hóp í anda lífheildarhyggju Steffens. Ýmis skáld í Skandinavíu áttu sitthvað sameiginlegt með þeim íslenska þjóðararfi sem Grímur hafði haft kynni af. Þá bar *Heimskringla* Snorra Sturlusonar sömu einkenni. Grímur flutti m.a. ræðu á Uppsalamótinu árið 1856 í Svíþjóð:

En, herrar mínir, þegar eg sný aftur til fæðingareyjar minnar, þá get ég sagt löndum mínum, - sem allir munu öfunda mig af þeirri heppni að hafa fengið að standa í þessum sporum, - að Uppsalaauður sé enn á sínum stað, það er að segja dýrgripir þeir, sem geymast í ódauðlegum ritum Linnes og Gejers, að enn búi í Uppsölum ætt Ynglinga, sem aldrei muni deyja út, og í stað hins illa gulls, sem Hrólfur kraki stráði á Fýrisvöllu, finni menn nú hið hreina gull gestrisninnar og einlægninnar.

Andrés Björnsson 1988:6

Grímur vingaðist m.a. við Säve dósent í Uppsölum og skrifuðust þeir á. Grímur sendi honum Íslandskort að gjöf með bréfi þann 12. ágúst sama ár þar sem Grímur bað þennan nýja vin sinn um að koma til Uppsalaháskóla.<sup>97</sup> Gjöfin átti að vera fyrir hönd íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn. Ekki voru allir Íslendingar jafn hrifnir af þessu framtaki Gríms eins og nú verður vikið að. Seint þetta sama ár var haldinn Íslendingafundur í Kaupmannahöfn, en fyrir honum stóð Þorleifur Guðmundsson Repp og mun tilefnið hafa verið að andæfa tilraunum Frakka til að halda úti fiskiflota með fiskvinnslu í Dýrafirði. Grímur og Jón Sigurðsson munu ekki hafa tekið undir með Þorleifi og hann síðan svarað fyrir sig í lok nóvember sama ár. Þar vandar hann ekki Grími kveðjurnar, telur hann svikara og að Grímur hafi með þessari gjöf látið af hendi, umboðslaust, uppdrátt af Íslandi. Þá hafi Grímur heldur ekki umboð Íslendinga í Höfn til að vinna að

---

<sup>97</sup> Andrés Björnsson 1988:7

sameiningu Skandinavíu. Grímur sótti í framhaldi eftir stuðningi íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn og virðast flestir hafa skrifað undir honum til stuðnings nema Gísli Brynjúlfsson og Konráð Gíslason.<sup>98</sup> Þorleifur hafði uppi hnýfilyrði og taldi Grím mjög hliðhollan Dönum.<sup>99</sup> Viðbrögð Gríms létu ekki á sér standa. Hann höfðaði mál gegn Þorleifi en Þorleifur lést árið 1857, áður en málið var tekið til dóms. Eins og bréf Andrésar Björnssonar sýndi voru stúdentar flestir í Kaupmannahöfn á bandi Gríms Thomsens.

Í ljósi stöðu sinnar hefur Grímur frekar hallað sér að skandinavískri menningu heldur en eingöngu íslenskri. Grímur hafði líka kynnt sér vel umfjöllun annarra um norrænar bókmenntir, gagnrýndi m.a. Hegel sem hann taldi að hefði horft framhjá þeim.<sup>100</sup> Menn hafi látið hjá líða að setja fornnorrænar bókmenntir í samhengi við þann kveðskap sem á eftir fór. Norrænir menn ættu líka sínar gullaldarbókmenntir eins og Grikkir og Rómverjar. Grímur virðist hafa hugsað sér að með sameiningu þjóðanna undir einu merki gæti farið í hönd ný gullöld. Grímur sjálfur sýnist hafa haft sínar efasemdir um *skandinavismann*, en hugmyndin hafði verið víkka hann út og finna þannig sameiginlegan arf Norðurlanda. Í þessu skyni hafði Grímur skoðað ljóð sem hann kallaði „*hetjusagnakvæði Norðurlanda*“ sem voru frásagnir af Gotum og Húnum og þá ljóð m.a. úr *Helgakviðu Hundingsbana*, *Sigurðarkviðu*, *Guðrúnarharmi* og *Atlamálum hinum grænlenzku*.<sup>101</sup> Grímur segir þau tengjast þjóðflutningunum:

Það má raunar vel fallast á, að kvæðin séu ekki ort fyrr en löngu síðar, án þess að með því sé efazt um þýðingu þeirra sagnaflokka, sem eru undirstöður þeirra, að þeir séu frá þjóðflutningunum runnir. Að minnsta kosti hafa menn aldrei neitað, það eg til veit, að þessar sagnir séu frá eldri tímum en söguleg skipting Norðurlanda, og það færir mann strax nær hinum miklu atburðum.

Grímur Thomsen 1975:126

Þá virðist hugmyndin um sameiginlegt málsvæði hafa hlotið lítinn hljómgrunn. Slík útvíkkun á *skandinavisma* sýnist ekki hafa átt upp á pallborðið hjá Dönum, Norðmönnum og Svíum. Grímur segir sjálfur að hver hafi viljað tala sína tungu og

---

<sup>98</sup> Andrés Björnsson 1988:12-13

<sup>99</sup> Jón Thoroddsen 1919:267

<sup>100</sup> Sveinn Yngvi Egilsson 1999:121

<sup>101</sup> Grímur Thomsen 1975:125

menn hafi aldrei verið á eitt sáttir hvaða formál á Norðurlöndum ætti að hafa verið við lýði.<sup>102</sup> Grímur virðist hafa verið andsnúinn kristinni trú og viljað að Íslendingar sæktu frekar í brunn norræns skáldskapar og þá forníslenskan heldur en til franskra og þýskra skálda.<sup>103</sup> Eftir stóðu kostulegar mannlýsingar í ljóðum Gríms sem minntu á þessa hugmynd manna að Norðurlönd gætu myndað heild í bókmenntalegum skilningi, en það reyndist talsýn.

## 2.2 *Frá raunsæi til millistríðsára*

Íslendingar virðast hafa kynnst raunsæisstefnunni úti í Danmörku þótt fyrsti sprotinn hafi komið frá Íslendingi. Fyrstu kynni af raunsæisstefnunni komu fram í grein Benedikts Gröndals „Tímanum“ í *Gefn* 1872.<sup>104</sup> Þar fjallar hann um áhrif Darwins á samtímamann. Raunsæisstefnan á Norðurlöndum átti sér m.a. stuðning í fyrirlesturum Georgs Brandesar í Kaupmannahöfn sama ár. Sá fyrirlestur sem mesta athygli vakti hét *Hovedstrømminger i det 19de århundredes litteratur* en á hann hefur verið minnst áður. Brandes beindi spjótum sínum þar að þeim stofnunum samfélagsins sem fylgdu auðsöfnun og þá ekki síst að kirkjunni, en hún legði m.a. lagði blessun sína yfir hjónabönd.<sup>105</sup> Brandes var í mun að sýna að slík höft bældu niður eðlilegar hvatir mannsins en þær brytust síðar fram í afbrotum í samfélaginu. Þrátt fyrir þessa félagslegu sýn notaði Brandes ekki orðið *raunsæi*. Það virðist fyrst koma fram hjá danska skáldinu Herman Bang í riti hans *Realisme og Realister* árið 1879 og sýnist hafa haft mikil áhrif á Íslendinga í Danmörku.<sup>106</sup> Þetta innlegg var undanfari raunsæis í íslenskum bókmenntum. Ingi Sigurðsson segir um heildarsýn stefnunnar:

---

<sup>102</sup> Andrés Björnsson 1988:8

<sup>103</sup> Þórir Óskarsson 1996:273

<sup>104</sup> Ingi Sigurðsson 2006:295

<sup>105</sup> Heimir Pálsson 2003:163-164

<sup>106</sup> Þórir Óskarsson 2009:319

Hefð er fyrir því meðal Íslendinga að láta hugtakið *raunsæisstefna* ná yfir stefnur, sem á Norðurlandamálum eru kallaðar *realisme og naturalisme*. Flestir fræðimenn líta svo á, að þessar stefnur séu nátengdar, en blæbrigðamunur sé á þeim. Realismahugtakið mun fyrst koma fyrir sem bókmenntafræðilegt hugtak í bréfi frá Friedrich Schiller til Goethes 1798, og náttúrustefnuhugtak af þessu tagi mun einnig hafa birt fyrst hjá Schiller, árið 1803. Þessi hugtök voru talsvert notuð í Evrópu frá og með miðri 19. öld, um náttúrustefnu einkum þó frá og með um 1880.

Ingi Sigurðsson 2006:280

Íslendingar í Kaupmannahöfn gengu raunsæisstefnunni á hönd með ritinu *Verðandi* árið 1882 sem gefið var aðeins einu sinni út og þá í höfuðborg Dana. Að ritinu stóðu m.a. Hannes Hafstein, Gestur Pálsson, Einar H. Kvaran og Bertel Þorleifsson. Einar Kvaran birti smásöguna *Upp og niður* og Bertel ljóðið um *Barnaþoss* og Hannes kvaddi sér hljóðs með kvæðinu *Stormur* þar sem veðurharkan fór saman við skapgerð manna og herti þá. Hannes varð fyrir áhrifum frá dönskum skáldum og var m.a. vinur Brandesar í Kaupmannahöfn. Brandes getur Hannesar í ævisögu sinni og hefur lofsamleg orð um skáldskap hans.<sup>107</sup> Meðal íslenskra námsmanna var síður en svo eining um afstöðu manna til bókmennta og einnig til raunsæisstefnunnar. Margir þeirra áttu í hinu mesta basli með nám sitt og þar má nefna Þorstein Erlingsson, Gest Pálsson og Hannes Hafstein. Meðal verka Gestis í *Verðandi* var *Kærleiksheimilið* sem Íslendingum í Kaupmannahöfn þótti góð smásaga með raunsæislegum undirtóni.<sup>108</sup> Af raunsæismönnum gagnrýndi Hannes einna mest rómantísku skáldin. Hann og félagar hans reyndu að úthrópa Steingrím Thorsteinsson sem skáld, enda var hann afsprengi rómantíkurinnar. Á Íslendingafundi í Höfn, 12. desember árið 1883 vó Hannes að heiðri Steingríms.<sup>109</sup> Hannes vitnaði í Steingrím sjálfan og sagði að „þjóðvorið fagra“ og skortur á „stjórnfrelsi“ gerði baráttu þjóðskálda eins og Steingríms gagnlausu. Hannes sagði líka að sjálfstæðisbaráttan hefði koðnað niður í „deyfð og letidygð“ í ljóði sínu um Matthías Jochumsson.<sup>110</sup> Þorsteinn Erlingsson hafði verið á fundinum úti í Höfn. Hann sagði Steingrími í bréfi í janúar 1884, að Hannes teldi Steingrím drepa niður allt

<sup>107</sup> Kristján Albertsson 1961: 98

<sup>108</sup> Einar H. Kvaran 1952:12; sjá líka Kristján Albertsson 1961:75

<sup>109</sup> Hannes Pétursson 1964:246

<sup>110</sup> Kristján Albertsson 1961: 92-93

andlegt líf, *ídealisminn* væri óekta og klæddur rómantík frá Þýskalandi.<sup>111</sup> Þorsteinn virðist hafa hafnað Verðandimönnum vegna ásakana Hannesar. Bjarni Benediktsson frá Hofteigi sagði um þessa deilu í ævisögu Þorsteins:

Verðandi-mennirnir hrifust af boðskap Brandesar um raunsæjan skáldskap - bókmenntir sem tækju félagsleg vandamál til meðferðar, fjölluðu á „hlutlægan“ hátt um mannlegt líf og samfélag. Þorsteinn Erlingsson snýst gegn þeim í upphafi, miklu fremur til að verja góðvini sína en fastmótaðan bókmenntaskilning...Þeir Einar og Hannes héldu brott, en Þorsteinn fór sínar eigin götur til róttæks endurmats á lífsskoðun sinni og skáldskap.

Bjarni Benediktsson 1958:41

Dvöl Þorsteins í Danmörku verður til þess að hann gagnrýnir síðar meira stofnanir samfélagsins eins og kirkjuna. Þar fetaði hann í fótspor Georgs Brandesar. Hann gekk mun lengra í gagnrýni sinni á Dani erlendis heldur en Hannes. Í greinum sínum sagði Þorsteinn að Kristur hafði aldrei hugsað sér kirkjuna sem *jarðneskt friðarríki og hafi aldrei átt að verða það*.<sup>112</sup> Jafnaðarstefnan var einn þáttur í því félagslega raunsæi sem skáld áttu að endurspegla í verkum sínum. Ingi Sigurðsson bendir á að margir Íslendingar hafi orðið fyrir áhrifum frá danskri vinstri stefnu þótt hún væri komin frá meginlandi Evrópu.<sup>113</sup> Hann nefnir m.a. kvæði Þorsteins *Örbirgð og auð* en þar ykkir Þorsteinn t.d. um einveldi Dana og skáldið segir útlendinga í landi þeirra beitta órétti:

Og er eins er það, að þá, sem eiga gull,  
frá þjófnæð verndar náðarherrann blíði,  
en þúsund svarthol á hjer fjandinn full  
af flökkubjóð og öðrum sultarlýði.

Þorsteinn Erlingsson 1959: I 120

Flestir sáu eymdina í Danmörku. Þar voru réttindi fátæklinga lítil meðan aðall og embættismenn kirkju og ríkis sátu að nægtaborðum. Ástæða þess að Þorsteinn gekk

---

<sup>111</sup> Hannes Pétursson 1964:247

<sup>112</sup> Þorsteinn Erlingsson 1958: III 271

<sup>113</sup> Ingi Sigurðsson 2006:241

Þessari stefnu á hönd var m.a. ástandið í dönskum stjórnámálum þar sem íhaldsstjórn Estrúps var við völd. Íslendingar gátu ekki vænst þess að ná neinum árangri í sjálfstæðisbaráttunni þegar slík stöðnun réði ríkjum. Sigurður Nordal segir um þetta efni:

Hafnarkvæði Þorsteins eru framar öllu miðuð við ástandið í Danmörku á stjórnarárum Estrúps. Stjórnarkúgun í skjóli konungsvalds virtist þar tilfinnanlegri en auðvald í stórum stíl. Þess vegna getur hann þrátt fyrir sósíalisma sinn sungið Vestmönnum lof og dýrð fyrir það, að í Bandaríkjunum sé hvorki konungur, aðall – né þjóðkirkja.

Sigurður Nordal 1958:30

Þessi kvæði sem Sigurður er að vísa til eru m.a. *Rask, Arfurinn og Örlög guðanna*. Í síðasta kvæðinu er deilt á kristnina sem Íslendingar tóku upp vegna þrýstings frá Noregskonungi, en þar minnst Þorsteinn líka á þá ógn sem stafar af valdi og hvernig Ísland, sem var frjálsasta land í heimi, varð undir vegna smæðar sinnar í hernaðarbrótti nágrannans.<sup>114</sup> Eftir langa dvöl erlendis sér Þorsteinn Erlingsson Ísland í allt öðru ljósi en margir samlandar hans heima. Í anda Gríms Thomsens kann hann betur að meta fornsögurnar en jafnframt þá menn sem mörkuðu land og list. *Í landsýn* yrkir hann:

Við vonum þú senn eigir svipmeiri þjóð  
og senn verði heiðari bráin;  
til þess orti Jónas sín þjóðfrægu ljóð,  
til þess er Jón Arason dáinn.

Þorsteinn Erlingsson 1958: I 232

Hvað sem segja má um róttækar skoðanir Þorsteins, sem íslenskir námsmenn í Danmörku skiptust í skiptust í tvö horn um, voru kvæði hans sem stormur miðað við þá lognmollu sem ríkt hafði um árabíl. Gestur og Bertel dóu ungir. Einar gekk spíritismanum á hönd og Hannes Hafstein varð ráðherra. Þetta var kaldhæðnislegt í ljósi þess að upprunalega var Þorsteinn andsnúinn Verðandimönnum.

Viðhorf Þorsteins til erlends valds voru Stephan G. Stephanssyni mjög að skapi, enda áttu þeir margt sameiginlegt. Báðir voru Íslendingar erlendis, jafnaðarmenn sem

---

<sup>114</sup> Þorsteinn Erlingsson 1958: I 116

fóru á móti valdi ríkis og kirkju. Stephan þekkti af eigin raun hve erfitt það var að setjast að í öðru landi og vera litinn hornauga af heimamönnum. Stephan var hlynntur raunsæismönnum enda fóru skoðanir þeirra og hans að mörgu leyti saman. Hann trúði á jöfnuð manna og var andsnúinn hvers konar yfirvaldi. Þá taldi hann að menn ættu að láta fé af hendi rakna til þeirra sem minna máttu sín. Sjónarmið fátækra, eins og *Betlikerling* Gests, var á sömu nótum og Stephans. Klettaskáldið orti m.a. kvæði til Gests Pálssonar að honum látnum sem hann nefnir *Uppörvun*.<sup>115</sup>

Lát óm þinn hljómfalla opna þér dyr  
Í íslensku kotin,  
Og hritt því, að málið, sem hugdirfði fyrr,  
sé herlúður brotinn.

Stephan G. Stephansson 1953: I 18

Stephan gerði sér vel grein fyrir því að tungumálið var forsenda sjálfstæðis þjóðar. Hann var andsnúinn kristinni trú líkt og Þorsteinn Erlingsson. Jafnaðarstefnan gekk á móti hvers konar upphafningu og það átti líka við um trúarbrögðin. Baldur Hafstað prófessor talar um Stephan sem jafnaðarmann en þó ólíkan Verðandimönnum, sem höfðu orðið borgum að bráð. Stephan var sveitamaður í eðli sínu með heimspekilega sýn á lífið.<sup>116</sup> Stephan skaut líka föstum skotum á kristna trú eins og Þorsteinn og leggur að jöfnu guðsmanninn Pétur og sjálfan sig:

Hér er engin veruleg vantrú til. Við séra Pétur erum einu vantrúar-  
mennirnir, hvor á sinn hátt, og ef þú „umvendir“, er ekkert eftir, nema  
annað hvort að kristna eða heiðna alla trúleysingja, og þeir „rísa upp með  
hval í hvopti, hvorra leiðina sem þú ferð“.

Stephan G. Stephansson 1938-1939: I 190

Trúin hefur því ekki sama vægi og tungumálið. Ein þjóð drottnaði yfir annarri og einstaklingar sem dvöldu á erlendri grund hlutu að tapa tungu sinni þegar að henni var sótt úr öllum áttum. Viðar Hreinsson segir m.a. í fyrri hluta ævisögu skáldsins,

---

<sup>115</sup> Baldur Hafstað 2009:17

<sup>116</sup> Baldur Hafstað 2009:16

*Landnemanum*, hvernig Stephan talar um að íslensku landnemarnir hafi tapað niður tungumáli sínu og þá sérkennum þjóðar sem birtist í menningu og sögu.<sup>117</sup>

Stephan var meira en skáld raunsæisins og í þýðingum sínum kemur vel fram að hann fylgdist vel með hvers konar nýjungum sem mjög voru í anda nýrómantíkur. Hann þýðir m.a. kvæði bæði Olivers Wendells Holmes og Walts Whitmans. Í kvæðum þeirra gætir táknsæis og þar má nefna lauf sem verður tákn hverfulleika í mannlegu lífi. Form kvæða var líka brotið upp og varð fríljóð, þ.e. hrynjandi óregluleg svo og ljóðstafasetning. Einar Benediktsson birtir þýðingu úr þessu verki Whitmans, *Leaves of grass* á tíunda áratug 19. aldar.<sup>118</sup>

Það var kannski tímanna tákn að Georg Brandes skyldi líka koma að nýrómantísku stefnunni. Hann virðist hafa kynnt Íslendingum ofurmennisdrauma Friedrichs Nietzsches sem síðar hafa haft áhrif, m.a. á Einar Benediktsson og hughyggju í skáldskap hans þótt ekki hafi hann setið fyrirlestra Brandesar um Nietzsche.<sup>119</sup> Þórir Óskarsson bendir á nýmæli sem koma fram í þessum þýðingum en þar má nefna frjálsa formið og svo flóttu manns frá veruleikanum út í hið óþekkt.<sup>120</sup> Einn þáttur í rómantískri sýn var að fara utan og dvelja í ókunnugu landi. Þá kynnu menn betur að meta heimalandið. Í kvæði Stephans G. Stephanssonar, *Vestur-Íslendingar* segist hann vera í óbyggðum lands, minnugur íslenskra heiða og gerð húsa í sveitasamfélaginu heima.<sup>121</sup>

Nýrómantísku stefnunnar fór að gæta hjá Íslendingum um 1890 og þar virðist Danmörk hafði gegnt lykilhlutverki. Stefnan var andsvar við raunsæisstefnunni og átti upptök í sýmbólisma frönsku skáldanna um miðblik 19. aldar.<sup>122</sup> Menn fóru að sumu leyti aftur fyrir raunsæisstefnuna til að taka upp þráð rómantíkur. Félagslega kerfið í borgum var veikt og ofbeldi og morð daglegt brauð. Þess vegna litu menn svo á að mannsandanum hefði hnignað og þörf væri á hugarfarsbreytingu. Þar gæti einstaklingur betur en fjöldinn haft áhrif á samfélagið til góðs fyrir heildina:

---

<sup>117</sup> Viðar Hreinsson 2002:253

<sup>118</sup> Örn Ólafsson 2008:86

<sup>119</sup> Þórir Óskarsson 2009:321

<sup>120</sup> Þórir Óskarsson 2009:377-378

<sup>121</sup> Stephan G. Stephansson 1953: I 133

<sup>122</sup> Þórir Óskarsson 2009:326

Þessir straumar hafa lengi gengið undir samheitinu nýrómantík í íslenskri bókmenntasögu, enda eiga þeir margt skylt við rómantík 19. aldar eins og hún kom fram í Evrópu. Eins og þá gerðu menn nú ráð fyrir öðrum veruleika en hinum sýnilega og löðuðust að því sem var einkennilegt, yfirskilvitlegt, óáþreifanlegt. Hér á landi var þessi stefna mun rómantískari – í merkingunni dulúðugri, tilfinningaríkari, hamslausari en rómantík 19. aldar hafði verið hérlandis, ekki síst vegna þess að íslensk skáld voru pólitískari á þeim tíma en eftir aldamótin, vildu boða og kenna samtímis því að skapa hugblæ og hrífa.

Silja Aðalsteinsdóttir 1996:891-892

Þessu samfara var þjóðernisstefna enda vildu Íslendingar nú ráða sínum málum sjálfir. Nýrómantíkin var innhverfari og oft virtist skáldið vera eins og á mörkum draums og veruleika, en skáldskapur af því tagi gerir þá kröfu til lesandans að hann túlki sjálfur. Þar gegndu táknið mikilvægu hlutverki. Ívar Orkland talar í þessu sambandi um kenndarljóð, lýrik, þar sem tilfinningar sögumælandans gegna miklu hlutverki.<sup>123</sup>

Íslenskir stúdentar höfðu framan af borið nýja strauma og stefnur með sér til Íslands en um aldamótin verður þar breyting á. Íslendingar sem halda út fyrir landsteinana virðast staðráðnir að setja markið hærra, en vissu líka að bókmenntamarkaðurinn væri of lítill á Íslandi. Þeir litu því til Norðurlanda í þessu tilliti og þá einnig til meginlandsins, landa eins og Þýskalands. Þórir Óskarsson kemst svo að orði:

Allir voru þeir að nokkru leyti þjakaðir af þeirri nýrómantísku tilfinningu að íslenskur veruleiki þrengdi að þeim og takmarkaði möguleika þeirra til að lifa af list sinni og koma verkum sínum á framfæri. Þeir veigruðu sér samt ekki við að gera þennan sama íslenska veruleika að meginyrkisefni sínu og raunar var það ekki síst hann sem gaf þeim sérstöðu og styrk sem höfundum í framandi samfélagi.

Þórir Óskarsson 2009:326

Þessum straumum kynntust Íslendingar, sem héldu utan, eins og Gunnar Gunnarsson og Jóhann Sigurjónsson sem skrifuðu á dönsku, urðu að leggja frá sér íslenskuna þegar út í heim var komið. Gunnar fór beinlínis út til að verða rithöfundur en Jóhann ætlaði að verða dýralæknir. Í Danmörku öðlaðist Jóhann líka gagnrýnni sýn á eigið land í anda

---

<sup>123</sup> Orkland 1962:226

Byrons. Þar hlustaði Jóhann m.a. á fyrirlestur Páls Briem sem deildi á alþýðumenntun Íslendinga og á eynd landsins.<sup>124</sup> Jóhann snéri sér alfarið að leikritun og ljóðagerð. Hann orti m.a. *Heimprá* um rótlaust þangið sem rekst til og frá, blóðugt um sólarlag, líkt og maður sem deyr erlendis og nær ekki að heimaströnd. Annað kvæði Jóhanns, *Bikarinn* er á svipuðum nótum, en þar getur maðurinn ekki flúið dauðann. Þar virðist enginn guð nálægur og bölsýni er ríkjandi. Önnur nýrómantísk skáld eins og t.d. Jónas Guðlaugsson hugsaði sér til brottfarar, en þar réði fátækt og áföll í einkalífi. Í kvæðinu *Dalbúar* deildi Jónas á bændasamfélagið sem honum fannst einkennast af stöðnun.<sup>125</sup> Jónas flutti til Noregs. Þar orti hann kvæðið *Við Tyrfisjó* en þar er komin önnur sýn á heimalandið.<sup>126</sup> Nú eru dalirnir heima slegnir bjarma og líf smalans eftirsóknarvert.<sup>127</sup> Jónas flutti síðar til Danmerkur þar sem hann haslaði sér völl sem ljóðskáld og rithöfundur. Í ljóðum hans er líka að finna fjarlægð, söknuð og dauða eins og í skáldskap annarra nýrómantískra skálda. Jónas er oft eins og milli landa og gegnir hafið miklu hlutverki í verkum hans eins og heiti kvæðanna gefa til kynna.<sup>128</sup> Í kvæðinu *Landið hverfur* talar hann að yfirgefa föðurlandið á vit draumanna þar sem stjarnan *hans* bíður.<sup>129</sup> Dvöl á erlendri grund fær hann til að endurmeta Ísland eins og t.d. í ljóðinu *Ég finn að fátæk þú ert* þar sem skáldið talar, fullur samúðar, um fátæka ættarjörð.<sup>130</sup> Ekki lá fyrir Jónasi að setjast að heima því hann dó í Danmörku, langt fyrir aldur fram.

Jónas frá Hriflu segir í ævisögu sinni um Einar Benediktsson að forsenda skáldsins fyrir dvöl í erlendu landi hafi verið draumar um stóriðju en jafnframt vildi Einar kynnast stórborgaralífinu og nýjum hugmyndum í skáldskap.<sup>131</sup> Hann gekk þar þvert á viðhorf Þorsteins Erlingssonar sem vildi vernda auðlindirnar og deildu þeir hart í dagblöðum heima þegar þeir voru ritstjórar. Þegar út í alvöruna var komið og ljóst varð að draumar Einars um stóriðju reyndust hjóm eitt, virðist hann hafa sótt huggun í skáldskapinn. Eitt af lykilkvæðum Einars, *Einræður Starkaðar*, mun hann hafa skrifað í Danmörku á árunum 1917-1920.<sup>132</sup> Þar er dauðinn einnig ofjarl mannsins. Lífinu stutta hefur maðurinn eytt í fánýti. Einar talar um að festa hugann við það „smáa og veraldlega“ og í lok kvæðisins um að „heiðingjasálin“ gangi fyrir „dómara allra tíma“

<sup>124</sup> Silja Aðalsteinsdóttir 1996:888

<sup>125</sup> Hrafn Jökulsson 1990:22

<sup>126</sup> Jónas Guðlaugsson 1990:64

<sup>127</sup> Hannes Pétursson 2000:49

<sup>128</sup> Jónas Guðlaugsson 1990: 46-47 og 61.

<sup>129</sup> Jónas Guðlaugsson 1990:59 (Leturbreyting ritgerðarhöfundar)

<sup>130</sup> Jónas Guðlaugsson 1990:73

<sup>131</sup> Jónas Jónsson 1955:46

<sup>132</sup> Gils Guðmundsson 1990:226

en það var eina yfirvaldið. Þessi bölsýni var efalítið tengd styrjöldinni í Evrópu. Í lok fyrri heimsstyrjaldar eru blöðin full af fréttum um hörmungarnar á meginlandinu. Í Vesturheimi deildi Stephan G. Stephansson harðlega á stríðsrekstur fyrri heimsstyrjaldar. Þar sést hve útlendingurinn má sín lítils eins og í kvæðinu *Vopnahlé*:

„Við höfum, faðir, fundið þetta líka.  
Fúsir eru ei banda-liðir vorir  
til að verja okkur útlendinga,  
eins og von er – jafnvel þó svo mæli,  
er sem skorti eldmóðinn og röggið  
átthagans, þá fyrir hann er barízt.

Stephan G. Stephansson 1956: III 149

Stephan gagnrýndi harðlega þátttöku Vestur-Íslendinga í stríðinu og taldi þá ganga á vegum breska heimsveldisins. Þá var Stephan mótfallinn því að reistir yrðu minnisvarðar um hina föllnu og voru skiptar skoðanir um þessa afstöðu hans. Síðar í kvæðinu *Vopnahlé* minnir Stephan á gagnleysi þess sem hefur yfirburði í vopnfimi og frumkvæði og setur þar niður ofurmennið sem nýrómantísku skáldin höfðu svo oft haft að viðmiði.<sup>133</sup>

Eftir stríðið tóku við stéttaátök og um leið rann nýrómantíska stefnan sitt skeið á enda. Heima á Íslandi var fullveldið í höfn en margir áttu um sárt að binda vegna spönsku veikinnar. Á sama tíma var sveitarsamfélagið heima á Fróni í upplausn og fólk sótti í meira mæli á mölina. Íslensk þjóð var þá á tímamótum, við blasti fátækt og kreppa.

---

<sup>133</sup> Stephan G. Stephansson 1956: III 153

## III Ljóðheimur Jóns Thoroddsens

### 3.1 Heima og erlendis

Jón Thoroddsen brautskráðist frá Bessastaðarskóla árið 1841 og ári síðar hélt hann til Kaupmannahafnar til að nema lög. Þetta val Jóns segir töluvert um metnað hans í lífinu því lögmenn töldust til yfirstéttar á Íslandi og til hennar var jafnan leitað jafnt af lærðum sem leikum. Þótt Jón væri kominn af bændafólki var hann snemma settur í fóstur og var m.a. á tímabili hjá Sigurði Jónssyni, föður Jóns Sigurðssonar sem nefndur var forseti meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn. Síðar hafði Jón Thoroddsen verið farandkennari hjá Hallgrími prófasti á Hrafnagili í Eyjafirði. Jón hafði átt í ástarsambandi við Ólöfu, dóttur hans og eignast með henni dótturina Elínu. Upp úr þessu sambandi hafði flosnað og foreldrar Jóns hvatt hann til að mennta sig frekar úti. Í Danmörku fékk Jón aðra sýn á heimalandið, en laganám hans sat snemma á hakanum. Steingrímur J. Þorsteinsson fjallar í fyrra bindi ævisögu Jóns Thoroddsens um þessi áhrif. Ef laganámið hefði ekki komið til hefði Jóni vart gefist tækifæri til að kynna sér rækilega erlendar bókmenntir sem varð honum til heilla.<sup>134</sup> Námsferill Jóns í Danmörku var þyrnum stráður og fékk hann þá viðurnefnið „brotastúdent“ eins og stendur í vísunni *Í Höfn 1842*. Í fjarlægð hugsar hann heim til Íslands og virðist hafa haft í huga Ólöfu, fyrrverandi ástkonu sína:

Ekki er sagan álitleg:  
úti á konu fjalla  
bæði þý og búi mig  
brota-stúdent kalla.

Jón Thoroddsen 1950:64

Þetta endasleppa samband Jóns og Ólafar hafði mikil áhrif á líðan hans í Kaupmannahöfn. Jón sinnti því ekki náminu sem skyldi en eyddi tímanum með samlöndum sínum sem grömdust yfirráð Dana. Barátta Íslendinga fyrir Alþingi var þá í algleymingi í Kaupmannahöfn. Jón Thoroddsen mun, ásamt öðrum námsmönnum, hafa viljað fá fulltrúafing til Íslands eftir því sem Jón Sigurðsson sagði:

---

<sup>134</sup> Steingrímur J. Þorsteinsson 1943: I 50-51

Um haustið 1842 héldu þeir fundi með sér, og sendu ávörp fulltrúum sínum í Hróarskeldu, og þó einkum einum af þingmönnum Dana, málfærslumanni Balthazar Christensen, sem snarpast tók það fram, er allur þorri Íslendinga vildi. Jón skrifaði undir ávörp þessi ásamt öðrum, svo sem frá Barðastrandarsýslu, því hver einn af þeim, sem undir skrifuðu, greindi til hvaðan úr héraði hann væri.

Jón Sigurðsson 1919: XXVIII

Íslendingar reyndu jafnvel að biðla til konungsins en við dræmar undirtektir. Sumarið 1843 var Jón Thoroddsen heima á Reykhólum og við að flosna upp úr námi en fór svo aftur til Danmerkur með haustinu. Jónas Jónsson fræðimaður sagði um þessa tíma Jóns í Kaupmannahöfn að hann hafi stundað hið ljúfa líf en vanrækt lögfræðina.<sup>135</sup>

Þessi óregla stafaði líka af því að festarmey hans Ólöf var í tygjum við annan mann, Jón Thorlacius. Hún átti barn með honum líka, enda fór svo að hún kvæntist honum, árið 1844, að ráði föður síns. Jón Thoroddsen varð eftir úti í kuldanum. Skáldið skrifaði þá *Vísur ortar í Höfn*:

Heim mig sækir hugarpín  
hreyfi eg döprum orðum,  
stokkin burt er stúlkan mín,  
er stóð við gluggann forðum.

Jón Thoroddsen 1919:265

Jón var, eftir þessum vísum að dæma, langt niðri. Faðir hans féll frá árið 1846 og þá var sem Jón taki aftur að yrkja að kappi. Ljóst má vera af vísunni að meðal stúdenta í Kaupmannahöfn er það farið að kvisast út að Jón sé að falla út úr námi, eigi erfitt með að finna sína fjöl. Einn af bestu vinum hans á þessum árum var Gísli Brynjúlfsson sem var fræðimaður en einnig skáldmæltur eins og Jón. Þeir félagar áttu margt sameiginlegt. Sambönd þeirra við kvenfólk voru endasleppt, báðir áttu erfitt með að festa hugann við námið og voru á faraldsfæti milli Íslands og Danmerkur. Jón lauk ekki námi í lögfræði

---

<sup>135</sup> Jónas Jónsson 1955:198

fremur en Gísli í norrænum fræðum.<sup>136</sup> Síðar tók Gísli sér tak og varð dósent í bókmenntum og sögu Íslands. Hann hefur efalítið haft í huga gengi námsmanna eins og Jóns þegar hann velti vöngum yfir stöðu íslenskra námsmanna í Kaupmannahöfn, en margir þeirra flosnuðu upp frá námi:

Það er vitanlegt að sá er tilgangur Íslendinga með því að senda syni sína til háskólans í Höfn, að þeir læri þar það, sem þeir þurfi til þess síðan að geta fengið embætti heima; því þó undarlegt sé þá hættir Íslendingum alltaf við að álíta hvern þann gjörsamlega týndan sauð, sem ekki hverfur heim aftur til föðurfhúsa og annaðhvort verður sýslumaður, prestur eða læknir á Íslandi; því þessi þrjú embætti eru þeir einustu vegir, sem ungir menn íslenskir, sem til mennta eru settir, eiga völ á.

Gísli Brynjúlfsson 2003:171-172

Í þessari ritgerð Gísla víkur hann m.a. að vafasömum undirbúningi Íslendinga undir háskólanám í Danmörku, að þeir sitji ekki við sama borð og Danir og hvetur íslensk stjórnvöld til að stofna háskóla á Íslandi með fjölbreyttu námsvali.<sup>137</sup> Gísli telur vanda íslenskra námsmanna stafa af skorti á þekkingu á innviðum danska skólakerfisins sem sé auk þess sé einhæft og sniðið að þörfum heimamanna. Þess vegna eigi margur maðurinn sem komi frá Íslandi erfitt með fóta sig í háskólanámi í Danmörku. Með orðum sínum varpar Gísli líka ljósi á stöðu Jóns Thoroddsens. Jón er m.a. tíður gestur í samkvæmum Íslendinga.<sup>138</sup> Í kvæðinu *Nýjárs vísu*, sem ber ártalið 1847, kveður skáldið:

Eyju hvítri áa  
erlendir vér sendum  
kærsta kveðju, (vestur  
Kári´ um ver þá beri!).  
Hollar biðjum til heilla  
helgar vættir af mætti  
ár það bragnar byrja  
búum lands að snúist.

Jón Thoroddsen 1919:6

<sup>136</sup> Sveinn Yngvi Egilsson 2003:11

<sup>137</sup> Gísli Brynjúlfsson 2003:172 og 176

<sup>138</sup> Jón Thoroddsen 1919:6-7

Jón talar um sig og aðra Íslendinga í Höfn eins og útlendinga sem misst hafa sitt föðurland. Hann virðist líka gera sér grein fyrir ástandinu heima, bæði árferði og ástandi í stjórnmálum. Úti í Danmörku var hins vegar upplausn framundan. Jón Sigurðsson segir að í mars árið 1848 hafi orðið breyting á einveldi konungs og nú skyldi innleidd konungsstjórn.<sup>139</sup> Jón Sigurðsson vísar líka að vinasambandi Jóns og Gísla og útgáfustarfsemi þeirra:

Jón Thóroddsen hafði þá um veturinn, meðan kyrð var á, tekið sig saman við Gísla (Gíslason) Brynjúlfsson að gefa út nýtt ársrit handa Íslendingum, og var svo til ætlað, að það skyldi koma út þá um vorið og heita Norðurfari. En þegar allt varð á tjá og tundri, þá fékk Jón fýsn á að fara í stríð með Dönnum, var það á svipstundu ályktað og framkvæmt, og lagði hann að fám dögum liðnum af stað til hersins í Slésvík, en skildi félaganum sínum eftir Norðurfara.

Jón Sigurðsson 1919:XXX-XXXI

Þessi sinnaskipti Jóns Thoroddsens segja mikið um skapferli hans, en endurspeglar líka vonbrigði í námi og einkalífi. Þetta voru umbrotatímar. Allt var komið í bál og brand milli Dana og Þjóðverja. Jón var í her Dana gegn Þjóðverjum um vorið þegar barist var um Holsetaland árið 1848 og barðist einnig með Dönnum í Slésvík. Einnig eru til heimildir um dvöl Jóns Thoroddsens í hernum. Hann skrifar t.d. til eins Fjölnismanna, Brynjólfs Péturssonar í mars árið 1848.<sup>140</sup> Þar segir Jón m.a. frá hörðum árásum Þjóðverja sem leiddu til þess að Danir urðu að láta undan síga eftir frækilega vörn. Jón segist mega þakka fyrir að hafa haldið lífinu. Þá getur hann þess líka að annar Íslendingur, Sæmundur að nafni, hafi særst í bardaganum. Gísli, vinur Jóns minnst líka á þennan mann hafði líka flosnað upp úr námi eins og skáldið.<sup>141</sup> Jón yrkir kviðlinginn *Í bardaga við Slésvík árið 1848*.<sup>142</sup> Kvæðið er dagsett 23. apríl en þá fór aðalorustan fram við Þjóðverja:

---

<sup>139</sup> Jón Sigurðsson 1919:XXX

<sup>140</sup> Aðalgeir Kristjánsson 1982:203-205

<sup>141</sup> Gísli Brynjúlfsson 1952:26-27

<sup>142</sup> Steingrímur J. Þorsteinsson 1943: I 26-27

Vellur blóð of völlu,  
vaxa þrumur, Saxar  
þvitum, (en oss þrýtur)  
þeyta meginheitum;  
ísarnhvoptar ærnum  
eldblásandi hásir  
gjósa reyk, en geisar  
gim í skógarlimi.

Jón Thoroddsen 1950:26

Þessi framandi sýn í erlendu landi þar sem rignir eldi og brennisteini yfir hermenn er andstæða þess kyrrstöðusamfélags sem ríkti á Íslandi. Jón fer eins og manni sem hættir öllu af því að engu sýnist vera að tapa. Þekktasta kvæði Jóns úr stríðinu var *Hermannsgangan* en kvæðið birtist í seinna hefti *Norðurfara* árið síðar.<sup>143</sup> Kvæðið hefst á lýsingu á vígmóðum hermanni:

Opt er hermanns örðug gánga, –  
einnig hlaut eg reyna það:  
sollnu þrjósti, sveittum vánga  
síðla, fjarri næturstað,  
eptir mæðu eg kom stránga  
eitt sinn litlum kotbæ að.

Jón Thoroddsen 1919:139

Í kvæðinu er eins og renni saman herþjónustan sem hefur verið Jóni þung í skauti og stúlkan sem átti að hafa hjúkrað honum um nóttina. Kvæðinu lýkur með ástum og skilnaði elskendanna þar sem hann heitir því að gleyma henni aldrei. Eitt áhugaverðasta bréfið sem Jón skrifar er til Gísla Brynjúlfssonar. Það er dagsett þann 13. maí þetta ár en þá hafði danski herinn verið hrakinn til Alseyjar. Þar segir Jón Thoroddsen:

---

<sup>143</sup> Aðalgeir Kristjánsson 1982:202

Fyrirgefdu kæri vinur að jeg kvaddi þig ekki áður enn jeg fór frá Kaupmannahöfn, enn því bid eg þig fyrirgefningar að jeg vil vera sattur við alla menn ef ské mætti að jeg bráðum yfirgæfi þennan heim. Ieg ætla ekki að fara segja þer frettirnar að þessu sinni hvorki af mjer eda Dönum þær eru sem stendur ekki markverdar; líkast til verður nú ekki langt stortíðinda og þá skal jeg skrifa þjer til ef jeg kemst lifandi brott af vigvellinum enn falli jeg hefi jeg þó ásett mjer að koma uppá gard og blada í Nordurfara sem nú mun að vísu utkomin klæddur í kápu blá og kannske farin á stad til Islands...

Aðalgeir Kristjánsson 1982:205

Í bréfinu kemur skýrt fram að Jón rauk út í stríðið án þess að kveðja kóng né prest. Af textanum er líka ljóst að Gísli hefur séð um að ganga frá útgáfunni, enda höfðu þeir í bréfaskriftum áður talað um hvernig henni skyldi háttað. Ótti Jóns við dauðann hefur efalítið borist til móður hans til eyrna enda þrabað hún hann um að fá sig lausan. Jón var í hernum um fjögurra mánaða skeið og varð undirforingi.<sup>144</sup> Hann lét undan um haustið, skráði sig úr hernum og fór aftur til Kaupmannahafnar.

Árið 1850 kom út fyrsti hluti *Snótar*, safnrits íslenskra ljóðskálda sem Jón gaf út í félagi við Gísla Magnússon. Einar Thorlacius gat þess síðar að Jón hafi ekki verið framhleyptur því aðeins eitt kvæði eftir hann var að finna í þessari fyrstu útgáfu.<sup>145</sup> Hápunktur ársins 1850 var þó rómantíska skáldsagan *Piltur og stúlka* sem gefin var út á kostnað höfundar. Jón hafði kynnt sér vel skáld eins og Walter Scott og Charles Dickens sem þekktir voru fyrir persónulýsingar í skáldsögum sínum og kvæðum. Í sögunni fáum við innsýn í hvaða bókmenntir Jón Thoroddsen las. Þar sést glögg að hann hefur kynnt sér kvæði Hallgríms Péturssonar, Stefáns Ólafssonar, Eggerts Ólafssonar auk sálma og rímna.<sup>146</sup> Nýnæmi hjá Jóni Thoroddsen var að lýsa borg á Íslandi. Fræðimaðurinn Ólafur Jónsson segir m.a. í tímaritinu *Skírni* að Kaupmannahöfn þessa tíma minni um margt á hálfdanska Reykjavík, sem þó var ekki lýst fyrr en síðar hjá öðrum íslenskum rithöfundum.<sup>147</sup> Sagan var lesin langt fram á 20. öld eftir að margar bækur annarra höfunda höfðu fallið í gleyskunnar dá. Þar liggja að baki góðar og gildar ástæður:

<sup>144</sup> Jón Sigurðsson 1919:XXXII

<sup>145</sup> Einar Thorlacius 1945:vii

<sup>146</sup> Steingrímur J. Þorsteinsson 1943: I 54

<sup>147</sup> Ólafur Jónsson 1968:8

Það stafar af því að Jóni tekst oft og tíðum að brjótast í gegnum hefðina, einkum í lýsingum aukapersóna, enda var hann skyggjari á fáránleika tilverunnar en margur annar. Áhugi hans beindist fremur að hinu einstaka en því sem almennt er, sérkennilegu mannlífi sem lýst er á ýktan og skoplegan hátt. Þegar svo ber við vikur alvara formsins fyrir galsafullum leik þar sem frásögnin sprengir utan af sér kyrrstæðan heim og kveikir frumlega, sérstaka lífssýn sem fylgt hefur íslenskri sjálfsskoðun síðan.

Matthías V. Sæmundsson 1996:533

Þessi tveggja heima sýn er m.a. sprottin af lífshlaupi erlendis. Raunin er sú að Jón hafði ótrúlegan hæfileika til að skapa eftirminnilegar persónur og sótti fyrirmyndir bæði í íslenskt bændasamfélag og soll Kaupmannahafnar. Þetta á líka við um kvæði sögunnar. Þessi hæfni sést berlega í þriðja ljóðinu í *Pilti og stúlku* en það er töluvert frábrugðið öðrum ljóðum í bókinni. Kvæðið nefnist *Búðarvísur* og hefst á raunsæislegri lýsingu á lífi verslunarfólks:

Búðar í loptið hún Gunna upp gekk,  
gráfíkur nógar og sætabrauð fékk;  
Sigríður niðri í búðinni beið,  
bylti við ströngum og léreptin sneið.

Jón Thoroddsen 1919:271

Hér er brugðið upp mynd af Reykjavík um miðja 19. öld þar sem Íslendingar eru við störf. Í textanum er einhver léttleiki sem lesendur hrífast af. Þeir vænta þess að rómantíski prinsinn birtist þá og þegar í búðinni. Jón rífur niður þá mynd sem hann hefur reist eins og byggingu sem hann hefur mótað í upphafi kvæðisins. Kaldhæðnin leynir sér ekki í næsta erindi:

Fagurt er loptið og fullt er það ull,  
fáséð mun Kristján sýna þar gull;  
Og lengi var Gunna í loptsölum há,  
og litverp í framan hún kemur þeim frá.

Jón Thoroddsen 1919:272

Gunna er sannarlega ekki hin saklausa rómantíska stúlka sem bíður eftir prinsinum á hvíta hestinum heldur minnir á undirförla tæfu sem vön er að fá sitt fram á svipaðan hátt og konur þær sem birtist í sumum kvæðum Byrons. Þetta er kona sem leikur sér að tilfinningum karlmannna. Lok kvæðisins hefur yfirbragð þjóðsöguminni eins og í sögunni *Kerling vill nokkuð fyrir snúð sinn* því kvæðið endar á að gefið er í skyn að samband íslensku stúlkanna sé meira en kaup á vörum:

En ókeypis stúlkurnar fallegu fá  
fyrirtaks klútana Danskinum hjá.

Hér er skotið á Dani og íslenskar stúlkur vendar um lauslæti. Kvæðalokin minna á aðra hluti sem fari fram bak við búðarborðið. Sannarlega er þetta rómantísk írónía og tilfinningar konunnar í garð karlmannna margræðar. Þennan texta þekkja flestir Íslendingar, en ef hugsað er til vonbrigða Jóns í ástarmálum fær hann dýpri merkingu en að vera aðeins hluti af skáldsögunni *Pilti og stúlku*. Þetta tvítog milli ímyndaðar sýnar og hins hlutbundna veruleika gengur á víxl eins og skin og skúrir. Örn Ólafsson fjallar um þennan veruleika í upphöfnum skáldskap rómantísku skáldanna og þá *tvísæi*, að raunsæisleg ljóðagerð eigi upphaf sitt hjá rómantísku skáldunum.<sup>148</sup>

Af framansögu er ljóst að listrænar tilraunir Jóns á sviði ljóða- og skáldsagnagerðar áttu rætur í einkalífi hans og þar réði ekki síst dvöl á erlendri grund. Þegar hann kemur heim gegnir hann sýslumannsembætti Barðastrandarsýslu próflaus. Þá kvænist hann Kristínu, dóttur Þorvalds Sívertsens úr Hrapsey árið 1852.<sup>149</sup> Tengdafaðir hans tilvonandi mun hafa þrýst á að Jón færi utan og lyki námi sínu. Skáldið á að hafa haft það í flimtingum að betra væri nú að vera „examensmaður.“ Jón fór út og það má til gamans geta árið 1853 hétu þrjú af smákvæðum hans *Á leið til Kaupmannahafnar!* Eitt þeirra er svona:

Hrannar ljóni hafs um ál  
hrindir vestan gjóla;  
senn munu hýsa herra Pál  
hrundir danskra kjóla

Jón Thoroddsen 1919:94

<sup>148</sup> Örn Ólafsson 2008:23-24

<sup>149</sup> Steingrímur J. Þorsteinsson 1943: I 34-35

Enn er skotið á það sem danskt er. Jón Thoroddsen lauk náminu ári síðar með fyrstu einkunn. Bogi Benediktsson segir í *Viðbótum af Sýslumannsæfum* að Jón Thoroddsen hafi lokið lögfræðiprófinu með *heppni*.<sup>150</sup> Erfitt er að skilja þetta öðruvísi en svo að mönnum hafi síðar þótt Jón vera sérkennilegur sýslumaður. Hann fékk veitingu fyrir Haga í Barðastrandarsýslu. Þá hafði mikið vatn runnið til sjávar erlendis og endi bundinn á óvissu og einsemd sem lokið hafði með hjónabandi hérlendis.

### 3.2 Náttúrukveðskapur og einkakvæði

Jón Thoroddsen virðist hafa átt erfitt með að gera upp við sig hvort hann ætti að velja ljóða- eða skáldsagnaformið. Þótt töluvert sé til af ljóðum eftir hann heima fyrir þann tíma þá er það fyrst í Danmörku sem hann lætur til sín taka. Fyrsta kvæðið sem hann yrkir var kvæðið *Kveðja* og birtist í *Fjölni* árið 1847. Þar kemur strax rómantísk eftirsjá þess manns sem dvelur fjarri heimalandi sínu. Þetta er sannarlega tveggja heima sýn þess manns sem sér Ísland kannski fegra en efni standa til:

Ó eg minnst, ættjörðin fríða!  
á svo mart, er lengi mun eg þrá:  
man eg svana sönginn engilblíða  
silfurhvítum hljóma tjörnum á;

Jón Thoroddsen 1919:2

Tónninn sem Jón gefur er náttúrufegurð sem finna má í mörgum kvæðum hans. Hinn strengurinn í skáldskap Jóns eru sögurnar. Jón Thoroddsen og Gísli Brynjúlfsson gáfu út tímaritið *Norðurfara* á árunum 1848-1849 og komu út tvö bindi. Í fyrra bindinu birti Jón lausamál sem nefndist *Dálítill ferðasaga*. Í smásögunni er haustlýsing því sagt er frá ferð yfir Kerlingarskarð og óhugnanlegum andvökum persónanna. Gætir þar áhrifa frá

---

<sup>150</sup> Bogi Benediktsson 1889-1904:148

síðrómantíska skáldinu Walter Scott sem hafði sérstakt dálæti á lýsingum í ljósi næturinnar.<sup>151</sup> Í annan stað verður tímaritið líka vettvangur fyrir Jón að birta kvæði sín:

Í fyrra árgangi Norðurfara voru kvæðin *Barmahlíð* og *Til skýsins* sem bæði hafa lifað á vörum þjóðarinnar til þessa dags. Í síðara árgangi Norðurfara birtust kvæði eins og *Smalastúlkan* og *Oft er hermanns örðug ganga*, og um sama leyti skrifaði hann *Pilt* og *stúlku*...

Aðalgeir Kristjánsson 1982:202

Jón Thoroddsen hafði ort vísuna *Barmahlíð* þrettán ára áður en hann fór að Hrafnseyri.<sup>152</sup> Síðara kvæðið um *Barmahlíð* varð landsþekkt og festi Jón í sessi sem ljóðskáld. Bókarhöfundarnir Bragi Halldórsson og Knútur S. Hafsteinsson segja að kvæðið sé ort undir *saffískum* hætti (*saffóarlag*) en Jón hafi stýtt „línur háttarins og skipt þeim þar sem braghvöldin hefði annars átt að koma inn í löngu línurnar en sett rím í staðinn.“<sup>153</sup> *Barmahlíð* var skógi vaxin hlíð nálægt æskustöðvum skáldsins. Skáldið talar til hennar eins og mannveru sem hann ávarpar á förnum vegi:

Hlíðin mín fríða  
hjalla meður græna  
og blágresið blíða,  
og berjalautu væna,  
á þér ástar-augu  
ungur réð ég festa,  
blómmóðir bezta.

Jón Thoroddsen 1950:6

Áhrifin frá kvæðum Jónasar leyna sér ekki. Upp í hugann koma kvæði eins og *Ferðalok* og *Ísland*. Hér er náttúran kvengerð og yfir vakir móðir landsins. Séra Sigurður Gunnarsson prestur segir m.a. um frumort kvæði þeirra félagar í fyrra bindinu að honum þyki *Til skýsins* og *Úlfar* eftir Jón Thoroddsen best.<sup>154</sup> Honum finnst því meira til

<sup>151</sup> Steingrímur J. Þorsteinsson 1943: II 575-576

<sup>152</sup> Jón Sigurðsson 1919: xxvi.

<sup>153</sup> Bragi Halldórsson og Knútur S. Hafsteinsson 2001:44

<sup>154</sup> Sveinn Yngvi Egilsson 1999:252

skáldskapar Jóns koma. Í kvæðinu *Til skýsins* koma fram ýmis einkenni rómantíkur eins og ástfangið þar og tilfinningar konu renna saman við dimmblá ský:

Sortnar þú, ský,  
suðrinu í  
og síga brúnir lætur,  
eitthvað að þér  
eins og að mér  
amar, ég sé að þú grætur.

Jón Thoroddsen 1950:30

Einkennandi fyrir ljóðagerð Jóns er hrein og klár náttúrufegurð og minnir þar á skáld forrómantíkur þar sem hið óspillta er hafið til skýjanna. Nú er skammt stóra högga á milli. Sú bók sem kom Jón Thoroddsen á spjöld sögunnar var *Piltur og stúlka* en hún kom út um miðja öldina. Sagan fjallar m.a. um æskuástir Indriða og Sigríðar og minnir á *Grasaferð* í því tilliti hvað náttúran er lofsungin þó í frásögn Jónasar Hallgrímssonar eigi uppeldissystkini í hlut. Sagan *Piltur og stúlka* var brautryðjendaverk en mannlýsingar þóttu kostulegar, svo sem Bárður á Búrfelli og Gróa á Leiti. Útkoman varð þessi að sögn Ásgeir Hjartarsonar:

Jón Thoroddsen ritaði „Pilt og stúlku“ fjarri ættjörð sinni, og hefði því mátt ætla, að hann liti þjóð sína í töfraljóma, en því fer víðs fjarri; hann skopast óvægilega að löstum landa sinna, bendir á það, sem miður fer heima á Fróni. Hann lýsir nirfilshætti og búraskap sveitafólks, bakmælggi og rógi, sóðaskap og matgræðgi: hann dregur fram í dagsljósið einfeldninga og hálfgerða kjána, kjaftakindur, purkunarlausu bréfafalsara og nurlara...

Ásgeir Hjartarson 1987:66

Ásgeir minnst hér á mikilvægt atriði. Jón hafði áður verið í ferðum milli Íslands og Danmerkur. Í raun er það þessi togstreita á milli spilltrar borgar og hreinleika sveitar sem er forsenda sögunnar og persóna hennar. Dvöl Jóns erlendis skerpir þessar andstæður enda Reykjavík þá vart annað en þorp. Í sögunni eru nokkur kvæði. Fyrsta

kvæðið í *Pilti og stúlku* nefndist *Ísland (Ó fögur er vor fósturjörð)* en hafði áður birst í tímaritinu *Fjölmi í Danmörku*:

Ó, fögur er vor fósturjörð  
um fríða sumardaga,  
er laufin grænu litka börð  
og leikur hjörð í haga,  
en dalur lyftir blárri brún  
mót blíðum sólarloga  
og glitrar flötur, glóir tún  
og gyllir sunna voga.

Jón Thoroddsen 1950:1

Jón er að lýsa sumardeggi og náttúran er fyrst og fremst til yndis. Þessi strengur í ljóðagerð Jóns er einna sterkastur og lætur engan ósnortinn. Sólin leikur stórt hlutverk og textinn er fágaður. Hann kann að hafa verið ætlaður til söngs enda algengt að skáld sæju hag sinn í því að einhver semdi lög við kvæði þeirra. Hér má m.a. benda á kvæði Jónasar Hallgrímssonar, Gísla Brynjúlfssonar en líka þjóðsöng Matthíasar Jochumssonar síðar. Latínupiltar munu m.a. hafa sungið lag við þetta fræga ljóð Jóns Thoroddsens þegar þeir voru að koma af samkomum í bænum.<sup>155</sup> Kvæðið var þó síður en svo einkennandi fyrir ljóðagerð á Íslandi en þar gátu skáldin ekki horft framhjá eldgosum og köldum vetrum sem ollu búsiþjum og mannfelli. Þórir Óskarsson segir að í kvæðum sem þessum sé náttúran í aðalhlutverki, draumkennd og hrein:

Kvæðin verða þannig talin góð dæmi um áhrif þess anga borgaralegrar rómantikur í dönskum og þýskum bókmenntum sem kenndur er við *Biedermeier*. Þau lýsa að sönnu alkunnum veruleika íslensks sveitafólks en á upphafinn hátt og án þess að nokkuð raski fegurð hans og samræmi.

Þórir Óskarsson 2008:419

Kvæði sögunnar lúta því lögmálum sögunnar og því hefði það verið hreint stílbrot að varpa skugga á sveitafólkið, elskendurna í sögunni, með grófri sýn á náttúru Íslands. Í

---

<sup>155</sup> Þórir Óskarsson 2008:450

Þessu liggur styrkur Jóns Thoroddsens. Hann er í eðli sínu stílisti. Ljóðagerðin verður honum aldrei það sama og Jónasi sem leggur allt undir þegar hann veit að líf hans verður hvorki langt né hamingjusamt. Jón Thoroddsen beitir á hinn bóginn ljóðagerð sinni til að knýja þessa skáldsögu sína áfram. Þess vegna er ljóðin í anda hennar þótt þau geti vissulega staðið ein sér. Persónueinkenni renna saman við ytri ásýnd landsins. Þar sjást líka sterk einkenni frá álfasögum þjóðkvæðanna:

og logagneistum stjórnur strá  
um strindi, hulið svellum,  
en hoppa álfar hjarni á,  
svo heyrst dun í fellum.

Jón Thoroddsen 1950:1

Kvæðið er ein lofgjörð um landið og sýnir fegurð þess og líf. Jón Thoroddsen er ólíkur Jónasi sem notar slíka upphafningu til framdráttar sjálfstæðisbaráttunni. Hugur Jóns er á hinn bóginn bundinn við beinar lýsingar á landinu. Annað einkenni á rómantik Jóns er þegar hann beinir sjónum að æskunni og hinu sjúka og veika sem var háttur erlendra, rómantískra skálda. Í *Pilti og stúlku* er að finna tvö önnur kvæði og annað þeirra er vögguvísa. Sigurður Guðmundsson málarí segir m.a. um þennan kveðskap Jóns í *Skírni*:

Hann á og á hinn bóginn til grátgljúpa viðkvæmni, er hann yrkir um börn eða barna missi, t.d. í Vöggukvæði sínu er hann notar í *Pilti og stúlku* til að túlka geðshræringar og angurdrauma Sigríðar, er hún á í stríði við sjálfa sig um, hvort hún eigi að fara til Möllers kaupmanns eða eigi.

Sigurður Guðmundsson 1919:231

Þessi einstaklingshyggja rómantikur kemur því bæði fram í barninu sjálfu og í hugrenningum móðurinnar sem er á barmi örvæntingar og á erfitt val fyrir höndum. Þarna er vísað til *Vöggukvæðis* (Litfríð og ljóshærð) sem finna má í *Pilti og stúlku*. Þar er Jón örugglega minnugur ástarsvika fyrir á ævinni:

Svíkur hún seggi  
og svæfir við glaum,  
óvörum ýtir  
í örlaga straum.

Veikur er viljinn,  
og veik eru börn;  
alvaldur, alvaldur  
æ sé þeim vörn!

Jón Thoroddsen 1950:39

Í ljóðabrotinu er líka eins og áhrif frá *Lorelei* Heinrichs Heines þar sem viskunni er líkt við konu sem blekkir menn og drepur. Þetta kvæði Jóns er líka að finna í safnritinu *Snót* sem hann gaf út ásamt Gísla Magnússyni eins og áður segir. Jón þráði eins og við flest að skapa sér nafn og náttúrukvæði voru ríkjandi á þessum tíma á Norðurlöndum. Ef lífheildarhyggja er höfð í huga var maðurinn æðsta birtingarmynd náttúrunnar. Kvæðið *Smalastúlkan* eftir Jón Thoroddsen er dæmi um þessa náttúrusýn en ljóðið birtist í síðari hefti *Norðurfara* í Danmörku á sínum tíma:

Í dal á hólí hámm  
hefur und og steini grám  
hús reist sér hrund;  
veggirnir vel í hné,  
viðað af birkitré  
veitir það henni hlé  
hríðar um stund.

Jón Thoroddsen 1919:78

Fyrirmynd margra slíkra kvæða var hjarðsveinninn Davíð sem gætir hjarðar áður en guð leggur honum það á herðar að vinna Golíat.<sup>156</sup> Heinrich Heine orti m.a. um *Hjarðsveininn*. Síðar átti Steingrímur Thorsteinsson að leita í smiðju þessara skálda í *Smaladrengr* sínum.

---

<sup>156</sup> Biblían 1981:305-306

Jón Thoroddsen og Jónas Hallgrímsson eru báðir í Kaupmannahöfn þegar Íslendingar eru mitt í iðu stjórnmalabaráttunnar. Jón Thoroddsen hefur gert sér grein fyrir gildi Jónasar sem skálds því náttúrusýn þeirra minnir á fjarlægð frá heimalandi. Þetta sést vel í kvæðinu *Vorvísa 1854* sem Jón yrkir u.þ.b. er hann heldur heim til Íslands:

Vorið er komið, og grundirnar gróa,  
gilin og lækirnir fossa af brún;  
syngur í runni, og senn kemur lóa,  
svanur á tjarnir og þröstur í tún;

Jón Thoroddsen 1950:9

Hér er allt kliðmjúkt og fágað en náttúrusýnin er einmitt styrkur Jóns Thoroddsens sem ljóðskálds. Í formála að skáldsögum og kveðskap Jóns Thoroddsens fjallar Steingrímur J. Þorsteinsson um skáldskapinn í ákveðnu samhengi sem vert er að hafa í huga þegar fjallað er um ljóðagerð Jóns:

Kvæðin eru miklu hreinræktaðra afsprengi rómantíkurinnar, sögurnar með meira raunsæissvip. Kvæðin eru óvíða gædd þeim lífsmætti, að hrífi menn stórkostlega eða gagntaki, en sögurnar búa yfir slíku seiðmagni, þótt frumstæðar séu um margt. Og sem ljóðskáld er Jón arftaki, sem sagnaskáld brautryðjandi.

Steingrímur J. Þorsteinsson 1950:XXXI

Í þessum texta er e.t.v. fólgin lykillinn að ljóðum Jóns Thoroddsens. Í ljóðagerð sinni gekk hann veg sem aðrir höfðu gengið á undan honum. Annar þráður í skáldskap Jóns Thoroddsens eru erfikvæði. Sú hefð að skrifa um náungann lífs og liðinn sprettur fullsköpuð fram hjá Bjarna Thoroddsen. Í inngangi að ljóðmælum hans segir:

Erfiljóð eru sú kveðskapargrein íslensk sem á sér einna lengsta samfellda sögu. Sú saga hefur verið ákaflega lítið könnuð enda hafa þessi kvæði flest heldur takmarkað bókmenntagildi. Svo virðist sem fjörkippur hlaupi í erfiljóðagerð á Íslandi þegar komið er fram á 18du öld. Ástæðuna mun að einhverju leyti að rekja til þess að greiður aðgangur var að prentverki, ekki síst eftir að tímaritin komu til sögunnar.

Þorleifur Hauksson 1976:29

Erfikvæði eiga upphaf sitt í yrkingum um konunga og önnur fyrirmenni. Þegar fram liðu stundir fóru skáldin að beina sjónum sínum að fólki sem kannski var ekki metið að verðleikum í lifanda lífi, hafði á einhvern hátt verið vanmetið. Þó slík einkakvæði ráði ekki úrslitum í bókmenntalegu tilliti geta þau varpað ljósi á skáld og skapferli þeirra. Þegar skoðuð er æska Jóns Thoroddsens sést að hann rekur frændsemi til Bjarna Thorarensens. Þórey, móðir Jóns og Bjarni voru þremmenningar.<sup>157</sup> Bjarni var þekkt skáld og þá fyrir fegurðarskyn sitt. Hann ávarpaði náttúruna og persónugerir hana þannig í leiðinni. Slíka tækni tileinkar Jón Thoroddsen sér. Benda má á kvæðið *Málskrúð í Eyjafirði* sem er samkynja vísu Bjarna Thorarensens.<sup>158</sup> Þetta brúðarkvæði orti Jón þegar hann var í sambandi við Ólöfu árið 1840. Nokkur samgangur var milli frændanna Bjarna og Jóns því þess var getið að Bjarni hafi beðið Jón að „gá að brúðkaupsvísunum“ sem Bjarni átti að hafa ort í brúðkaupi Odds Thorarensens, lyfsölumanns á Akureyri. Jón Thoroddsen virðist nota persónulýsingar að hætti Bjarna Thorarensen þótt kannski ekki sé um beinar stælingar að ræða.

Jón yrkir líka sonnettuna *Undir Svörtuloftum* um drukknun Jóns Jónssonar skólakennara með póstskipinu Dorothe, rétt eins og Bjarni Thorarensen hafði gert árið 1817.<sup>159</sup> Þessar línur eru að finna í kvæði Jóns Thoroddsens:

Hér sefur þú í sævar grænu leiði,  
þú sonur Ísafjarðar hugum kæri,  
sem banasigð í blóma lífsins felldi.

Jón Thoroddsen 1919:22

Jón veltir fyrir sér eins og Bjarni svíplegu fráfalli þessa manns sem verður lifandi í minningunni. Tilgangurinn kann að vera sá að vara menn við dómhörku og sjá þá líf manns í heild. Sams konar sýn kemur fram í kvæði Jóns Thoroddsens um *Finn Magnússon* sem var fræðimaður í Danmörku:

---

<sup>157</sup> Jón Sigurðsson 1919:XXVII

<sup>158</sup> Jón Thoroddsen 1919:281

<sup>159</sup> Jón Thoroddsen 1919:22-23

Þá var hans hugur í heimi,  
og hvatur til starfa,  
skylduverk skyldi hann vinna  
að skipan góðs hjarta;  
góðverk hans gjörð voru eigi  
á gángstígum hræsnis,  
gladdist hans geð, er þau urðu  
til góðs, þeim er nutu.

Jón Thoroddsen 1919:173

Jón minnir á hvernig lífshlaup manns sem gengur á skjön við aðra er ekki metinn sem skyldi af samferðamönnunum. Þessi tók Jóns á erfikvæðum eru lík þeim sem lesa má úr kvæðum Bjarna Thorarensens um *Odd Hjaltalín* og *Svein Pálsson*. Bæði skáldin benda á gildi mannsins eftir að hann er dáinn, þ.e. hvað hann skilur eftir í hugum þeirra sem eftir lifa.

Ólíkt Bjarna á Jón Thoroddsen til að ganga ansi nærri mönnum þegar hann vill við það hafa. Þar réði ekki síst metnaður sem gat hlaupið með hann í gönur. Þegar Grímur var í mestum metum hjá dönskum embættismönnum yrkir Jón Thoroddsen vísurnar *Þorleifur Repp og Grímur Thomsen*.<sup>160</sup> Þar leggur Jón Þorleifi það í munn að Grímur sé á mála hjá Dönum og sé lítill Íslendingur. Um tilefni vísanna Í *Kvæðum* Jóns Thoroddsens segir að Grímur hafi tekið þátt í skandinavískum hreyfingum og þess vegna talinn dansklundaður af íslenskum stúdentum í Kaupmannahöfn.<sup>161</sup> Þegar fækkað var í utanríkisráðuneyti Dana árið 1864 fór Grímur til Íslands. Þá yrkir Jón Thoroddsen vísurnar sem hann nefnir *Við Burtför Gríms Þorgrímssonar* og undirtitillinn er *frá Kaupmannahöfn*.<sup>162</sup> Þar líkir Jón Grími við hermann sem felur sig þegar bardaginn stendur sem hæst. Mikil velgengi Gríms erlendis kann að hafa vakið öfund heima. Sjálfur þekkti Jón Thoroddsen fátækt eins og margir íslenskir námsmenn í Kaupmannahöfn. Einnig átti Jón erfitt með að ná endum saman þrátt fyrir að vera sýslumaður heima á Íslandi. Sigurður Guðmundsson málari fjallar að nokkru um skapgerð Jóns Thoroddsens í tímaritinu *Skírni* löngu síðar:

---

<sup>160</sup> Jón Thoroddsen 1919:267

<sup>161</sup> Jón Thoroddsen 1919:267

<sup>162</sup> Jón Thoroddsen 1919:266

Hann grípur á langvinnnum meinsemdum menskra manna, er þar glettinn og gamansamur. En það rýrir gildi sumra smellinna háðkvæða hans, að skáldið hefir eingöngu ort þau um einstaka menn, en ekki hirt um eða brostið lag á að gera þau almenns eðlis um leið, senda fleirum skeytið en fjendum sínum.

Sigurður Guðmundsson 1919:230

Jón Thoroddsen og Gísli Brynjúlfsson voru lengi í bréfaskiptum. Þegar Jón Thoroddsen fór alfarinn til Íslands árið 1854 kvaddi Gísli hann með kvæði.<sup>163</sup> Þar óskar hann Jóni alls hins besta, kallar hann „óðarsmið“ og óskar honum að lokum gæfu og gengis á Íslandi. Til vinar síns, Gísla Brynjúlfssonar, yrkir Jón á þessa leið árið 1859 þar sem hann talar um að niðjar Gísla séu komnir frá Gjúkum.<sup>164</sup> Jón er þarna að hugsa til starfa Gísla í Danmörku. Þannig situr lengi í mönnum dvöl í erlendu landi.

Af persónulegum kvæðum stendur eitt alveg sér. Fræðimaðurinn Steingrímur J. Þorsteinsson segir að Jón hafi líklegt ort kvæðið *Tvennir eru tímarnir* í Kaupmannahöfn.<sup>165</sup> Kvæðið er tileinkað Ólöfu Thorlacius en í því er hún sögð á lífi þótt hún sé látin árið 1854. Líklegt er, að Jón hafi ort það fyrir dauða Ólafar:

Sá, er hreggi hörðu  
hjarna nístir jörðu,  
                  hugarángurs stormur stór,  
hefir blómin barið,  
bælt og sundur marið,  
                  er um vanga flöt hann fór.

Jón Thoroddsen 1950:22

Hér gæti Jón vel verið að lýsa dvöl sinni erlendis fjarri ástkonunni. Í síðasta erindinu ber hann svo konuna saman við Freyju goðafræðinnar sem þótti fögur en duttlungafull í karlamálum. Þá er eins og hann geri sér ljóst, að sjálfur fann hann annan lífsförunaut eins og ástkonan fyrrverandi. Skáldið talar um að ekki þýði að syrgja það liðna um leið og hann óskar henni velfarnaðar.

---

<sup>163</sup> Gísli Brynjúlfsson 2003:140

<sup>164</sup> Jón Thoroddsen 1919:220

<sup>165</sup> Steingrímur J. Þorsteinsson 1950: XXII; sjá líka Jón Thoroddsen 1919:110-112

Matthías Jochumsson lýsir Jóni Thoroddsen löngu síðar í Hrappseyjarför í *Þjóðólfi* árið 1897. Þar dregur hann upp mynd af manni sem var *svipmikill og skarplegur*.<sup>166</sup> Víst þótti Jón fyndinn og sagði skemmtilega frá, en hann átti líka sínar dekkri hliðar. Hann dró oft upp myndir af náttúrunni og var vandvirkur þegar honum tókst best upp. Þess vegna eru orð Jóns Ólafssonar ritstjóra viðeigandi við fráfall Jóns Thoroddsens; *nú er svanurinn nár á tjörn*.<sup>167</sup>

## IV Einfarinn í ljóðum Gríms Thomsens

### 4.1 Forneskjan og mannlýsingar

Af þeim íslensku skáldum sem hleyptu heimdraganum og dvöldu langdvölum í erlendu landi náði Grímur Thomsen að skapa sér meiri orðstír en flestir aðrir Íslendingar á hans tíð. Hann fór ungur til Kaupmannahafnar að nema lögfræði. Samhliða henni stundaði hann klassíska málfræði (*filólógíu*) en snéri sér svo að heimspeki og fagurfræðum.<sup>168</sup> Þessi umskipti Gríms hafa verið foreldrum hans áhyggjuefni og þau talið að hann væri ekki að stunda nám sitt. Móðir hans virðist haft stórar áhyggjur, því hún skrifar bréf til Bjarna Thorarensens þess efnis að Grímur láti námið sitja á hakanum og hafi tapað sér í skáldskap.<sup>169</sup> Bjarni Thorarensen skrifar Grími frá Möðruvöllum í febrúar árið 1841:

...eg vona Þér fyrirgefíd mér a deg tala svo bert vid Ydur – því eg giöri það líka Föðurlands míns vegna – mér finnst nefnilega á þessari Öld ver nockurskonar Faraldur ad því ad einmidt þeir gáfadri – og það sem allraverst er – þeir betri af ýngri Löndum ockar sumum ecki taki Attestats... Nú óskaði eg helst ad þeir sem elska Föðurland sitt kiæmust fram, svo Fantarnir ecki komist á undan þeim, en því er verr ad vid höfum Föðurlandselskulausa nockra í Embættum bædi ýngri og eldri Þegar Þér nú þarhiá hugsid til Foreldra Ydar, vona eg ad Þér ecki reidist gömlum Kunníngia Föður Ydar fyrir Bermælgina, því sé hún um of hiá mér í þetta Sinn, þá er hún betri uppí Eyrun enn á bak.

Bjarni Thorarensen 1986: II 325

<sup>166</sup> Steingrímur J. Þorsteinsson 1943: I 49

<sup>167</sup> Gils Guðmundsson 1955:59

<sup>168</sup> Þórir Óskarsson 2007:125

<sup>169</sup> *Húsfreyjan á Bessastöðum* 1946:197; sjá líka Bjarni Thorarensen 1986: I 409

Í þessu bréfbroti sést viðhorf Bjarna Thorarensens til námsmanna þar sem hann sjálfur var afburðanámsmaður en vissi af mörgum sem misstu fótanna í solli Kaupmannahafnar. Bjarni og Þorgrímur faðir Gríms þekktust vel. Í bréfinu virðist Bjarni hafa varað Grím við gáfnastolti, óskað honum þess að hann léti námið ganga fyrir, með starf í framtíðinni í huga. Bjarni talar þar um að aldrei sé gott að plantan blómstri fyrr en stöngullinn hefur náð fullum þroska.<sup>170</sup> Grímur virðist hafa tekið þetta til sín því námið stundaði hann, en það var mest á sviði bókmennta. Þar má nefna *Om den nyfranske Poesi* (1841), *Om Lord Byron*, sem var meistaraþrófsritgerðin (1845) og *En skizze, Om Islands Stilling i det øvrige Skandinavien, fornemmelig i literær henseende* (1846) svo nokkuð sé nefnt.<sup>171</sup> Þessi upptalning gefur góða hugmynd um hvernig Grímur varði tíma sínum. Grímur þýddi erlendan skáldskap sem og íslenskan á danska tungu. Bjarni Thorarensen sendir honum m.a. nokkur kvæði sín í afskriftum eins og *Sigrúnarbrag* en minnst líka á að honum líki þýðingar Gríms á *Alpaskyttu* Schillers og útleggingu á *Gunnarshólma* Jónasar Hallgrímssonar.<sup>172</sup>

Í ritgerð sinni um franskan skáldskap segir Grímur að Viktor Hugo hafi hafnað klassískri hefð og upphafið einstaklingshyggju. Einfarinn verður síðar aflvaki í ljóðum Gríms. Hér er nauðsynlegt að huga að skapgerð hans sem verður oft forsenda mannlýsinga í ljóðunum. Grímur sjálfur virðist hafa átt við þunglyndi að stríða sem kemur m.a. fram á eintaki af *Den nyfranske Poesi* sem hann gaf Jóni Hjaltalín, síðar landlækni.<sup>173</sup> Ef til vill fannst Grími að hann ætti á brattann að sækja í mannlegum samskiptum, en kann ekki að gefast upp, ætlar sér sigur, hvað sem það kostar.

Athyglisvert er að Grímur skyldi nefna fyrsta kvæði sitt, er birtist á prenti, *Ólund*. Harmrænin atburðir verða þó m.a. til þess að Grímur kveður sér hljóðs á skáldabekk, en kvæðið birtist í *Fjölni* árið 1844. Um var að ræða minningarkvæði um tvo námsmenn við Bessastaðaskóla sem farist höfðu í Skerjafirði.<sup>174</sup> Gísli Brynjúlfsson skrifar Grími Thomsen í byrjun ágúst sama ár og ljóst er af bréfinu að Grímur er þá kominn til Kaupmannahafnar. Gísli segir m.a. frá nýjum báti sem þeir skólafélagar höfðu fengið í stað annars sem hafði horfið í óveðri eina nóttina. Nýju fleyi fylgdi þó ekki hamingjuheill því Gísli segir enn fremur:

---

<sup>170</sup> Bjarni Thorarensen 1986: II 324

<sup>171</sup> Þórir Óskarsson 2007:126

<sup>172</sup> Bjarni Thorarensen 1986: II 325

<sup>173</sup> Andrés Björnsson 1990:109

<sup>174</sup> Andrés Björnsson 1990:110

Tveir piltar, Steinþór Stefánsson og Björn Pétursson, drukknuðu nefnilega af honum á laugardaginn fyrir páska. Voru þeir að flytja pílta inn í R(eykja)vík, en svona fór á tilbakaleiðinni. Steinþór sálugi fannst strax, því hann var flæktur í masturstaumana, en Björn sálugi er ennþá ekki fundinn. Þú getur nærri, hvað það megi vera voðalegt, að fara yfir fjörð oft í hálfdimmu, þegar menn vita af skólabróður sínum niðri á sjávarbotninum, og það á bát, sem hann hefur drukknað af.

Gísli Brynjúlfsson 2003:213

Gísli minnst hér á að hinn ófundni gisti sjávarbotn en það virðist Grímur nota í kvæði sínu. Í því segir:

Og þó enginn gráti  
yfir mínu láti,  
hvorki sveinn nje svanni neinn,  
mun yfir mér þó dynja  
mar, og þungan stynja  
dökkur, bylgjubarinn steinn.

Grímur Thomsen 1919: I 224

Kvæðið hefur á sér yfirbragð hetjuskapar. Hlutskipti manns að bera beinin á sjávarbotni skapar óvissu og óhugnað hjá foreldrum um afdrif sonar. Fræðimenn hafa bent á tengsl við Byron sem í sumum kvæðum sínum lætur hetjur sínar hverfa í hafið þar sem dauðinn er lofaður. Mörgum kom þetta spánskt fyrir sjónir og ekki var Jónas Hallgrímsson hrifinn af svefni meðal lítilfjörlegra fiska.<sup>175</sup> Þórir Óskarsson talar um þýðingarbragð eða stælingu á kvæði Byrons.<sup>176</sup> Grímur birtir m.a. þýðingu á *Hafinu* eftir Lord Byron í *Nýjum fjelagsritum* sama ár eða fyrr.<sup>177</sup> Þar segir líka *og af bylgjum bráður voði / búinn dauðlegu holdi sífelt er*; og dauðinn er upphafinn.

Upplag Gríms á ekki síst þátt í því að hann beinir sjónum sínum að einstaklingnum og örlögum hans. Andrés Björnsson bendir á að Grímur átti í erfiðleikum með hemja skap sitt. Skáldið var m.a. sett af sem aðstoðarbókavörður því honum virðist hafa verið uppsigað við suma nemendur sem sóttu safn skólans.<sup>178</sup>

---

<sup>175</sup> Páll Valsson 1996:349

<sup>176</sup> Þórir Óskarsson 2008:411

<sup>177</sup> Grímur Thomsen 1934: I 201

<sup>178</sup> Andrés Björnsson 1990:107

Tveggja heima sýn skapar Grímur sér erlendis og það á ekki síst við um afturhvarf til fornra tíma. Hann finnur samsömun í fornum köppum sem einnig voru á útjaðri samfélagsins. Hann sá að erlend skáld sóttu mjög í sögulegar frásagnir. Grímur telur einstaklinginn hæfari til að koma á breytingum heldur en stofnunum eins og ríkisvaldi:

Þetta skýrir jafnframt, að sögn Gríms, hvers vegna snillingurinn verður að birtast á réttum tíma. Ef hann er of snemma á ferðinni er hann óskiljanlegur en komi hann of seint er hann úreltur. Þetta er þó ekki alveg svona einfalt. Hugmynd Gríms og Hegels virðist vera sú að hinn hugsandi snillingur hljóti alltaf að vera á undan sínum tíma. Í kjölfar hans fylgir „athafnaskáldið“ („det handlende geni“) sem er bundið nútíðinni. Þessu fylgir að á friðartímum birtast hugsandi snillingar en á ófriðartímum, þegar anda heimsins er mikið niðri fyrir, stíga athafnaskáldin fram í dagsljósið.

Kristján Jóhann Jónsson 2004:139

Grími fannst sum rómantísku skáldin ganga of langt í tilfinningamærð sem einkennt hafði *rómantismann*, en bæði Jónas Hallgrímsson og Heinrich Heine var hægt að flokka að einhverju leyti undir þá stefnu.<sup>179</sup> Mikilvægt atriði var einnig þróun tungumála, en þar segir Grímur um stöðu Íslands í Skandinavíu að *formfesta í ljóðagerð og hirðuleysi um málfar* hafi leitt til hnignunar íslenskra bókmennta.<sup>180</sup> Þessar forsendur leiða ekki síst til þess að Grímur verður öðruvísi rómantískt skáld og þar skiptir máli sýn á fornan heim norræna bókmennta. Grímur bendir sjálfur á nálgun Adams Oehlenschlägers er hann segir að hafi upphafið norræna hefð sem verður uppistaða í mörgum kvæða hans.<sup>181</sup> Grímur gekk í stúdentafélagið danska en einn af félögum þess var Adam Oehlenschläger en Grímur heimsótti hann oft.<sup>182</sup> Meðal kvæða sem Grímur þýðir eftir Oehlenschläger er *Det er et yndigt Land* sem í þýðingunni nefnist *Danmörk*:

---

<sup>179</sup> Þórir Óskarsson 2008:415

<sup>180</sup> Grímur Thomsen 1975: 45

<sup>181</sup> Kristján Jóhann Jónsson 2004:95

<sup>182</sup> Jón Þorkelsson 1934:XIV

Þar sátu´ á sögu öld  
í síðum brynjum garpar  
og bjartan skygndu skjöld;  
svo hjeldu þeir í hjörva gný;  
nú hvílast þeirra beinin  
háreftum haugum í.

Grímur Thomsen 1919: I 224

Nálgun Oehlenschlägers í ljóðagerð verður Grími hvati til að beita sams konar aðferðum í kvæðum sínum, eins og áherslu á einstaklingshyggju og á þá eðlisþætti fornanna að taka örlögum sínum af æðruleysi. Þeir bíða ósigur fyrir náttúrunni, verða hún. Þessa tveggja heima sýn má líka sjá í þýðingu Gríms á *Don Juan* eftir Lord Byron. Þar segir t.d. *Jeg vildi aðeins orðinn væri mold,/eins og jeg mergur er og bein og hold.*<sup>183</sup>

Vegna tengsla Gríms við Dani og þýðinga á erlendum bókmenntum verður líka sýn hans önnur en margra annarra Íslendinga:

Slíkur boðskapur er hins vegar hvorki fyrirferðarmikill né áberandi í kvæðum Gríms, þvert á móti vekur sérstaka athygli hversu sjaldan hann tæpir á kröfunni um frjálst Ísland. Hún hefur greinilega ekki verið hans hjartans mál í slíkum mæli sem flestra landa hans og skáldakollega. Nú er vitanlega ekki svo að honum hafi staðið á sama um landið, hann yrkir eftir sem áður um Ísland og íslensk efni, en með talsvert öðrum hætti en önnur skáld vegna þess að frelsisboðskapurinn og brýningin er fjarri.

Páll Valsson 1996:353-354

Kvæði Gríms eru borin uppi af einstaklingshyggju en ekki samhygð með löndum eða þjóðum. Forsendu fyrir mörgum mannlýsingum Gríms kann að vera að finna í honum sjálfum, einfaranum sem bjó yfir djúpum tilfinningum þótt hann bæri þær ekki beinlínis á torg. Jón Þorkelsson bókavörður lýsti honum svo:

---

<sup>183</sup> Grímur Thomsen 1934: I 203

Grímur var tæpur meðalmaður á hæð og svaraði vöxturinn sjer, grannur að holdafari og fögur í andliti, en þó hraustlegur, og sýna myndir af honum vel yfirbragð hans, ljettur á fæti, kvikur og fjörlegur í öllum hreyfingum og beinn í vexti alt í elli fram, örlyndur og geðríkur og mikið í skapið spunnið, og ekki bláþráðótt, og stilti hann því víst oft; myktist það og mjög með aldrinum...

Jón Þorkelsson 1934:XLI

Þegar útlitslýsingunni sleppir blasir við skapmikill maður en jafnframt einstaklingur mikilla tilfinninga sem hann reyndi sjálfur að stilla í hóf og þar hjálpaði ljóðagerðin mikið til. Á þessum skapgerðarþáttum virðist Grímur hafa náð meiri tökum þegar hann eltist. Grímur var móðurbróðir Karítasar Markúsdóttur og til hennar skrifar hann bréf árið 1858.<sup>184</sup> Þar er kvæði sem nefnist *Ísland* en ber yfirheitið *Ávarp til fósturjarðarinnar* en undirtitillinn er: *úr framandi landi* í kvæðasafni hans.<sup>185</sup> Mannlýsingin í upphafi kvæðisins bendir til manns sem er einmana og þráir að koma heim mitt í miðri velgengninni í Danaveldi, þráir stúlkuna heima eins og Jónas Hallgrímsson forðum.

Hvert sem mín á leið að liggja  
um láð eða meðal ölduhryggja,  
og þó jeg eigi bein að bera  
á blómum skryddri suðurströnd,  
skal jeg ávalt meyna muna,...

Grímur Thomsen 1919: I 2

Grímur Thomsen nýtur vissrar sérstöðu meðal íslenskra ljóðskálda á 19. öld. Hann gefur ljóð sín ekki út á bók fyrr en um sextugt. Fyrstu ljóðmæli hans koma ekki út fyrr en 1880 í Reykjavík og hin síðari í Kaupmannahöfn árið 1895.<sup>186</sup> Síðustu verk hans koma ekki út fyrr en árið 1906, áratug eftir lát hans.

Í mannlýsingum Gríms verður hlutlægur stíll oft ofan á, eins og hetjan verði að halda ró sinni, megi ekki afhjúpa tilfinningar sínar. Skapferli Gríms og staða hans í utanríkisþjónustu Dana hefur gert honum erfitt um vik að halda vináttu við marga

---

<sup>184</sup> Grímur Thomsen 1979: 13-14

<sup>185</sup> Grímur Thomsen 1934: I 2

<sup>186</sup> Páll Valsson 1996:350

Íslendinga sem töldu að þjóðin ætti að hafa sem minnst af Dönnum að segja. Í mörgum kvæða Gríms er einstaklingnum stillt upp andspænis fjöldanum og þar er dauðinn oft nærri. Í kvæðinu *Haugsganga Hálfis konungs* kveður Grímur:

Drekkum darraðarfull  
drepum hjör á skjöld!  
Hálfur kóngur heiman fer  
til heljar í kvöld.

Grímur Thomsen 1934: I 23

Yrkisefni Gríms eru jafnan fornöldin, menn á gráu svæði laga og réttar. Einstaklingurinn á í vök að verjast, hvort sem er í höllum, skógum eða á víðavangi. Þar er úr vöndu að ráða og erfitt á manninn að treysta. Menn sitja á svikaráðum hver við annan eins og í kvæðinu *Á Glæsivöllum* en þrátt fyrir blóð og dauða *brosir þá Goðmundur kóngur*.<sup>188</sup> Stundum er þó eins og Grímur gleymi sér og renni saman við sögupersónur sínar, minnugur veraldlegar velgengi í Danmörku. Í sama kvæði segir:

Á Grím'enum góða  
af gulli höfuð skín,  
gamalt ber hann vín;  
en horns yfir öldu eiturormur gín,  
enginn þolir drykkinn, nema jötnar.

Grímur Thomsen 1934: I 27

Þessi orð yrkir tæpast hamingjumaður og í kvæðinu gætir biturðar. Sigurður Nordal telur að í mörgum kvæðum Gríms birtist hamingjuleysi.<sup>189</sup> Grímur átti í ástarsambandi erlendis og eignast soninn Axel með Magdalene Thoresen skáldkonu. Upp úr þessu sambandi slitnaði því hún flutti til Bergen og kvæntist þar prestinum Hans Conrad Thoresen.<sup>190</sup> Hún átti þó í bréfaskriftum við Grím og hitti hann líklega í

---

<sup>187</sup> Grímur Thomsen 1934: I 27

<sup>188</sup> Grímur Thomsen 1934: I 26

<sup>189</sup> Sigurður Nordal 1934:XIV

<sup>190</sup> Kristmundur Bjarnason 2003:81; sjá líka Thora Friðriksson 1944:25

Kaupmannahöfn, en fannst hann hafa breyst og glóðin kulnuð.<sup>191</sup> Eftir varð einfarinn Grímur Thomsen. Sú karlmannlega sýn sem hann tileinkar sér í kvæðum sínum kann að vera sprottin af vonbrigðum í ástarmálum. Í kvæðum Gríms er einstaklingurinn oft sýndur í hættu og óvinirnir menn eða skepnur. Grímur sækir líka í *Heimskringlu* Snorra Sturlusonar frásögn af manni af Jamtalandi, sem gerist sekur skógarmaður og ræningi á vegum úti.<sup>192</sup> Við erum stödd í framandi umhverfi í erlendu landi í kvæðinu *Arnljótur gellini*:

Fer í gegnum skóg á skíðum  
sköruglegur halur einn,  
skarlags kyrtli sveiptur síðum,  
sára gyrður þorni fríðum;  
geislinn hans er gambanteinn.

Grímur Thomsen 1934: II 75

Þetta er heimur skíðamanna eins og í Skandinavíu. Arnljótur er vel að manni en hann er sárþjáður og á ferð um ógnvænlegan skóg. Í fornsögunni er orðið *geisl* skýrður út sem skíðastafur og gambanteinn í kvæði Gríms þá töfrastafur eða sproti.<sup>193</sup> Sólin skín á manninn sjálfan sem er á flóttu í skóglendi og heldur undan og því ber skugga hans við landið í kvöldsólinni. Næsta erindi kvæðisins hefur verið mörgum hugleikið:

Eftir honum úlfar þjóta  
ilbleikir með strengdan kvið;  
gríðar stóðið gráa' og fljóta  
greitt má taka' og hart til fóta,  
ef að hafa á það við.

Grímur Thomsen 1934: II 75

Úlfar eins og þessir þekkjast m.a. í Svíþjóð og Noregi. Maðurinn Arnljótur fer á undan úlfum sem reyna að hlaupa hann uppi og kappinn má hafa sig allan við. Iljar úlfanna eru bleikar vegna þess að kvöldsólin skín á þá á hlaupunum sbr. erindið á undan. Vel má

<sup>191</sup> Kristmundur Bjarnason 2003:87

<sup>192</sup> Snorri Sturluson 1979: II 369

<sup>193</sup> Guðrún Helgadóttir og Jón Jóhannesson 1962:83

hugsa sér að þá sé skíðamaðurinn að renna sér niður af hæð undan vörgunum. Í lok kvæðisins er sagt að hann hjálpi *fátækum* þegar þeir fara *villir vegar* sem bendir til þess að skíðamaðurinn hafi sloppið frá úlfunum enda fellur Arnljótur ekki fyrr en Stiklastöðum árið 1030 ásamt Gauka-Þóri og Afra-Fasta ef marka má Ólafs sögu helga.<sup>194</sup> Hann ber svo af öðrum á skíðunum að ekki einu sinni úlfarnir hafa roð við honum.

Grímur yrkir oft um forna tíma og virðist hafa talið að mannlegt eðli breyttist ekki hvað sem tækniframförum liði. Þorsteinn Erlingsson skáld komst því rétt að orði þegar hann benti á tengsl skáldsins við íslenska náttúru og fornan hugsunarhátt. Þorsteinn bendir hins vegar líka á hversu alþjóðlegur Grímur var sem stafaði ekki síst af tveggja heima sýn þess manns sem búið hafði erlendis. Þorsteinn talar þar um „miskunnarlausu hreinskilni“ skáldsins eða „bersögli um vini og óvini.“<sup>195</sup> Grímur hafði litið á sig sem utangarðsmann meðal landa sinna, enda lengi í þjónustu Dana. Metnaður Gríms erlendis á vegum Dana og hversu erfitt hann átti að lynda við fólk gerði hann óvinsælan á meðal Íslendinga í Danmörku. Þetta sýnir líka þann hita sem var í mönnum þar sem þeir skiptust í tvo hópa, með eða móti Dönnum og fór þá töluvert eftir því hvar menn störfuðu. Þeir sem nutu ekki góðs af yfirvaldinu gagnrýndu því hina harðlega. Í Danmörku hafði Grímur lifað hátt. Á meðan faðir hans var á lífi kvartaði sá gamli sárlega yfir eyðslusemi Gríms.<sup>196</sup> Undir lokin hafði Grímur safnað skuldum og sagði sjálfur að hann hefði verið bundinn í báða skó.<sup>197</sup> Þau mál þurfti hann að leysa áður en haldið var til Íslands. Þess vegna er kannski ekki einkennilegt að Grímur hafi fundið sig sem einstæðing sem ætti ekki í önnur hús að vernda. Á slíkum nótum virðist vera kvæðið um *Halldór Snorrason* sem hvorki finnur til gleði né hryggðar, er eins og staddur í einskis manns landi í stríði við framandi óvin, handan mannlegra samskipta.<sup>198</sup> Sigurður Nordal hefur bent á að skáldið hafi beðið skipbrot í Danmörku, bæði í starfi og einkalífi, þegar hann kaus að koma aftur til Íslands.<sup>199</sup> Grímur Thomsen var töluvert í förum á milli Íslands og Danmerkur og þess vegna er ekki alltaf gott að glöggva sig á hvort hann hafi samið kvæðin úti eða hér heima. Grímur er eins og rithöfundur sem notar sjálfan sig sem uppistöðu í mörgum kvæða sinna en með hlutlægum aðferðum fornra, íslenskra sagna.

<sup>194</sup> Snorri Sturluson 1979: II 379

<sup>195</sup> Þorsteinn Erlingsson 1958: III 277-278

<sup>196</sup> Páll Valsson 1996:349

<sup>197</sup> Kristmundur Bjarnason 2003:99

<sup>198</sup> Grímur Thomsen 1934: II 9

<sup>199</sup> Sigurður Nordal 1934:XXIII

Þegar skoðuð er sú mynd sem dregin hefur verið upp af Grími verður að huga að undirliggjandi þáttum. Hann er ekki allra, ekki hrókur alls fagnaðar sem við þekkjum úr einhverju samkvæminu, heldur einstaklingur sem á sér óvildarmenn, á í vök að verjast. Kvæðið *Skúlaskeið* ber ártalið 1864 og undirtitilinn hestavísa. Þá er Grímur í Danmörku. Hann er sumu leyti líkur manningnum á hestinum Sörla í kvæðinu. Sá á sér fyrirmynd í þjóðsögu sem í raun er munnmæli um sakamann á alþingi Íslendinga sem á líf sitt undir hestinum sínum:

Þeir eltu hann á átta hófa hreinum  
og aðra tvenna höfðu þeir til reiðar,  
en Skúli gamli sat á Sörla einum,  
svo að heldur þótti gott til veiðar.

Grímur Thomsen 1934: I 30

Í kvæðinu á Skúli við ofurefli að etja. Eftirreiðarmennirnir hafa til umráða a.m.k. tíu hesta, þ.e. *átta hófa hreina/og aðra tvenna* eins og segir í erindinu. Í lokin hefur Skúli sigur yfir fjandmönnum sínum en missir hestinn Sörla sem verið hefur honum svo fylgispakur. Hesturinn verður eins og tákn lífsmagns manns, sem þverr í glaumi Kaupmannahafnar. Þannig var líka staða Gríms á sjöunda áratug 19. aldar í Kaupmannahöfn. Grímur sjálfur átti hest þann er Sóti hét sem Friðrik VII Danakonungur vildi kaupa í Danmörku en Grímur ekki selja.<sup>200</sup> Grímur fjallar um lyndiseinkunnir hests löngu síðar og segir hann vera dulan og þolinmóðan sem vel hefði getað átt við um skáldið sjálf.<sup>201</sup> Grímur var skapmikill enda talar hann í einni af greinum sínum um berserksgang sem stafi af reiði og gremju.<sup>202</sup> Honum finnst jafnvel eðlilegt að fá útrás fyrir slíka lyndiseinkunn sem komið hefur fram í önungleik. Slíkt mislyndi hefur aflað honum óvinsælda. Hann nær síðar á lífsleiðinni betri tókum á lífi sínu. Mönnum hefur orðið starsýnt á vankanta Gríms en flestir menn eiga sér málsbætur og það á einnig við um hann. Hann birtist eins og frekar lokaður einstaklingur sem finnur tilfinningum sínum farveg í kvæðum, nær áttum í skáldskap sínum, og hefur sigur eins og Skúli í kvæðinu *Skúlaskeið*, en það er ekki sársaukalaust. Grími vegnar vel ólíkt mörgum íslenskum námsmönnum í Kaupmannhöfn í þeim skilningi að hann átti

<sup>200</sup> Sigurður Nordal 1934: XIX

<sup>201</sup> Grímur Thomsen 1887:113

<sup>202</sup> Grímur Thomsen 1975:71

farsælan embættisferil, en það er sitthvað gæfa og gjörvileiki. Í mörgum kvæða sinna, hvort sem hann virðist vera í góðra vina hópi eða einn á ferð, sýnist hann eiga mjög erfitt að samlagast öðru fólki. Hann veit af andstæðingum sínum, sem skýrir ef til vill hvers vegna hann dregur svona að gefa kvæði sín. Hann vill ekki gefa höggstað á sér.

Þegar hugað er að forsendum tveggja heima sýnar, sem snýr m.a. að háskólum á erlendri grund, fer Grímur eins og svo margir námsmenn út til Danmerkur. Hann er að sumu leyti eins og Jón Thoroddsen sem nær ekki að finna sér sálufélaga til lengri tíma ytra. Utangarðsmaðurinn verður því eins og rauður þráður í kvæðum hans og hann er sannarlega sprottinn af tveggja heima sýn. Það leikur enginn vafi á því að Grímur var metnaðargjarn. Slíkir menn eru oft öðrum þyrnir í augum. Grímur býr tilfinningum sínum búning í einförum sögukvæða sinna. Í þessu er fólgin styrkur hans, hann veit af takmörkunum sínum og ber ekki tilfinningar sínar á torg. Hann er einmani sem fjallar m.a. um konuna til forna sem virðist vera honum svo fjarlæg í nútíðinni:

Á Norðurlöndum var hún ráðgjafi og vinur manns síns, eiginkona hans og valkyrja í senn. Hún hvatti hann áður en hann gekk til víga, stundaði hann og hjúkraði honum, þegar hann kom særður heim. Ungur norrænn maður gat ekki keypt sér konu rétt eins og hest, svo sem siður var í Grikklandi; hann varð að biðja konunnar að réttum hætti, gera grein fyrir ætt sinni og afrekum, og erindislok hans voru að miklu leyti komin undir vilja meyjarinnar.

Grímur Thomsen 1975:72

Þessi orð Gríms segja töluvert um viðhorf hans til kvenna. Mannlýsingar Gríms hafa hrifið fólk en þær bera vitni manns sem lenti undir í samskiptum við fólk og um leið verður líka ljós tilfinningaleg dýpt hans sem er afleiðing höfnunar út í Danmörku. Konur verða honum ekki aðeins fráhverfar heldur líka sumir vinirnir í Kaupmannahöfn sem í glaumi og gleði snúa við honum bakinu rétt eins svikulir félagar Goðmundar kóns í kvæðinu *Á Glæsivöllum*. Sú karlmannlega sýn sem svo oft er dregin upp í kvæðum hans sýnir lokaðan einstakling sem er skáld eins og H.C. Andersen eða J.R.R. Tolkien síðar. Grímur býr sér til „útópiu“, eins konar annan heim þar sem hann þrífst betur en í veruleikanum sem virðist á stundum hafa verið honum óbærilegur. Grímur er einstaklingur sem fer úr öruggu umhverfi sínu út í óvissuna. Hann er Íslendingur sem

hélt til Danmerkur og hlaut frægð og frama en böggull fylgdi skammrifi, minna varð úr hamingju en upphefð.

## V Þjóðerni og náttúra í skáldskap Þorsteins Erlingssonar

### 5.1 Þjóðfélags- og trúmál

Hafi þjóðerni einhvern tímann mótað skáld hlýtur tveggja heima sýn þess að mótast af hvar rætur þess liggja, og hvernig skáldið síðar sér heimalandið í samhengi við umheiminn. Lítil vafi leikur á að uppvöxtur Þorsteins Erlingssonar í Fljótshlíðinni, á slóðum Íslendingasagna, einkum þá Brennu-Njáls sögu, mótaði hann síðar á lífsleiðinni. Þekkt er sagan af því þegar Matthías Jochumsson og Steingrímur Thorsteinsson „uppgötvuðu“ Þorstein og komu honum til náms í Lærða skólanum. Eins og svo mörgum íslenskum námsmönnum stóð honum ekki háskólanám til boða nema á erlendri grund. Þrátt fyrir hjálp góðra manna átti Þorsteinn Erlingsson jafnan í miklum erfiðleikum með að afla fjármuna til að stunda nám sitt í Danmörku:

Þá er haustið 1883 og Þorsteinn er stiginn á skipsfjöl og leiðin liggur til Kaupmannahafnar. Hann vill út að sjá heiminn. Þorsteinn á ekki eftir að sjá Ísland í tólf ár. Hann hefur gengið manna á milli í leit að styrk til fararinnar og framhaldsnáms, en staða hans er rýr. Hann lætur það ekki stöðva sig. Þegar til Kaupmannahafnar er komið er töluvert liðið á námstímann og útséð um Garðvist og námsstyrk eins og íslenskir stúdentar eiga rétt á. En eins og svo oft áður koma góðir menn við sögu Þorsteins og bjarga málunum.

Erna Sverrisdóttir 2000:29

Hann innritaðist í lagadeildina um haustið, sló þar slöku við, en tók að snúa sér að málfræði og síðar heimspeki sem hann lauk með fyrstu einkunn árið 1884. Hugur Þorsteins mun einkum hafa staðið til fornbókmennta eins og sonur hans segir frá í

ævisögu sinni.<sup>203</sup> Hann fer að lokum í norrænu en gengur illa að einbeita sér að náminu.<sup>204</sup> Eins og margir íslenskir stúdentar á undan honum gengur honum illa að finna sína fjöl og hverfur frá Hafnarháskóla eftir tæplega fimm ár án þess að ljúka námi.<sup>205</sup> Ástæður þess voru ekki að hann hafi tapað sér í glaumi Kaupmannahafnar. Heilsa hans var ekki upp á marga fiska og fátækur var hann fyrir. Árin úti voru oft erfið vegna fjárskorts. Þorsteinn var veill fyrir hjarta og dvöl hans í Danmörku gerði heilsu hans verri en efni stóðu til. Jóni Trausta farast svo orð:

Þorsteinn var mjög heilsuþráður allan seinni hluta ævi sinnar. Hann hafði fengið brjóstveiki á námsárum sínum í Kaupmannahöfn, og batnaði hún aldrei til fulls, svo að jafnvel var furða hvað líf hans treindist. Hann gat aldrei heldur hlíft sér og hlynnt að heilsu sinni sem skyldi. Hann sagði mér sjálfur, að oft hefði blóðhósti komið að sér í kennslustundum í Höfn, en hann verið orðinn honum svo vanur, að hann hefði alls ekki hætt við kennslustundina þess vegna, og ætíð gengið heim.

Jón Trausti 1963:179

Með námi sínu hafði hann líka sinnt kennslu sér til framfærslu sem kunni ekki góðri lukku að stýra. Sumir íslenskir námsmenn voru ásakaðir fyrir óheilbriggt lífni í Kaupmannahöfn og voru eins og á milli vita. Fyrsta stjórnarskráin var komin í höfn en í raun áttu Íslendingar langt í land að öðlast sjálfstæði og verst var ástandið þegar afturhaldsstjórnir voru við lýði í Danmörku eins og á dögum Þorsteins. Hann fær aðra sýn á stöðu Íslands innan einveldisins. Þessar aðstæður kunna að hafa ýtt undir að Þorsteinn gerðist jafnaðarmaður og tók afstöðu gegn helstu stofnunum samfélagsins sem sannarlega var stjórnað af Dönnum. Kristinn E. Andrésson varpar ljósi á þessa tveggja heima sýn Þorsteins í Kaupmannahöfn:

---

<sup>203</sup> Erlingur Þorsteinsson 1990:15

<sup>204</sup> Silja Aðalsteinsdóttir 1996:675

<sup>205</sup> Erna Sverrisdóttir 2000:31

Fyrir augum hans varð ánauð Dana í mynd einokunar, skattaráns og refsidóma aðeins einn hlekkur þess auðvalds er hvarvetna sat yfir hlut alþýðu manna. Innanlands sá hann þjóna þessa valds reiðubúna að taka þar sjálfa við sem erlendri yfirdrottun sleppti. Barátta íslensku alþýðunnar fyrir frelsi náði því út yfir þá tíma er þjóðin losnaði undan Dönun.

Kristinn E. Andrésson 1976:222

Mörgum fannst barátta Íslendinga fyrir frelsi þjóðarinnar ganga seint og illa, þótt hún fengi Magnús Stephensen sem landshöfðingja hér heima árið 1886. Þessi kyrrstaða í málefnum Íslendinga og afturhald í stjórnámálum Dana varð jarðvegur fyrir róttækar hreyfingar námsmanna í Danmörku. Þorsteinn var fullorðinn þegar hann settist á skólabeck í Danmörk og lét til sín taka í félagsmálum stúdenta. Réttindamál í anda frjálslyndu stefnunnar áttu upp á pallborðið hjá þeim. Fræðimaðurinn Ingi Sigurðsson segir m.a. að Jón Ólafsson ritstjóri hafi talið Íslendinga eiga rétt til náttúrulegs- og pólitísku frelslis.<sup>206</sup> Jafnaðarstefnan hlaut því að verða lendingin fyrir þá sem sættu sig ekki við yfirvald né stéttamun. Þorsteinn fékk aðra sýn á lífið, varð baráttumaður jafnréttis. Konungsvaldið varð honum líka þyrnir í augum. Hann gerðist róttækur og orti kvæði sem átti eftir að setja allt á annan endann. Kvæði Þorsteins tengdist hundrað ára minningu málfræðingsins Rasmusar Christians Rasks. Hann hafði átt þátt í stofnun Bókmenntafélagsins árið 1816 en á stefnuskrá þess var m.a. verndun íslenskrar tungu. Dönskuskotin íslenska var töluð í Reykjavík og öðrum verslunarstöðum á landinu frameftir öldinni enda voru flestir kaupmenn danskir. Finnur Jónsson, sem starfaði við Hafnarháskóla, segir í sjálfsævisögu sinni að hann hafi beðið Þorstein um að fella niður aðra vísuna, sem honum þótti hrottaleg, en án árangurs.<sup>207</sup> Kvæðið var sungið í hófi Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn að Þorsteini fjarstöddum sem þá var veikur.<sup>208</sup> Þegar kvæðið er skoðað í heild er það sérstaklega annað erindið sem er beinskeytt og orðhöggin látin dynja á Dönun:

---

<sup>206</sup> Ingi Sigurðsson 2006:85

<sup>207</sup> Erlingur Þorsteinsson 1990:49

<sup>208</sup> Erlingur Þorsteinsson 1990:42

Því fátt er frá Dönum, sem gæfan oss gaf,  
og glögt er það enn, hvað þeir vilja.  
Það blóð, sem þeir þjóð vorri út sugu af,  
það orkar ei tíðin að hylja:  
svo tókst þeim að meiða hana meðan hún svaf  
og mjög vel að hnupla og dylja;  
og greiðlega rit vor þeir gintu um haf –  
það geingur alt lakar að skilja.

Þorsteinn Erlingsson 1958:I 98

Við fyrstu sýn virtist allt með kyrrum kjörum en að fáeinum dögum síðar verður fjandinn laus. Danir höfðu vissulega heyrt sitt að hverju í gegnum tíðina en ástæðan fyrir uppnáminu reyndist snúa að tungumálum þjóðanna. Þorsteinn virðist ekki sjálfur hafa verið hrifinn af því upphlaupi sem kvæðið olli. Hann skrifar m.a. til Eiríks Magnússonar í janúar árið 1888 og reynir að skýra út sín sjónarmið og svo aftur nærri tuttugu árum síðar, en þar segir Þorsteinn sjálfur:

Fimm dögum síðar kemur í Dagblaðinu þýðing á miðvísunni og tveim síðustu hendingunum af hinni fyrstu. Þar er þó allt rangþýtt og umturnað. „Hnupla og dylja“ er þýtt stjæle og hæle. Síðasta hendingin „það gengur allt lakar að skilja“ er þýdd: Men det (að þeir ginntu rit vor greiðlega um haf ) er alt vanskeligere at forstaa. Þar er og kvæðið gert að níði um dönsku þjóðina alla.“

Bjarni Benediktsson 1958:42-43

Margir Íslendingar voru á öndverðum meiði við Þorstein því í hægri blöðunum birtist yfirlýsing tuttugu og þriggja Íslendinga sem sóru af sér allt samneyti við hann og töldu kvæðið ekki endurspeglar afstöðu Íslendinga gagnvart Dönum.<sup>209</sup> Pólítísk afstaða íslenskra námsmanna var tvöföld í roðinu. Menn vildu meira meiri réttindi til handa íslenskri þjóð en samt halda friðinn við dönsk yfirvöld, þar sem þeir voru í námi og jafnvel á styrkjum frá danska ríkinu. Bjarni Benediktsson talar um að pólítísk hugsun Þorsteins hafi vaknað af svefni. Hann kemur líka með aðra skýringu á tilurð kvæðisins:

---

<sup>209</sup> Erlingur Þorsteinsson 1990:47

Árið áður en konungur synjaði stjórnarskrárfrumvarpinu staðfestingar unnu dönsk stjórnvöld verk, sem íslenzkir stúdentar í Höfn létu sig einmitt varða. Danskur maður var skipaður forstjóri íslenzku stjórnardeildarinnar, að Oddgeiri Stephensen látnum. Brugðu þá landar í Höfn við og sendu Alþingi bréf, þar sem vakin var athygli á þessari óhæfu sem búi sjálfstæði voru og löggjafarvaldi „stórlega hættu“.

Bjarni Benediktsson 1958:52

Þorsteinn öðlast aðra sýn á sjálfstæðisbaráttuna. Flestir embættismenn danska einveldisins voru Danir, að Magnúsi Stephensen undanskildum en hann átti líka undir högg að sækja. Raunsæismenn eins og Hannes Hafstein og Þorsteinn voru báðir skáld. Hannes dró taum hægri armsins, en kvæði Þorsteins setti hann á bekk með vinstri mönnum. Þá sýndi kannski kvæðið líka hyldýpið milli skáldlegra þanka og stjórn mála og hve tvíeggjað sverð það var hverju skáldi að leggja ákveðnum málstað lið og eiga á hættu að verða merktur. Lokaorð Þorsteins í kvæðinu í garð Rasmusar Christians voru hvöss sem sverð:

Því lætur það börnin sín blessa þann mann  
og bera sjer nafn hans á munn.

Þorsteinn Erlingsson 1958: I 99

Fyrir kaldhæðni örlaganna er líka umhugsunarvert að Rask skyldi vera svona misskilinn, því á legstein hans var m.a. letrað að mikilvægt væri að læra allar tungur en sérstök áhersla lögð á að tapa ekki eigin tungumáli.<sup>210</sup> Sumir töldu að Þorsteini hefði verið refsað fyrir kvæðið, en hann hvarf frá námi próflaus. Þorsteinn var ekki fyrsta uppreisnarskáldið en andóf hans hélt áfram eftir hann snéri sér að kennslu og öðrum störfum. Hann minnir stöðugt á þjóðernið, á íslenska þjóð líkasta fátækum sveitabónda sem veitt er áfengi af yfirvaldinu á tyllidögum. Hina daga ársins býr hann við vesöld og kúgun. Þar kemur kvæðið *Arfurinn* upp í hugann:

---

<sup>210</sup> Sölvi Sveinsson 2007:130

Þá ljómar um salina þjóðheiður þinn,  
er þrekaði bandínginn leiddur er inn,  
og þá er þjer sigurinn sætur;  
og veislan í höllinni veglegri þá  
og vínið þar bjartara skálunum á,  
ef einhver er inni, sem grætur.

Þorsteinn Erlingsson 1958: I 99

Þorsteinn Erlingsson þekkti vissulega til manna sem lifðu við glaum og gleði þegar hann sjálfur var bláfátækur og ári síðar missir hann Garðstyrk svo draumurinn um frekara nám var úti. Þorsteinn minnir á sumu leyti á Jón Thoroddsen, sem átti líka í basli með námið og flest virtist vera andstætt, en munurinn er sá að Þorsteinn er hugsjónarmaður. Hann ætlar ekki að ganga erinda dönsku stjórnarinnar eins og Jón Thoroddsen og Grímur Thomsen. Andóf Þorsteins var í raun uppreisn gegn valdi Dana eftir áralanga ládeyðu. Það voru ekki Verðandimenn sem riðu á vaðið heldur þessi sveitarpiltur úr Fljótshlíðinni. Áhrif Georgs Brandesar eru óumdeilanleg á viðhorf Þorsteins enda fær Þorsteinn rit hans síðar að gjöf. Brandes dvelur í Danmörku á svipuðum tíma og Þorsteinn.<sup>211</sup> Ingi Sigurðsson segir m.a. um áhrif Georgs Brandesar á Íslendinga í Höfn:

Viðhorf, sem með einum eða öðrum hætti tengjast Georg Brandes, fengu góðan hljómgrunn meðal íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn, ekki sízt þeirra, sem fengust við skáldskap í anda raunsæisstefnunnar. Viðhorf af þessu tagi birtust og með tímanum í skrifum Íslendinga, sem höfðu ekki dvalizt erlendis. Gagnrýnin umfjöllun um kirkju og kristni ásamt, í sumum tilvikum, ádeilum á presta er ákveðinn angi af þessum róttækum skrifum... Í kvæðum Þorsteins á borð við „Örlög guðanna“, „Skilmálana“ og „Á spítalanum“ kemur fram mjög ákveðin afstaða að þessu leyti.

Ingi Sigurðsson 2008:174

Kvæði Þorsteins á sviði trúarinnar tengjast sambandi ríkis og kirkju. Hann beinir ekki spjótum sínum að frelsaranum og herför hans meðal gyðinga og Rómverja heldur

---

<sup>211</sup> Sigurður Nordal 1958: II 31

hvernig trúin er notuð af gjörspilltum stjórnendum síðari tíma sem blóðugt vopn til að komast yfir auðæfi annarra þjóða. Ólíkt Hermani Bang tekur Þorsteinn beina afstöðu í pólitík og siðferði í anda Brandesar. Þar skal tekið á þjóðfélagsmeinunum, þau ekki grafin, heldur borin upp í dagsljósið. Þórir Óskarsson segir m.a. um afstöðu Þorsteins:

Róttækasta uppreisnin gegn þjóðkirkjunni, guðleysi, var einna fyrst boðað af krafti og sannfæringu árið 1892 þegar *Sunnanfari*, sem var gefinn út í Kaupmannahöfn, birti kvæði Þorsteins Erlingssonar, *Örlög guðanna*. Þar kemur fram sú söguskoðun að ein trúarbrögð hreki önnur sífellt út, og ekki endilega á friðsamlegan hátt, en að lokum muni þau öll láta undan.

Þórir Óskarsson 2009:171-172

Viðhorf Þorsteins mótast vegna raunsæisstefnunnar í Danmörku, áhrifum frá Georg Brandes og fleirum, sem vildu að vandamál samtíðarinnar væru í brennidepli en ekki sópað undir teppið. Í kvæðinu *Örlög guðanna* minnst Þorsteinn kristnitökunnar þegar Þorgeir Ljósveitningagoði lagðist undir feld og kristin kirkja var lögtekin árið 1000. Um leið bendir skáldið á hvernig fjölgyðistrú heiðninnar var ýtt til hliðar. Þá víkur hann að krossferðum kristinna manna um heimsbyggðina. Þorsteinn er í kvæðinu að hugleiða hvers vegna Íslendingar sæki í trú sem á uppruna sinn á mörkum Asíu og Afríku. Þó fjölgyðistrúin sé sprottin meðal Grikkja og Rómverja og víða megi finna þess merki í Snorra-Eddu. Þau trúarbrögð hafa þróast meðal germanskra þjóða, fyrst Saxa sem meðal annars settust að í Þýskalandi og á Bretlandseyjum og þaðan bárust trúarbrögðin til Norðurlanda:

Í áshelgum ljóma nú Ísland þar stóð  
og ómaði af gígjunnar hreimi,  
og fár mundi ræna þá frjálustu þjóð  
og fegursta vígið í heimi.

Þorsteinn Erlingsson 1958: I 116

Þorsteinn minnir aftur á þá tíma þegar Ísland var frjálst og fullvalda ríki fyrir daga Gamla sáttmála. Þar ljómar af fornöldinni. Tilgangurinn með sameiningu ríkis og kirkju síðar var að komast yfir eignir Íslendinga, einkum klaustranna sem voru eins og efnuð

hjón á meðal fátæklinganna. Í ádeilum Þorsteins á kirkjuna í samfélagi manna, í anda raunsæisstefnunnar, beitir hann fyrir sig retorískum spurningum og spyr m.a. hvers vegna menn ættu að *vonast eftir hjálp að ofan* og hvers vegna kirkjan léti þjóðir komast upp með *kúgun* og *óstjórn* á meðan níðst var á smælingjum.<sup>212</sup> Raunsæismenn eins og Þorsteinn deildu líka harðlega á auðsöfnun og réðust að stéttaskiptingunni, sem sannarlega ríkti í Danmörku og þá ekki síst í höfuðborginni Kaupmannahöfn. Fræðimaðurinn Örn Ólafsson segir að ljóðskáldin Þorsteinn Erlingsson, Matthías Jochumsson og Stephan G. Stephansson beiti líkingum á sviði fjármála til að skerpa ádeilur sínar.<sup>213</sup> Hjá Þorsteini urðu stór lönd líka fyrir barðinu á skáldagáfu hans. Áður en Þorsteinn snéri heim til Íslands ferðaðist hann um sumarið m.a. til Bandaríkjanna og Kanada.<sup>214</sup> Á þessu ferðalagi hefur efalítið orðið til kvæðið *Vestmenn*, en þar koma fram raunsæisleg viðhorf gagnvart yfirvaldi. Hann minnir á hversu fátækur bókarfur þessara þjóða er samanborið við smáu eyjuna í Norður-Atlantshafi og að þeir eigi enga menningu samanborið við þá grísku og rómversku.<sup>215</sup> Erlendis hefur Þorsteinn efalítið lært að meta bókmenntaarfinn heima. Hann bendir jafnframt á misbeiting trúarinnar sem stórar þjóðir geta beitt hina minni, á sama hátt og ríki maðurinn hlunnfer þann snauða:

Og þeir, sem við Mammoni gefum að gjöf  
og gánga til trogs eins og sauðir,  
þeir eru nú farnir að eingjast í gröf  
og æpa úr jörðinni dauðir.

Þorsteinn Erlingsson 1958: I 143

Þorsteinn kom fátækur og próflaus heim, var ritstjóri um tíma á Seyðisfirði og átti hlut að máli þegar verkalýðsfélag var stofnað þar.<sup>216</sup> Skoðanir hans á þeim málum komu erlendis frá vegna tveggja heima sýnar, áhrifa sem hann varð fyrir í framandi landi en sá í kyrrstöðusamfélaginu heima réttindaleyfi hinnar fátæku stéttar.

---

<sup>212</sup> Jón Trausti 1963:173

<sup>213</sup> Örn Ólafsson 2008:163

<sup>214</sup> Silja Aðalsteinsdóttir 1996:679

<sup>215</sup> Þorsteinn Erlingsson 1958: I 139

<sup>216</sup> Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson 1997:195

## 5.2 Náttúru- og hrifningarljóð

Þorsteinn Erlingsson orti sum af náttúrukvæðum sínum fjarri heimalandinu. Hvert skáld hefur sérstaka sýn á land sitt og það er ekki síst bundið áthögunum sem hafði mest áhrif á það á þroskabraut ævinnar. Þorsteinn virðist hafa hugsað oft til Íslands og þá endurmetið landið í huganum. Þar kemur líka sýn manns sem þekkir heimanna tvenna, Ísland og Danmörk. Landinu er þó lýst á býsna raunsæislegan hátt eins og í kvæðinu *Brautin*:

Þar bíða þó óðul hins ónumda lands  
að entum þeim klúngróttu leiðum:  
sú friðkeypta ættjörð hvers frjálsborins manns,  
sem felur hin skínandi sigurlaun hans  
að baki þeim blágrýtis heiðum.

Þorsteinn Erlingsson 1958: I 183

Þorsteinn virðist að sama skapi hafa líka hugsað heim til fólksins sem hann þekkti í æsku. Þar koma til einstaklingar sem höfðu áhrif á líf hans til frambúðar. Fáir hafa sennilega haft meiri áhrif á Þorsteinn æsku en Jón söðlasmiður þegar skáldskapur átti í hlut. Þegar Þorsteinn dvelur í Danmörku yrkir hann *Til Jóns söðlasmiðs í Hlíðarendakoti*:

Ó heill sjertu, vinur, jeg hugsa til þín,  
þótt hverflyndur sje jeg og gleyminn,  
því þú hefur best opnað barnsaugu mín  
og bentir mjer fyrstur á heiminn.

Þorsteinn Erlingsson 1958: II 16

Barnið er líka hluti náttúrunnar. Sigurður Nordal leiðir að því getum, að Jón söðlasmiður hafi átt þátt í því að framtíð Þorsteins réðist þegar þjóðskáldin tvö komu þangað árið 1876.<sup>217</sup> Lítil vafi virðist á því að Jón hafi reynt að koma Þorsteini á framfæri, enda mikil fátækt á þessum slóðum. Margt fólk undir Eyjafjöllum bjó á

---

<sup>217</sup> Sigurður Nordal 1958: II 21

leigujörðum og víða var mjög þröngt í búí. Þess vegna var það ekki aðeins af virðingu við aðra sem fólk varð að láta börn sín í fóstur heldur einfaldlega af illri nauðsyn. Ættin var ennþá við lýði og tími kjarnafjölskyldunnar ókominn. Í *Æviminningum Erlings Þorsteinssonar* er sagt frá bernsku Þorsteins skálds. Þar segir m.a. að hjónin hafi verið orðin liðlega sextug þegar þau tóku Þorsteinn í fóstur.<sup>218</sup> Bjarni Benediktsson segir m.a. í ævisögu Þorsteins að tvær fjölskyldur hafi verið á Hlíðarenda og því stutt á milli bæja. Þorsteinn yrkir *Í Hlíðarendakoti* þegar hann er staddur erlendis því kvæðið birtist í *Þyrnum* árið 1997. Þar barst hlátur barna í koti sem samanstóð af tveimur býlum:

Bænum mínum heima hjá  
Hlíðar brekkum undir  
er svo mart að minnst á,  
margar glaðar stundir.  
Því vill hvarfla hugurinn,  
heillavinir góðir,  
heim í gamla hópinn minn,  
heim á fornar slóðir.

Þorsteinn Erlingsson 1958: I 101

Sigurður og Hallbera æskufélagar hans segja bæði að hann hafi verið kátur og glaðsinna.<sup>219</sup> Hann virðist hafa átt góða æsku. Í formála að kvæðum Þorsteins segir að kvæðið í Hlíðarendakoti hafi hann sent í september árið 1891 sem vísur til Guðrúnar Árnadóttur í Hlíðarendakoti, frændkonu sinnar og leiksystur.<sup>220</sup> Kvæðið orti hann fjarri ættjörð sinni og sá því æskustöðvarnar í jákvæðu ljósi. Ef til vill er það þessi ljúfa æska í skauti náttúrunnar sem verður til þess að hann sér Ísland í bjarma í Danmörku, en fátæktin á sinn þátt í því að hann er tvískiptur í eðli sínu, náttúruunandi og baráttumaður í senn:

---

<sup>218</sup> Erlingur Þorsteinsson 1990:10

<sup>219</sup> Bjarni Benediktsson 1958:16

<sup>220</sup> Sigurður Nordal 1958:34

Það var uppreisn í Þorsteini alla ævi; hann sættist hvorki við andleg né jarðnesk yfirvöld. Biturleiki hans kemur mest fram í ádeilukvæðum hans en líka í sumum ljóðum hans um ástir, þær virðast hafa reynst honum hverfular framan af ævi. En hann orti líka mörg unaðsleg ástarkvæði, bæði til kvenna og til íslenskrar náttúru, fossa hennar og litbrigða. Og hann orti fágætlega einlæg ljóð um dýr og í orðastað dýra, einkum fugla.

Silja Aðalsteinsdóttir 1996:686-687

Þorsteinn hefur, eins og raunsæisskáldin almennt, mikla samúð með þeim sem einhverra hluta vegna verða undir í lífinu, eins þótt menn eigi einhverja sök á því sjálfir hvernig líf þeirra þróast. Þessi breyting sést greinilega þegar Þorsteinn hefur dvalist í Danmörku um nokkurt skeið í smáljóðinu *Úti*:

Nú tjaldar foldin fríða  
sinn fagra blómasal;  
nú skal jeg ljettur líða  
um lífsins „táradal“.  
Mjer finst oss auðnan fái  
þar fagra rósabraut,  
þótt allir aðrir sjái  
þar aðeins böll og þraut.

Þorsteinn Erlingsson 1958: II 15

Ljóðið minnir á sálm sem er sunginn í kirkju. Andstæður gleði og þunglyndis birtast í kvæðinu. Þessi kvæði eiga sér líka kunningja sem eru þó beittari en búa yfir sams konar ljóðrænu. Náttúran nær líka til manna.

Þorsteinn átti lengi í bréfaskriftum við Ólöfu frá Hlöðum en henni hafði hann kynnst í Reykjavík. Þau höfðu leigt í sama húsi og varð vel til vana.<sup>221</sup> Í bréfum sem Þorsteins skrifar til hennar á árinu 1886 kemur fram að honum finnst konur erlendis lifa um of í rómantískum ástarsögum í stað þess að sjá að þá eru „vonin og ástin í rauninni ekki

---

<sup>221</sup> Silja Aðalsteinsdóttir 1996:691

annað en rjettar og sljettar báru á hafdjúpi mannlegrar sálar.<sup>222</sup> Þar kemur greinilega fram tveggja heima sýn. Hann sendir henni m.a. þessa vísu frá Danmörku:

Vonin mín á valtan knör  
veður gæftir бага.  
Sú hefur marga fýluför  
farið um sína daga.

Erna Sverrisdóttir 2000:79

Uppgjör virðist vera þeirra í millum ári síðar en þá hafði Ólöf giftst Halldóri Guðmundssyni smiði. Þorsteinn skrifar henni bréf í nóvember sama ár:

Mjer var skrifað af fleirrum mönnum að þú værir gift, og einn þeirra sagði mjer mjög greinilega frá því, og svo endaði hann með þessum orðum: „Og hvurninn þeir hafa sjeð til að pússa þau þar saman í myrkinu, er mjer óskiljanlegt“. Jeg brosti og tók það sem gaman eins og það var talað, enn jeg sá á brjefinu að öllum hefur komið það á óvart. Jeg þori ekki fyrir mitt líf að segja þjer hvor maðurinn er, því jeg vil ekki spilla á milli manna, enn jeg veit að þú verður bálvond við hann, enn þetta var gaman, og hann veit að mjer er vel við þig.

Erna Sverrisdóttir 2000:104-105

Þessi orð Þorsteins virðast hafa hleypt vináttusambandi þeirra Ólafar í uppnám. Hvorugt þeirra virðist þó hafa trúað á hjónabandið, ef marka má orð Þorsteins og viðhorf Ólafar í ræðu og riti. Eftir þetta tilskrif falla bréfaskipti þeirra niður, þar til Ólöf skrifar honum sjö árum síðar til Danmerkur til að þakka honum ljóð, sem birst höfðu í Dýravininum. Í Danmörku kann Þorsteinn að hafa kynnt sér verk hins norska Henriks Ibsens eins og *Brúduheimilið* eða *Rauða herbergið* eftir Svíann Johan August Strindberg en þeir deildu báðir á hjónabandið í þessum verkum sínum.

Ivar Orkland segir m.a. um nýrómantísku stefnuna að hún hafi birst sem dægurmál og ádeiluskáldskapur í anda Brandesar um 1890 á Norðurlöndum.<sup>223</sup> Þar fjallar Ívar líka um ljóðagerð á norðurhveli jarðar og segir nýrómantísku skáldin hafa

<sup>222</sup> Erna Sverrisdóttir 2000:77 og 82

<sup>223</sup> Orkland 1962:221-222

stillt *hörpuna á ný fyrir ljóðrænan skáldskap*.<sup>224</sup> Það er einmitt í Danmörku á tíunda áratugnum að Þorsteinn tekur að yrkja nýrómantísk kvæði. Stephan G. Stephansson hreifst af *Þyrnum* Þorsteins og Klettafjallaskáldið segist hafa lesið bókina „um skuggalágnættið.“<sup>225</sup> Þarna er Stephan að vísa til kvæðis Þorsteins *Lágnættið* sem Þorsteinn yrkir árið 1892:<sup>226</sup>

Sofnar lóa er laung og mjó  
ljós á flóa deyja;  
verður ró um víðan sjó,  
vötn og skógar þegja.

Þorsteinn Erlingsson 1958: I 146

Þessi þunglyndislegu kvæði segja mikið um líðan Þorsteins á erlendri grund. Hann hafði framfæri sitt af kennslu og hafði mistekist að ljúka námi. Í bréfi til Sigurðar Guðmundssonar málara getur hann blóðspýjunnar og hungurs að vetrarlagi.<sup>227</sup> Þorsteinn hafði beðið skipbrot. Sigurður Nordal víkur að þessari stöðu Þorsteins á tíunda áratug 19. aldar í formála að kvæðum hans:

Þorsteinn kvæntist í Höfn, í vonleysi sínu, veikindum og einstæðingsskap danskri konu, sem hann mun hafa átt lítið sálufélag við frá upphafi. Hún kom með honum til Seyðisfjarðar, en undi hvorki landinu né kjörum þeim, sem hann gat veitt henni. Hún yfirgaf hann af frjálsum vilja og hvarf heim til sín, án þess að nokkurri annarri konu væri um að kenna.

Sigurður Nordal 1943:46-47

Þessi kona var Vallborg Helleman en hún var ekkja. Ekki virðist hún hafa átt margt sameiginlegt með skáldinu eftir texta Sigurðar að dæma. Eins og mörg skapdul skáld leitaði Þorsteinn í náttúruna þegar eitthvað amaði að. Ef til vill gleymist í allri fræðilegri umræðu og umfjöllun um ljóðin að líta aðeins á skáldið sjálft. Þessi nýrómantík eða blæstefna ber þó viss einkenni árstíðanna eins og hjá gömlu rómantísku skáldunum. Í

---

<sup>224</sup> Ormland 1962:222

<sup>225</sup> Stephan G. Stephansson 1938: I 208

<sup>226</sup> Sigurður Nordal 1958: II 34

<sup>227</sup> Sigurður Nordal 1958:II 33

kvæðinu *Síðasta nóttin* sjást vel þunglyndisleg áhrif frá raunsæisstefnu sem rennur saman við nýrómantísk áhrif bölsýni og dauða:

Hann lagði að sjer vængina og lokaði brá;  
og loksins var helstríðið unnið,  
er hugurinn deyjandi sólina sá  
og sumar á hlíðarnar runnið.

Þorsteinn Erlingsson 1958: I 135

Á því er lítill vafi að Þorsteinn Erlingsson finnur farveg fyrir vonbrigði sín í kvæðunum. Hann finnur ekki hamingjuna í Danmörku og þess vegna virðist hann yrkja til málleysingjanna. Ein mikilvæg grein í náttúrukveðskap Þorsteins er ákall til fugla í náttúrunni. Jón Trausti rithöfundur segir m.a. um dýr í ljóðagerð Þorsteins Erlingssonar:

Samúð hans með vesalings fuglunum, sem eru að hrekjast um gaddinn í vetrarhörkunum og deyja úr kulda, fær einna átakanlegastan snilldarábúning í ljóðum hans. Kvæði eins og t.d. „Síðasta nóttin“ eru ógleymanleg. Af öllum skepnum þykir honum vænst um fuglana. Hann syngur með þeim gleðisöngvana á sumrin, þegar þeim líður vel, og hann syngur með þeim harmaljóðin á veturna, þegar mest sverfur að þeim.

Jón Trausti 1963:170

Í ævisögu Þorsteins bendir Bjarni Benediktsson á að Þorsteinn hafi m.a. kynnt sér náttúrukvæði Páls Ólafssonar.<sup>228</sup> Í raun urðu Þorsteinn og Páll miklir vinir þegar Þorsteinn flutti heim. Það er hins vegar ljóst að kvæði hafa borist milli manna út, ýmist í bréfum eða þá höfð eftir ef þau þóttu góð. Í ævisögu Erlings Þorsteinssonar segir m.a. um eitt af bestu náttúrukvæði föður hans:

---

<sup>228</sup> Bjarni Benediktsson 1958:78

Sögu þabba í Höfn ætla ég ekki að rekja hér, en þar bjó hann í rösklega tólf ár við bág kjör og vann aðallega fyrir sér með tímakennslu. Þar orti hann mörg sinna kunnustu og fegurstu ljóða og þráði alltaf Ísland eins og hann segir um sjálfan sig í kvæðinu *Sólskríkjan*...

Erlingur Þorsteinsson 1990:15

Þar kveður við nýjan tón eins og skáldið hafi tekið gleði sína á ný í fjarlægu landi. Því hefur oft verið haldið fram að heyrist söngur sé hamingjan á næsta leiti. *Sólskríkjan* er eitt af fegurstu ljóðum tungunnar:

Sú rödd var svo fögur, svo hugljúf og hrein,  
sem hljómaði til mín úr dálitlum runni;  
hún sat þar um nætur og saung þar á grein  
svo sólfögur ljóð um svo mart, sem jeg unni,  
og kvöld eftir kvöld hóf hún ástarljóð ein -  
ó, ef að þú vissir, hvað mikið hún unni.

Þorsteinn Erlingsson 1958: I 163

Fuglarnir sem önnur dýr áttu stundum hug hans allan. Þorsteinn skrifaði mikið í tímaritið *Dýravininn*. Þorsteinn birti raunar fleiri kvæði eins og litla kvæðið um *Snata og Óla* sem líka er að finna í *Þyrnum*. Þar er sagt að vísurnar um hundinn séu að einhverju leyti þýddar.<sup>229</sup> Í vísunum sýnir skáldið léttleika tilverunnar sem átti sinn þátt í að gera hann að vinsælu ljóðskáldi. Víst var Þorsteinn dýravinur eins og Grímur Thomsen og honum kynntist hann á Íslandi á seinni hluti ævinnar. Heimkoma Þorsteins og útgáfa *Þyrna* skapaði honum nafn á meðal þjóðarinnar. Ekki þarf að fara í graf götur með þau áhrif sem náttúrukveðskapur Páls Ólafssonar hafði á skáldið og færði Þorsteini jákvæðari sýn á lífið. Einar Benediktsson skáld sagði m.a. um skáldskap Þorsteins í *Þyrnum* að Þorsteinn væri skáld jafnaðarmenskunnar og æskustöðvanna.<sup>230</sup> Hugsjónir jafnaðarmenskunnar sótti hann til annarra þjóða, tveggja heima sýnar í skoðunum sem og í skáldskap.

<sup>229</sup> Þorsteinn Erlingsson 1958: I 133

<sup>230</sup> Gils Guðmundsson. 1990:124

## VI Tveggja heima sýn í kvæðum Stephans G. Stephanssonar

### 6.1 Ættjörðin og önnur lönd

Ef tveggja heima sýn hefur átt við nokkurn mann, öðrum fremur, er það Stefán Guðmundsson. Sú sýn sem hann dró upp í kvæðum sínum var geðsleg en jafnframt ógnvekjandi í hrikaleik sínum og byggði á samanburði eyjunnar í Norður-Atlantshafi og víðlendum Bandaríkjana og Kanada. Foreldrar hans voru fátækt bændafólk, sem dró fram lífið við þröngan kost. Flestir sem gengið hafa menntaveginum þekkja söguna af unglíngnum Stefáni sem hitti jafnaldra sína sem settir höfðu verið til mennta fyrir sunnan.<sup>231</sup> Stefán hefði gjarnan vilja slást í för með þeim en sökum fátæktar átti hann ekki kost að afla sér skólamenntunar. Forsenda tveggja heima sýnar var því önnur hjá Stefáni en þeirra námsmanna sem héldu til Norðurlanda eða meginlands Evrópu. Stefán fór raunar vestur um haf, í aðra átt en hinir íslensku námsmenn sem héldu á skipsfjölnum staðráðnir í að setja mark sitt á heiminn.

Ástæður þess að Stefán og fjölskylda hans héldu til Vesturheims voru náttúruhamfarir, harðindavetur og eldgos í Grímsvötnum, en það hófst í desember árið 1872.<sup>232</sup> Þá yrkir Stefán m.a. kvæðið *Veturinn 1873 – um eldgosid* og talar um að kotbæir séu huldir myrkri og ösku og afleiðingin sé vetrarríki í landinu. Víða lagðist byggð af og menn sáu ekki önnur úrræði en að freista gæfunnar erlendis.

Í nýju landi tók Stefán Guðmundsson upp nafnið Stephan G. Stephansson. Utanlandsför hans varð lengri en nokkurn gat órað fyrir og þó varð hún hvati tveggja heima sýnar. Upphaf vesturfara mun vera að rekja til dansks verslunarmanns frá Eyrarbakka, W. Wickmanns að nafni, sem fór til Milwaukee í Wisconsin en hann lofaði Ameríku.<sup>233</sup> Fyrstu smáhóparnir fóru af Suðurlandi og létu vel af landinu og þaðan birtust fréttirnar í *Norðanfara* á Akureyri.<sup>234</sup> Þar leit dagsins ljós fyrsta kvæðið, *Kveðja* eftir Stefán Guðmundsson árið 1873.<sup>235</sup> Guðmundur, faðir hans mun hafa beðið hann

---

<sup>231</sup> Viðar Hreinsson 2002:58

<sup>232</sup> Viðar Hreinsson 2002:105

<sup>233</sup> Magnús Jónsson 1955:347

<sup>234</sup> Magnús Jónsson 1955:342

<sup>235</sup> Sverrir Kristjánsson 1987:122-123

um að yrkja kvæðið. Í því birtist strax þessi sterka þjóðerniskennd, hrifning á ætterni og hrjóstrugu landi, sem átti eftir að fylgja skáldinu æ síðan:

Skjótt líður stundin; í síðasta sinni  
sváslega fósturjörð kveðja ég hlýt –  
en hún skal mér ætíð í eldheitu minni -  
aldregi framur því hana ég lít.

Stephan G. Stephansson 1958: IV 108

Stephan virðist hafa verið á báðum áttum í þessum efnunum. Sigurður Nordal bendir á kvæðið *Heimkoman* en þar segir Stefán að hann gæti aðeins hugsað sér að dvelja erlendis í fáein ár, komast í efni til að geta sest aftur að á Íslandi.<sup>236</sup> Fjölskylda Stefáns og hann sjálfur flytja búferlum til Bandaríkjanna og settust þau fyrst að í Milwaukee við Michiganvatnið í Wisconsinfylki og lengi varð sú borg miðstöð Íslendinga.<sup>237</sup> Fólk flutti ekki af landi brott nema mjög illa áraði. Fregnir vestan hafs bentu því til þess að þessa flóttafólks biði betra líf og menn kæmust smám saman í álnir. Tilveran reyndist Stephani og fjölskyldu hans erfiðari en þau bjuggust við. Líf vesturfaranna hefur ekki verið dans á rósum, flutningar á milla staða benda til þess að draumar Íslendinganna hafi ekki verið í samræmi við veruleikann:

Á þremur stöðum reisti hann bú vestra en jafnframt vann hann við skógarhögg, járnbrautalagnir og landmælingar á yngri árum. Í fimm ár var hann í Wisconsin en árið 1878 fluttist hann til Dakota þar sem hann bjó í tíu ár og þar virðist hagur hans þokkalegur. Það vekur því nokkra furðu að hann skuli enn taka sig upp og fara alla leið vestur undir Klettafjöll og gerast landnemi í Albertafylki í Kanada.

Baldur Hafstað 2009:16

Stephan þurfti að vinna í skógarhöggi í Ameríku sem var undanfari þess að vinna á akrinum. Óþlægt landið þurfti að brjóta til ræktunar eins og hann lýsir í kvæðinu um *Sigurbjörn Jóhannsson frá Fótaskinni* löngu síðar þegar ný öld var gengin í garð. Þá er eins og Stephan horfi um öxl af fjallsbrúninni og minnst þessara erfiðu tíma. Hann talar

<sup>236</sup> Sigurðar Nordal 1939:XIII

<sup>237</sup> Magnús Jónsson 1955:359

í kvæðinu um að jörðin hafi verið svo erfið yfirferðar að ljárinn hafi ekki nýst sem skyldi.<sup>238</sup> Þessi jörð sem ættmenni Stefáns sáu fyrir sér sem fyrirheitna landið verður sem ævintýramannanna í leit að gulli. Landið, sem þessir bláfátæku leiguliðar kaupa, er sannarlega ekki upp á marga fiska því í sama kvæði segir Stephan:

fá sáðland sér úthlutað óræktarmest  
í urð og með jarðvegi grunnum,  
og sjá sér svo ákveðinn uppskerubrest  
í alls-lok á hrjóstrum svo þunnum.

Stephan G. Stephansson 1953: I 157

Skáldið deildi þessum örlögum með mörgum Íslendingum. Húsin sem fólkið byggði sér voru ekki íburðarmikil. Stephan kvænist Helgu Sigríði árið 1878, en þau voru systkinabörn. Árið 1880 fara þau til Norður-Dakota sem er beint suður af Manítóba.<sup>239</sup> Í kvæðinu, *Allt fer að einu* sést mikilvægi þess að hleypa heimdraganum og skapa sér breiða lífssýn frá áttögum æskunnar heima.<sup>240</sup>

Í seinna erindinu talar hann um „flökkuár“ enda þurfti hann að sækja vinnu fjarri fjölskyldu og heimili. Einn af ljóðabálkum sínum nefnir hann því *Á ferð og flugi*. Í kvæðinu *Nýársmorgun*, sama ár og hann flytur til Norður-Dakota, lýsir hann landinu sem „haglausum örafum“ og minnst á illskeyta „norðanhríð“. Árið 1883 yrkir hann kvæðið *Vetur* og þar sést hversu fjarri hann er þeim *idealisma* sem einkenndi rómantísku skáldin. Hér virðist guð ekki vera í náttúrunni heldur minna laufin á mannlífin:

Aldrænn vetur, enginn fagnar þér,  
allir fyrir veldi þínu kvíða.  
Sumarblóm af felmtri fölnað er,  
fallið lauf af skelfing þinna hríða.  
Þú munt stolt af stóli jökulfanna  
stjórna lengst, í óþökk Guðs og manna.

Stephan G. Stephansson 1953: I 55

<sup>238</sup> Stephan G. Stephansson 1953: I 156

<sup>239</sup> Magnús Jónsson 1955:373

<sup>240</sup> Stephan G. Stephansson 1953: I 14

Tveir heimar náttúru sjást í kvæðum Stephans, heima og heiman. Dvöl hans í Kanada var honum á margan hátt framandi. Stephan segir m.a. í ræðu „Fyrir minni Bandaríkjanna“ árið 1887 af íslenskum bónda sem komið hafði til strandborga Englands. Af því að bóndanum fannst allt svo nýtískulegt varð það honum frásagnarefni þegar til Íslands var komið.<sup>241</sup>

Íslendingarnir voru frumbyggjar og urðu að reisa hús sín sjálfir úr viði skóganna í kring. Þorsteinn Matthíasson fjallar um húsakost landans í bók sinni *Íslendingar í Vesturheimi*. Þar segir hann af ungum mývetnskum hjónum sem settust að í Kanada upp úr aldamótunum 1900. Hann vitnar í Stephan og getur um hvernig hífýli Vestur-Íslendinga voru. Þetta voru oft bjálkahús sem reist voru í skjóli fyrir vindátt og í allar rifur var „troðið mosa, en reft yfir með skógvið og þakið með torfi“.<sup>242</sup> Kvæði Stephans um veturinn stöfuðu af því menn báru kvíðboga fyrir þessari árstíð. Guðrún Björk Guðsteinsdóttir hefur kannað vetrarmyndir vestur-íslenskra skálda. Hún vísar í þessu sambandi til fræðimannsins Northrops Fryes, sem segir að veturinn sé *áleitnasta þemað í kanadískum bókmenntum*.<sup>243</sup> Þar ráði tortímingarmáttur þessa árstíma og þar sé fólk eins og *minkur í gildru*. Þegar Stephan býr í Alberta í Kanada birtist kvæðið *Útlegðin í Heimskringlu* árið 1891. Söknuður og eftirsjá eftir landinu rennur saman við náttúruna sem Stephan þekkti á Norðurlandi. Kvæðið hefst á þessum ljóðlínum:

Ég á orðið einhvern veginn  
ekkert föðurland,

Stephan G. Stephansson 1953: I 101

Mikið mál hefði verið, fyrir hann og fjölskyldu hans, að taka sig upp, jafnvel óðs manns æði á þessum tímum því hún bjó við fátækt. Honum fer eins og öðrum skáldum sem dvöldu fjarri heimalandinu. Fólk sér ljóslifandi fyrir sér breiða firði, víða dali þess lands sem hann hraktist frá forðum daga:

<sup>241</sup> Stephan G. Stephansson 1948: IV 146

<sup>242</sup> Þorsteinn Matthíasson 1977:12

<sup>243</sup> Guðrún Björk Guðsteinsdóttir 2005:148

Enn um vornótt velli græna  
vermir sólskin ljóst,  
ennþá lækir hverfast kringum  
hvelfdra hlíða brjóst,  
báran kveður eins og áður  
út við fjörusand –  
en ég á orðið einhvern veginn  
ekkert föðurland.

Stephan G. Stephansson 1953: I 102

Kvæðinu lýkur hann á sama hátt og hann hóf það. Stephan sér Ísland eins og í leiftursýn þó fætur hans standi í harðbýlu landi. Bjarni Benediktsson frá Hofteigi bendir á þetta viðhorf skáldsins og talar um að Stephan hafi verið fyrsti *internasjónalistinn* í skáldahópi Íslendinga.<sup>244</sup> Þá veltir Bjarni fyrir sér þeirri „útsýn“ sem skáldskapur Stephans hefði orðið hefði hann ætíð búið á Íslandi.

Stephan hrífst af Kanada en það er að sumarlagi. Stundum renna löndin saman í einni svipan eins og kvæðinu um *Klettafjöll*. Í hrikaleik sínum verða þau eins og óbeislað náttúruafl, varnargarður og skjól en líka hálfgerð fangelsi andspænis útsýni skáldsins yfir firði Norðurlands. Skáldið gefur þeim eins konar mannlega ásýnd óvinnandi herja eða virkja í tvísæi sínu:

Skörðótt og hnjúkótt við himininn bera þau.  
Helming af vesturátt þver-sundur skera þau:  
röð þessi af heiðhvítu hrönnunum, kyngjunum,  
hnjúkum og strókum. Úr blágrýtis dyngjunum  
rammbyggða heimsálfugirðing svo gera þau.

Stephan G. Stephansson 1953: I 308

---

<sup>244</sup> Bjarni Benediktsson 1971:74

Kvæðið er mikilfenglegt enda er skáldið að lýsa stórbrotinni náttúru sem er ógnvekjandi samanborið við smæð mannsins. Við verðum minnug orða Sigurðar Nordals að ógnvekjandi náttúra vakni til lífs þegar sól er að ganga til viðar og ímyndir manna sjá tröll og forynjur í dökkbrýndu landslagi. Kvæðinu lýkur Stephan með göngu Ganglera sem blekkur er af ásum í upphafi Gylfaginningar *Snorra-Eddu*:

Klettafjöll, draumheimar eldgömlu aldanna,  
ímynd af Valhöll – sem gullræfur skjaldanna  
ljóspökin blika í blá-skýja rofinu,  
brekkuskeið dökk eru rið upp að hofinu.

Stephan G. Stephansson 1953: I 310

Stephan og fjölskylda hans voru Íslendingar í framandi landi og því tvítyngdir. Hugur hans var oft bundinn við Ísland, t.d. í kvæðinu *Móðurmáli* (1895) þar sem hann saknar íslenskunnar, óttast um hag þjóðar sem er svona smá. Á þessu skeiði ævinnar virðist hann sakna heimalandsins mikið. Í kvæðinu *Yfir minni Íslands* (1896) segir hann að landið sé eyja, ólíkt því mikla meginlandi sem Kanada er og minnir á tveggja heima sýn:

Lítill þjóð á þeirri eyju  
þolað hefur margt,  
reynt um aldir afl og seigju  
eðli lands við hart.

Stephan G. Stephansson 1953: I 123

Stephan sér þó ýmislegt sameiginlegt með landflæmum Kanada og eyjunni köldu í norðri. Viðar Hreinsson fjallar einmitt um kvæðið *Skagafjörður* (1899), bernskuslóðir Stefáns en þær virðast vera honum hið óbifanlega bjarg þegar allt um þrýtur. Í þessu kvæði dregur Stephan fram hrikaleik náttúrunnar í Skagafirði sem hann samsamar sig því, *að fjörðurinn búi í honum og hann í firðinum til eilífðar, sem hluti af skapandi hringrás lífsins*.<sup>245</sup> Þetta stöðuga áreiti frá harðbýlli náttúru er í svo mörgum kvæðum

---

<sup>245</sup> Viðar Hreinsson 2003:35

Stephans að óhjákvæmilegt verður að leita skýringa. Hann dregur upp kaldranalegar vetrarmyndir:

Frosti inn kaldi klauf hér fyrr  
klakameitlum brúnir fjalla,  
hóf í fang sitt hamrastalla,

Stephan G. Stephansson 1953: I 134

Frá þessari sýn hverfur hann inn í sumarið en þá eru fjöllin orðin honum uppspretta ánægju og gleði. Þar koma fram kostir tveggja heima sýnar, samanburður við landið heima:

Björt er sveit og sést til alls,  
sólin ríður vaðið bláa  
Tindastóls frá hnjúknum háa  
yfir að hyrnu Höfðafjalls

Stephan G. Stephansson 1953: I 136

Stephan er í mörgum kvæða sinna skáld tveggja árstíða vetrar og sumars. Togstreitan milli huga og náttúru verður ýmist til að kalla fram baráttu hjá bóndanum Stephani eða þökk fyrir sólardagana að sumri. Ein skýringin er sú að hann fer aldrei heim til Íslands nema í heimsókn og þraukar í þessu landi sem er svo frábrugðið eyjunni í norðri. Í kvæðinu *Kanada* sem ort er rétt fyrir aldamótin lítur hann á landið sem draumaland Íslendinga. Þar minnst Stephan á alla þá sem sáu landið í hillungum. Þrátt fyrir óblíða veðráttu hrífst skáldið af þessu landsflæmi í vestri að vori þegar snjóá leysir og vatnaleiðir verða færar:

Þó enn flæði höf, þau sem aðskildu lönd,  
er auðfarin leið yfir sæinn.  
Og Markland vort, Kanada, hug sinn og hönd  
þér heimurinn rétti yfir æginn.

Stephan G. Stephansson 1953: I 142

Þegar árin færast yfir Stephan verður táknsæisstefnan eðlilegt framhald þeirrar heimspekilegu sýnar sem hann hafði tileinkað sér í náttúrukvæðum sínum. Þessi áhrif sýna hversu víða Stephan leitaði fanga. Hann les það sem hann kemst yfir á enskri tungu og mótar það svo í vísnum sínum og kvæðum. Örn Ólafsson segir í bók sinni *Seiðblátt hafið* að Walt Whitman hafi verið mikilvægur í þróun prósa og brotið upp mál hefðbundinnar ljóðagerðar með kvæðasafni sínu, *Leaves of Grass*.<sup>246</sup> Bókin kom út fyrst árið 1855 og vakti vægast sagt blendin viðbrögð. Menn áttu erfitt með átta sig á þessum skilum prósa eða rímleysisu sem rauf hrynjandina og gekk í berhögg við bundið mál. Viðar Hreinsson segir að Stephan hafi síður en svo verið hrifinn af skáldskap Whitmans fyrst í stað.<sup>247</sup> Stephan hefur þó greinilega sótt í smiðju bandaríska skáldsins eins og í vísunni *Basl-hagmennid*. Þá er vert að hafa í huga náttúrukvæði erlendu skáldanna. Viðar minnst í þessu sambandi á skáldið Emerson, í síðari bók sinni um Stephan, *Landneminn mikli*:

Hann kom hugsun margra á flug og fyrir áhrif hans blómstruðu skáld eins og Oliver Wendell Holmes sem Stephan hafði kynnst í lestarbókinni góðu frá Anderson, Walt Whitman sem faðmaði mannlíf og náttúru Ameríku í allri sinni fjölbreytni í rímlausum ljóðabálkum...

Viðar Hreinsson 2002:273

Þessi frumherjahugsun manns að gefast aldrei upp fyrir náttúruöflunum sést í kvæðum Whitmans eins og „*Að leggja upp frá Paumanok*“ og „*Söngnum um sjálfan mig*“.<sup>248</sup> Stephan skapar við dvöl sína erlendis einmitt þessa fjarlægð og þá nýja sýn á Ísland í ljóðum sínum. Hann telur upp náttúrufrýrbrigði sem tengjast ættjörð eins og landi elds og ísa. Dæmi um slíkt kvæði er *Úr Íslendingadags ræðu*. Sumt af því er nýlunda eins og þessar eignarfallseinkunnir, sbr. *frænka eldfjalls og íshafs /dóttir langholts og lyngmós!/sonur landvers og skers*. Í bókmenntafræðinni telst þetta líka til myndhverfinga en líka táknsæis.

Landið Ísland verður honum líka ofarlega í huga þegar samgöngur eiga í hlut. Járnbrautir voru lagðar um Bandaríkin og Kanada með tilheyrandi blóðsúthellingum fyrir frumbyggjanna. Stephan segir í bréfi til Jóns Jónssonar árið 1915 að hann vilji

<sup>246</sup> Örn Ólafsson 2008:86

<sup>247</sup> Viðar Hreinsson 2002:146-147

<sup>248</sup> Viðar Hreinsson 2002:307

enga járnbraut um Ísland enn.<sup>249</sup> Skáldið sá hvernig breytingar í nafni framfara og efnahagslegs ávinnings sviptu menn sjálfstæði og landinu sem þeir höfðu brotið til ræktunar.

Þegar Stephan hefur tekið *symbolismann* upp á arma sína verður ekki aftur snúið. Í kvæðum Whitmans má líka finna vísun í hverful laufin sem minna á óstöðugt líf fólks.<sup>250</sup> Eitt af þeim kvæðum sem Stephan þýðir er kvæðið *The Last leaf* eftir 19. aldar skáldið Oliver Wendell Holmes en kvæðið birtist í ljóðabókinni, *Amateur*.<sup>251</sup> Hugmynd Holmes var að brjóta upp hinn hefðbundna árstíðarhring með því að gefa laufinu líf fram á næsta vor! Stephan kallar það í þýðingu sinni, *Eftirlegulauf*. Hann lýkur þýðingu sinni með þessum orðum:

Verði ég eftirlegulauf  
liðins árs, er skógarklauf  
blöðum býst,  
svo sem ég að hnjóskum hér  
hendi gaman, slíkt skal mér  
verðugt víst.

Stephan G. Stephansson 1954: II 521-522

Skáldið Holmes líkir sér við gamalmenni þegar vinir og ættingjar eru farnir yfir móðuna miklu. Laufin verða líka skáldinu Stephani vitni um hverfuleika lífsins. Stephan yrkir *Kveðið eftir drenginn minn*, en þar segir þegar hið „mjallhvíta lauf er sem ennið hans bjart.“ Ljóst er af ljóðlínunum að hér merkir hvíta laufið dauðann enda lést sonurinn á sóttisæng.

Stefán virðist jafnan eiga í sálarstríði um hvort rétt hefði verið að yfirgefa Ísland og halda á vit örlaganna í fjarlægju landi og ekki síður um hvort hann hefði átt að fara til Kanada frá Bandaríkjunum. Í bréfi til Jónasar Hall segir hann t.d. að hann hafi stundum hugleitt það að fara aftur til Dakota en erfitt sé að losna frá búi og vinnu.<sup>252</sup> Þess vegna á nafn ritgerðarinnar og leiðarminni, *Tveggja heima sýn*, hvergi betur við en hér. Stephan verður sporgöngumaður margra annarra náttúruskálða sem sjá lífið í táknsæi laufs. Hann

<sup>249</sup> Stephan G. Stephansson 1942: II 83

<sup>250</sup> Whitman 1990:146-147

<sup>251</sup> *Best Remembered Poems* 1992:49

<sup>252</sup> Stephan G. Stephansson 1942: II 19

þráir vindhviðurnar og trén sem minna á líf bóndans, bundinn jörðinni að vetrarlagi í landi stórbrotinna fjalla.

## 6.2 *Stríð og friður í skugga dauðans*

Margir hafa eflaust velt fyrir sér hvað móti lífsskoðun einstaklingsins. Sumir sækja í borgirnar, aðrir í sveitir og Stephan þekkti í raun bæði land og borg. Í sveitinni vestan hafs var vinnudagurinn langur og það var á þessum mörkum kvölds og nætur sem Stephan yrkir stóran hluta kvæða sinna. Þess vegna ekki undarlegt að skáldið skyldi síðar nefna kvæðasafn sitt *Andvökur*. Ljóðagerðin hefur verið Stephani hvíld frá amstri daganna en líka ljóð annarra. Stephan yrkir um *Þyrna Þorsteins Erlingssonar*; „Styttu margar myrkvar nætur / morgunbrag/ Lengi í kvæðum farðu á fætur / fyrir dag“.<sup>253</sup> Stephan hefur haft áhyggjur af stóru heimili, hvernig ætti að framfleyta fjölskyldu og vernda hana gegn hættum. Mesti vággesturinn var samt dauðinn. Stephan og Helga missa tvo syni sína í Vesturheimi. Sagan segir að skæð barnaveiki hafi gengið haustið 1887 sem dró Jón, son Stephans og Helgu, til dauða hinn 27. október sama ár.<sup>254</sup> Síðar missir hann Gest, annan son sinn, sem sleginn var eldingu. Í sorg sinni lærir Stephan að lífið er dýrmætast af öllu.

Þessi húmanismi, að láta sig örlög mannsins varða, verður eitt megineinkenni á skáldskap Stephans. Stefán hafði ákveðnar pólitískar skoðanir og studdi félagslegar umbætur. Viðar Hreinsson bendir á að Stephan hafi fylgt repúblikönum í Wisconsin vegna aðdáunar á Abraham Lincoln í þrælastríðinu en í Dakota fylgdi hann demókrötum sem lofuðu lækkun á verndartollum.<sup>255</sup> Þá segir Viðar ennfremur að Stephan hafi verið hallur undir siðabótahreyfingu Felix Adlers sem byggðist á hreinlífi og vitsmunabroska. Þar var farið fram á að ef fólk ætti eitthvað afgangs, léti það verkalýðsstéttina njóta góðs af til að efla viðgang hennar. Þessi jafnaðarhugsjón fylgja honum æ síðar. Menn þurfa að hafa í huga að hagur allra manna tengdist þá jafnaðarstefnu. Ingi Sigurðsson getur þess að Íslendingar hafi tekið seint upp þessar jafnaðarhugsjónir en þær megi síðar sjá m.a. hjá skáldum eins og Þorsteini Erlingssyni og Stephan G. Stephanssyni.<sup>256</sup> Robert

<sup>253</sup> Stephan G. Stephansson 1953: I 209

<sup>254</sup> Viðar Hreinsson 2002:284

<sup>255</sup> Viðar Hreinsson 2002:289

<sup>256</sup> Ingi Sigurðsson 2006:241

Green Ingersoll var einn af þeim mönnum sem hafði mikil áhrif á Stephan. Hann var lögfræðingur, heimspekilega sinnaður og taldi örlög allra manna nátengd. Þá aðhylltist hann Darwinisma, andmælti guðstrú og varð fyrir aðkasti presta.<sup>257</sup> Stephan flutti m.a. fyrirlestur um Ingersoll og minningarkvæði.<sup>258</sup> Skilaboð Stephans voru skýr. Í guðlausum heimi bar maðurinn ábyrgð á meðbræðrum sínum. Undan þeirri ábyrgð gat hann ekki skorast. Í því skyni minnir hann líka á uppruna sinn, erfiðleika landnemans og þeirra sem minnimáttar voru eins og Íslendingar í Vesturheimi. Einmitt þess vegna yrkir hann í tveggja heima sýn á íslensku í erlendu landi:

Undir lok 19. aldar höfðu Íslendingar líka eignast allstóran hóp skálda í Vesturheimi og bar þar hæst landnemann og bóndann Stephan G. Stephansson (1853–1927) sem eins og önnur vestur-íslensk skáld á þessum tíma orti nær undantekningarlaust á íslensku. Að því leyti má telja þennan útvörð „íslenskan höfund“ þótt yrkisefni hans, viðhorf og tungutak mótuðust iðulega af sérstæðum aðstæðum og vandamálum í veröld sem var um margt framandi „Austur-Íslendingum“.

Þórir Óskarsson 2009:327

Kvæði Stephans verða svona sérstæð vegna tveggja heimar sýnar því Stephan sér ekki aðeins Ísland í ljósi landanna sem hann býr í, heldur líka þau samfélagslegu vandmál sem þá voru efst á baugi. Stephan virðist að sumu leyti hafa hafnað natúralisma Emil Zola og talið veruleikann ekki geta verið eins og ljósmynd heldur þyrfti að umskapa hann, gera hann aðgengilegan lesendum.<sup>259</sup> Ein leiðin var að bæta kjör þeirra sem minna máttu sín, hamra á hvað ógnaði tilveru landnemans og bóndans. Afstaða Stephans til stríðsrekstrar er snemma til komin. Honum finnst yfirdrifið nóg að strita í sveita síns andlitis þó menn séu ekki líka í stríði við náunga sinn. Hann varar í raun við áróðri stjórnvalda og er framsýnn í þeim efnum því í kvæðinu *Upphefðin* yrkir hann árið 1890:

---

<sup>257</sup> Viðar Hreinsson 2002:197-198 og 273-275

<sup>258</sup> Viðar Hreinsson 2002:300

<sup>259</sup> Þórir Óskarsson 2009:334

Þér finnst það víst betra en flækjast hvern dag  
við frægðarlaust búamstur lýðsins,  
sem þrældóm og moksturinn metur sér hag  
og matinn sinn guðsblessun stríðsins.

Stephan G. Stephansson 1953: I 17

Bóndinn, sem bundinn er landi sínu og fénaði, er betur kominn en náunginn sem flakkar á milli svæða með stríðstól í höndum. Sverrir Kristjánsson minnst á þessa þrákelkni og baráttu skáldsins í erlendu landi þar sem Stephan tileinkar sér m.a. viðhorf náttúruvísindanna, hafnar guðshugmynd en telur þróunarhyggjuna forsendu sem birtist skýrast í ljóðum hans.<sup>260</sup> Afleiðing af guðleysi Stephans er krafa hans um jöfnuð milli manna og hvernig eigi að koma slíku skipulagi á svo allir verði sáttir. Þá er stríð andstæða þess friðar. Afstaða Stephans gegn stríði kemur vel fram í kvæðabálknum *Transvaal*. Skáldið sér langt á undan öðrum hvernig land verður stórveldi með því að komast yfir auð fátækra bænda sem geta ekki varið sig. Stephan segir líka í kvæðinu að Búinn „lét þig grafa gullið sitt,/nú girnist þú að stela hans mold!“ og vísar þá til Breta. Friðarhugsjón Stephans byggir á því að allir menn séu fæddir jafnir til lífsins:

Við bræður erum allir hér,  
þó England hafi ei suma fætt,  
við hnigum fyrr en fylgdum þér  
um feðra óðul sundur tætt –  
hér er oss Búi og Breti jafn,  
sem ber með heiðri samþegns nafn.

Stephan G. Stephansson 1953: I 539

Tilgangurinn er ekki aðeins að halda lífi heldur að lifa í friði við náungann. Stephan skrifar kvæðið *Jafningjarnir* í byrjun 20. aldarinnar. Stríðsrekstur telur hann rekinn á grunni þjóðernis þar sem krytur einstaklinga á milli verða að deilum og hatri milli einstakra þjóða og ríkja. Þetta sést vel í lok *Jafningjanna* og þar reyndist Stephan sannspár:

---

<sup>260</sup> Sverrir Kristjánsson 1987:125

Ef til víga væru ríkin  
vopnuð – öðrum megin þið,  
völd og fé á hina hlið,  
og þó hefði ekkert traust  
á, í þeirri orrahríð,

Stephan G. Stephansson 1953: I 252

Stephan fylgir ekki straumnum, heldur sker sig strax úr í afstöðu sinni til Kanada en íbúar landsins dragast um síðir inn í átök sem engan hafði órað fyrir. Sigurður Nordal fjallar um þessa afstöðu skáldsins í formála að kvæðum hans og tiltekur þar kvæðin *Transvaal* og *Vígslóði* og talar um að Stephan hafi liðið illa þar sem Kanada var hluti af breska heimsveldinu og Kanadamenn þess vegna herskyldir.<sup>261</sup> Stephan veit út frá sögu þjóðar sinnar að stórveldin éta fyrst upp þau smáu. Erfitt líf Stephans sjálfs gerði það að verkum að hann tók afstöðu með þeim sem unnu auvirðilegustu störfin sem verða líka tákn smárrar þjóðar:

Stephan hafði einlæga samúð með minniháttar og hetjur hans eru hinar óvæntu hetjur hversdagsins, kolbíturinn, unglingurinn, venjulegt fólk sem storkar ofureflinu. Af mannlegum kostum metur hann mest hetjulund þeirra sem leggja sig í hættu fyrir aðra, fordómaleysi, göfugmennsku og skynsemi.

Silja Aðalsteinsdóttir 1996:715

Ný öld var gengin í garð þegar einn af ötulustu stuðningsmönnum Stephans, séra Rögnvaldur Pétursson, gekk fram fyrir skjöldu til hjálpar skáldinu.<sup>262</sup> Bræður Rögnvaldar voru allir sterkefnaðir og munu líka hafa hjálpað Klettaskáldinu í þessum efnum, þ.e. að koma kvæðum hans á prent. Fyrsta bók hans hafði komið út í Winnipeg árið 1894 og hét *Úti á víðavangi*, en heildarverk hans, *Andvökur*, kom fyrst út ár árunum 1909–1938 og seinni heildarútgáfan, sem Þorkell Jóhannesson hafði umsjón með á árunum 1953–1958.<sup>263</sup> Stephan G. Stephansson var því virt ljóðskáld þegar stormur hildar var við sjónarrönd. Áföll í einkalífi setja mark sitt á afstöðu Stephans til styrjalda, skerpa sýn

<sup>261</sup> Sigurður Nordal 1939:XXXVII-XXXVIII

<sup>262</sup> Guðjón Arngrímsson 1998:161

<sup>263</sup> Silja Aðalsteinsdóttir 1996:703-704

hans á það sem veldur lífinu skaða. Fyrri heimsstyrjöld færir Stephani ekki aðeins ný umhugsunarefni, því sama ár og styrjöldin hefst, deyr vinur hans, Þorsteinn Erlingsson. Stephan tekur að sumu leyti upp róttækar skoðanir Þorsteins, gengur lengra í uppreisn sinni gegn erlendu valdi því hann yrkir um þennan vin sinn látinn:

Strengvell og stormrödduð, öll  
stórveldi af blundandi hljómunum  
stóðu þar, glúpin og gjöll:  
Hlekkjaðir andar í höll. –

Stephan G. Stephansson 1954: II 304

Þarna fer ekki á milli mála að Stephan er að vísa til uppreisnar Þorsteins gegn valdi Dana á námsárum Sunnlendingans í Kaupmannahöfn. Norðlendingurinn Stephan minnir á rödd skáldsins þegar fyrri heimsstyrjöldin er hafin. Stríðið breiddist út um heimsbyggðina og ýmist var barist á vígstöðvum í vestri eða austri. Þetta stríð hleypti öllu í bál og brand í Kanada líka. Í bréfi til Jóns Jónssonar frá Sleðbrjóti segir Stephan:

Þetta Norðurálfu-stríð kom óvænt og var þó fyrir löngu sjálfsagt. Fyrirkomulagið, sem er, gerði það óhjákvæmilegt. Þegar þjóðir og einstaklingar bjargast á því einu að lifa af annarra brauði, verða vopnin úr því að skera, hver eigi að éta eða láta étast. Meðal einstaklinganna innan ríkjanna er þetta reglað niður með því, sem kallast landslög og réttur, og þó ranglát séu, er til möguleiki að breyta um. Þjóðirnar, það er að segja auðvald og konungar, verða að drepast á um þetta. Bretland er nærri búið að éta upp það, sem ætt er af heiminum, og Vilhjálmur vitóði sér hvað setur, með sama lagi.

Stephan G. Stephansson 1942: II 47

Stephan hafði líka samúð með einstaklingum sem höfðu verið hlynntir styrjöldinni í upphafi en sáu í ljósi hörmunganna villu síns vegar. Skáldið Rudyard Kipling missti t.d. son sinn í Frakklandi. Íslenska skáldið hafði sannarlega veður af þessari ógæfu Kiplings og þýddi m.a. kvæði hans *If you can keep your head when all about you*. Stephan talar þar um „hold og heiminn“ og minnir á hvernig einstaklingurinn getur lifað með því að

fara ekki í manngreinarálit því margir áttu um sárt að binda.<sup>264</sup> Stephan þýðir þetta kvæði sama ár og Ísland varð fullvalda ríki og skáldið gat ekki stillt sig um að skjóta á danska kónginn. Um svipað leyti hafði Stephan verið boðið til Íslands sem hann þáði. Þangað komst Stephan og var tekið með kostum og kynjum, sérstaklega í heimabyggð sinni, Skagafirði.

Árið 1917 hefur Stephan þegar ort *Vígslóða* sem andsvar við styrjöldum allra tíma. Nafnið gæti hann hafa sótt í Grágás, en *Vígslóði* er sá kafli í lögbók hinna fornu þjóðveldislaga Íslendinga sem fjallar um manndráp og áverka. Mannfall var gríðarlegt meðal Kanadamanna í fyrri heimsstyrjöld. Guðjón Arngrímsson hefur það fyrir satt í bók sinni *Annað Ísland* að hátt í sextú þúsund manns hafi dáðið af her Kanadamanna vegna þátttöku í stríðinu.<sup>265</sup> Í blöðum og tímaritum voru endalausar fréttir af bardögum og mannfalli og það fór sannarlega ekki framhjá Stephani. Viðar Hreinsson segir um tilurð *Vígslóða*, að handritið hafi legið hjá útgefanda frá 1917.<sup>266</sup> Stephan kaus það sjálfur að geyma kannski handritið til betri tíma vegna þess að efnið var eldfimt.

Finnur bóksali Jónsson sendi fyrsta eintakið til Kanada en kverið hafði Ársæll Árnason bóksali í Reykjavík gefið út. Mjög skiptar skoðanir voru um þennan kvæðabálk. Í *Heimskringlu* fékk verkið vinsamlega dóma en í *Lögbergi* fann Jón Bíldfell kvæðinu flest til foráttu og taldi það vinna gegn hagsmunum Breta.<sup>267</sup> Í annan stað taldi hann Stephan G. Stephansson ábyrgan fyrir því að minnisvarðinn um fallna hermenn var ekki reistur. Víst er að í kvæðabálkinum *Vígslóða* er skáldinu mikið niðri fyrir. Kvæðið hefur undirtitilinn *Ræfladans*. Þar líkir hann hermönnum við þræla sem bundnir eru í báða skó, eru eins og skynlausar skepnur sem fylgja yfirboðurum sínum í blindni.<sup>268</sup> Efalítið hefur Stephan haft í huga Sturlungaöld því textinn minnir á Íslendingasögurnar og þrælasamfélagið. Af erindinu er líka ljóst að þegar Stephan hugsar til stríðs sér hann menn fyrir sér í hlekkjum hvort sem þeir marsera um göturnar eða eru í kúlnaregni á vígstöðvunum. Fyrir skáldinu valda stríð fyrst og fremst mannskaða. Stephan yrkir m.a. kvæðið *Vopnahlé* árið 1915:

---

<sup>264</sup> Stephan G. Stephansson 1954: II 484

<sup>265</sup> Guðjón Arngrímsson 1998:306

<sup>266</sup> Viðar Hreinsson 2003:323

<sup>267</sup> Viðar Hreinsson 2003:324

<sup>268</sup> Stephan G. Stephansson 1956: III 121

Sviðsetning kvæðisins er þannig að samið er um vopnahlé stutta stund vegna þess að líkahaugarnir eru orðnir of háir til að hægt sé að berjast að gagni. Meðan það varir taka tal saman tveir menn, hvor sínum megin víglínu. Annar er roskinn, hinn ungur. Báðir halda að hinn hafi sérstakan boðskap að flytja, hugsjón eða föðurtún að verja. Sá eldri er í hernum af því það er skylda, sá yngri til að vinna fyrir móður sinni sem er hermannsekkja.

Silja Aðalsteinsdóttir 1996:712

Þessi framsetning Stephans er framsýn um margt í ljósi þess að jafnvel enn í dag ganga menn í herinn ekki aðeins til að berjast fyrir föðurlandið, heldur stundum til framfærslu sér og ættingjum sínum. Niðurstaða Stephans er raunsæisleg. Hann veit sem er að sagan endurtekur sig. Alltaf verða til hervæddar þjóðir og herskáir einstaklingar sem vilja nema lönd náungans, en á eigin forsendum:

Friðinn verður friður máttleysingja –  
fáiast hann – og týndra möguleika  
stríðsins sjálfs til sigurvelds í heimi.  
Svona kaupir næsta kynslóð friðinn.

Stephan G. Stephansson 1956: III 148

Stephan var andsnúinn því frá upphafi að Vestur-Íslendingar gengju í stríðið á vegum bandaríska og breska heimsveldisins. Sumir vilja gleyma að margir Vestur-Íslendingar féllu í stríðinu. Þorsteinn Matthíasson telur að af tólf hundrað fjörutíu og fimm Íslendingum sem tóku þátt í stríðinu hafi fallið eitt hundrað fjörutíu og fjórir.<sup>269</sup> Ástæðan var sú að Kanadamenn börðust með Bretum. Því vakti andóf Stephans gegn styrjaldarþátttöku reiði meðal þeirra. Erindi það sem fór mest fyrir brjóstið á Vestur-Íslendingum var *Sláturtíðin* sem þó er aðeins eitt erindi og samið árið 1916:

---

<sup>269</sup> Þorsteinn Matthíasson 1977:244

Evrópa er sláturhús, þar myrða þeir af móði  
og mannbúka í spaðtunnurnar brytja í erg og gríð.  
Við trogið situr England og er að hræra í blóði  
með öllum sínum kaupmönnum og bæjargötulýð.

Stephan G. Stephansson 1956: III 171

Allt frá því að Bretar sækja gull í greipar Suður-Afríkubúa með Búastríðinu verður skáldinu í nöp við heimsveldi. Í kvæðinu birtist skýr tveggja heima sýn. Erindið er þó borið upp af einni myndhverfingu þar sem Evrópu er líkt við sláturhús heima á Fróni þar sem bændur draga lömb sín til slátrunar að hausti. Stephan minnir á sveitina heima þar sem dýrin eiga engra úrkost vöð, eru leidd á blóðvöll. Erindið hefur þó víðari skírskotun. England er persónugert sem slátrari sem engu eirir. Stephan minnir á að maðurinn er grimmasta skepna jarðarinnar og landið geldur þess. Í kvæðinu, *Þvottadagur*, sem hann yrkir ári eftir að styrjöldinni lauk segir Stephan:

Hjartans-fegni um friðarríki á jörðu  
rann í hvörf, en hvessti þetta auga  
ljós-sýn inn í lýðinn – sigurdrambið  
gríndi á himin holum augnatóftum.

Stephan G. Stephansson 1956: III 193

Stephan minnir á ekki sé góðs að vænta frá sigurvegurinum styrjaldarinnar þegar málin eru ekki leyst í bróðurerni. Í kvæðinu er minnst á friðinn sem rofinn er með stríðsátökum. Á því er lítil vafi að Stephan þráði frið umfram allt og þótt hann væri ekki kristinn sá hann von í mönnunum eins og frelsarinn. Þessi styrjöld var sannarlega ekki til auka trú hans á frið á jörðinni.

Í kvæðinu *Útboð* sem hann yrkir árið 1920 er e.t.v. kjarnann í boðskap skáldsins að finna. Hann veit sem er að útlendingur í landi getur átt von að búa við kúgun eins og undirokaðar þjóðir og þar kemur til sú tveggja heima sýn þess Íslendinga sem veit að heimurinn er stærri en eyjan litla í N-Atlantshafi:

Ef að þú ert, Íslendingur,  
utan heimalands,  
þar sem vofir að kreppa og ánauð  
yfir höfði manns...

Stephan G. Stephansson 1954: II 502

Í bréfi til Rögnvaldar Péturssonar vinar síns segir Stephan m.a. að hann hafi orðið „að kveða „Vígslóða“, jafnvel vegna vina sinna“.<sup>270</sup> Þannig var Stephan að eðlisfari. Afstaða hans til stríðs alla tíð skýr frá því að Bretar fóru í stríð við Búa. Leikurinn var ójafn og ekki góðs að vænta frá heimsveldinu. Stephan sá í tveggja heima sýn að land bóndans varð fyrst fyrir skaða í styrjöldum en síðan mannfólkið sem átti ættingja heima fyrir. Sigur þjóða varð líka skammvinnur og skapaði óvild og hættu á frekari ófriði. Víða var land í sárum eftir fyrri heimsstyrjöldina, sérstaklega á meginlandi Evrópu. Stephan sá í tveggja heima sýn að styrjaldir áttu eftir að fylgja mannkyninu til framtíðar.

## VII Skáld tveggja heima

### 7.1 Lokaorð

Tveggja heima sýn felur í sér fjarlægð milli staða eða vitund um tvo staði sem gerir það að verkum að menn sjá heimalandið eða héraðið í öðru ljósi. Skáldin nálgast viðfangsefni ljóða á annan hátt samfara þeim stefnum og straumum sem þau kynnast í öðru landi. Þýskaland forrómantíkurinnar var ekki eiginleg heild á síðari hluta 18. aldar heldur skiptist í ýmis konar sjálfstjórnarhéruð, sem voru eins konar ríki út af fyrir sig. Einn þáttur í tveggja heima sýn spannst af því að einstaklingar yfirlögðu heimahérað sitt og héldu á vit ævintýrana í öðrum landshluta. Wolfgang von Goethe varð lögræðingur í heimabæ sínum en vildi skoða sig um og skapa sér nafn sem skáld. Í raun hljóp á snærið hjá honum þegar hann hélt til Weimar og varð þar valdamaður, jafnframt því að hann fékk tækifæri til að vinna við leikhús staðarins. Margir staðir í nágrenni Weimar

---

<sup>270</sup> Stephan G. Stephansson 1947: III 207

endurspegluðu hreina náttúru og kyrrð sem varð skáldinu uppspretta kvæða og leikrita. Þessi umskipti urðu forsenda tveggja heima sýnar. Þetta á líka við um Friedrich von Schiller en þeim tveimur varð vel til vana. Söguleg efni urðu báðum þessum skáldum innblástur og líta má á slíka þekkingu sem framandi og hluta tveggja heima sýnar. Schiller dvaldi m.a. í Weimar sem þá var ekki stór staður en umlukinn ægifagurri náttúru sem einnig varð honum að yrkisefni. Þessa afstöðu var líka að finna hjá breska skáldinu George Crabbe sem fann þorpssæluna í tveggja heim sýn, lærði að meta þorpið heima eftir að hafa dvalist fjarri heimaslóð.

Í anda forrómantíkurinnar sóttu menn í hugmyndir A.A. Shaftesburys á 17. öld um snillinginn og til E. Youngs á 18. öld um frumleika skáldsins. Frelsisbarátta í Frakklandi og Bandaríkjunum hefur líka mikið með sjálfstæði að gera og ýtti undir einstaklingshyggju og þar með sjálfstæði einstaklingsins til sköpunar og jafnframt er gerð er sú krafa til skáldsins að það hefji sig yfir samfélagsleg gildi. Kenning Herders um þjóðarandann og heimspekingsins Montesquieus um loftslag verða m.a. ein af undirstöðum rómantíkur á meginlandi Evrópu. Skáldin Goethe og Schiller ásamt Herder fóru í fararbroddi þessarar forrómantíkur sem nefnd var *Sturm and Drang*. Hún átti síðar eftir að breytast að tilvísun og tengjast löndum og ríkjum. Þessar hreyfingar í Þýskalandi bárust fljótlega til Danmerkur. Skáld eins og Adam Oehlenschläger og síðar Nikolais F.S. Grundtvig lögðu áherslu á þjóðernisstefnu sem sprottin var af dvöl í öðrum löndum og það er því tveggja heima sýn sem breytir landslaginu í bókmenntum Dana. Þó sprettur þjóðernishyggja danskrar rómantíkur af styrjöldum, m.a. við Englendinga, og eins áttu Danir undir högg að sækja síðar þegar Þjóðverjar bætast í hópinn og vilja sundra danska einveldinu. Styrjaldir urðu því hluti af framandi sýn í ljóðagerð.

Ferðalög erlendis og dvöl í erlendu landi skapa líka gagnrýni á heimaland í anda tveggja heima sýnar. Þetta sést vel í kvæðum Lord Byrons á Ítalíu og í Grikklandi þar sem hann sér England í öðru ljósi og þá sem heimsveldi sem kúgar aðrar þjóðir. Lord Byron var ekki aðeins hefðbundið rómantískt skáld heldur þróast hann vegna dvalar erlendis. Þessi rómantík einkenndist smám saman af tvísæi og rómantískri íróníu. Stefnan var þá orðin rómantisma sem byggðist á rómantík í bland við stjórn málalega sýn. Á þessu síðasta stigi rómantíkur voru líka skáld eins og Heinrich Heine. Kúgun heimafyrir fékk skáldið til að leita til Frakklands og þetta óvinaland varð honum uppspretta nýrrar sýnar. Skáldið sótti m.a. til jaðarbókmennta eins og þjóðsagna og hið framandi land eða ókunn heimkynni verða ógnun við byggðir og ból. Hér er hinn

rómantíski einstaklingur ekki lengur drottari heimsins heldur miklu frekar hversdagsmaður alþýðu og kannski ekki skrítið að sumir fræðimenn teldu raunsæið að einhverju leyti sprottið af síðrómantik aldarinnar. Örlög Heines að deyja fjarri heimalandinu vekja líka spurningar um tveggja heima sýn. Einstaklingurinn verður útlagi en kemst ekki til heimalandsins og lokast inni í heimi erlendra borga. Þessi tveggja heima sýn byggist á því að einstaklingurinn yfirgefur gjarnan þekktan heim sinn en finnur sig í framandi umhverfi þar sem hætta og dauði eru við hvert fótstíga. Ljóðagerðin snýr líka ekki aðeins að ytri heimi skáldsins heldur innri líðan þar sem það reynir að finna raunhæfa lausn á ástandi sínu. Þessu tengt er og sálrænn óhugnaður sem eins konar afleiðing af einsemd mannsins og minnir þá módernisma seinni tíma.

Við tók raunsæisstefna þar sem ljóðskáldið beinir augum sínum að fátækt, glæpum og misrétti. Upphaf stefnunnar er að finna í Frakklandi. Þar fóru fyrir stefnunni Auguste Comte sem taldi mannsandann ofar guði og hélt því fram að mannkynið gengi í gegnum tiltekinn þroskastig sem næðu hámarki í mannsandanum sjálfum. Hippolyte Taine var annar áhrifamaður sem lagði áherslu á nákvæma kortlagningu bakgrunns, erfða og umhverfis. Frakkarnir Courbert og Champfleury bentu á hlutlægan veruleika sem varð hluti stefnunnar. Um leið varð til önnur forsenda tveggja heima sýnar. Skáldið Marie-Henry Beyle Stendhal sá hvernig rómantikinn á Ítalíu var lík hinni frönsku en fjarri þeim samfélagslegum vandamálum sem við var að etja. Skáld eins og Balzac dró upp þá tveggja heima sýn að ljóðskáldið væri eins og útlendingur í eigin landi, útlagi á jaðri samfélagsins. Rithöfundurinn Viktor Hugo fór að beina spjótum sínum að því sem miður fór í frönsku samfélagi. Hlutlægni í frásögn varð mikilvæg og lögð var áhersla á að lítið færi fyrir höfundinum í verkinu. Ljóðskáldið Charles Baudelaire mat skáldskapinn sem raunveruleika sem þyrfti að bera fram fyrir lesendur og ljóðskáldið Rimbaud beindi m.a. sjónum að trúverðugleika texta og í því skyni skoðaði hann m.a. styrjöld Prússa og Frakka, en ekki í stríðsljóma heldur sem hildarleik þar sem mannlífur var fórn að til einskis. Örlög einstaklingsins urðu honum hugleikin.

Þessar raunsæislegu hugmyndir með samfélagið í brennidepli bárust til Norðurlanda og þar var rómantísku stefnunni tekið opnum örmum. Undanfari þessarar tveggja heima sýnar var þó dvöl skáldanna fjarri heimaslóðum. Eitt af þessum skáldum Norðurlanda var Georg Brandes sem kynnti sér erlendis hina nýju strauma og flutti fyrirlestra í heimalandi sínu, Danmörku. Hann fjallaði m.a. um stofnanir, svo sem kirkjuna og það gríðarlega vald sem hún hafði yfir þegnum sínum, og stofnun eins og hjónabandið, sem hann taldi hefta frjáls samskipti kynjanna. Brandes kynnti m.a. natúralismann á

Englandi en annað danskt skáld, Drachmann, kynnti sér vel jafnaðarhugmyndir á meginlandinu, deildi á guðstrú og aðhylltist darwinisma, en hann krafðist þess að maðurinn bæri ábyrgð á gjörðum sínum. Raunsæisskáldin settu vandamál samfélaganna undir mæliker og reyndu að finna á þeim lausnir í ljóðum sínum. Ljóðskáldið var því orðið mannvinur og í orðum þess fólst ný sýn þar sem hver einstaklingur í samfélaginu var tekinn fyrir og réttur hans skoðaður með tilliti til heildarinnar. Nýrómantíkin sem tók við af raunsæisstefnunni kom aftur til vegna þess að menn töldu að raunsæisskáldunum hefði ekki tekist að leysa vandamál samfélagsins. Þess vegna urðu skáld sem áður höfðu aðhyllt natúralismann nýrómantísk. Einstaklingshyggja tók aftur við, en innhverf og bölsýn, enda tímanna tákni í skugga upplausnar og styrjalda. Mörg nýrómantísku skáldanna eins og Sophus Claussen hrifust af franskri lyrik og dvöldu á meginlandi Evrópu þar sem þau settu sér stefnumið. Claussen notaði m.a. blöndun skynsviða og skapaði hughrif eða stemmingu í ljóðum sínum. Nýrómantísku skáldin hugsuðu sér æðri heim og beittu táknum og myndhverfingum á óræðan hátt sem lesandinn varð að túlka sjálfur. Dæmi um slíkt skáld var Helge Rode sem notaði dauðann sem tákni í sumum ljóða sinna. Sú tveggja heima sýn byggðist á vonbrigðum með heiminn, aðeins einstaklingurinn gat breytt samfélaginu, hópar eða samtök reyndust ekki geta boðið upp á lausnir á vandmálum lífsins.

Íslenskir námsmenn og skáld kynntust rómantísku stefnunni í byrjun 19. aldar. Einn af frumkvöðlum íslenskrar rómantíkur var Bjarni Thorarensen sem m.a. í náttúrukvæðum sínum lagði áherslu á skapgerð Íslendinga með hliðsjón af loftslagi, sem var mjög í anda Montesquieu. Jónas Hallgrímsson tengdi náttúrusýn við sjálfstæðisbaráttu þjóðar sinnar. Hann kynnti líka til sögunnar nýja bragarhætti sem hann hafði kynnt í Danmörku en líka skáld eins Heinrich Heine og minnti þar á einsemd manns í fjarlægum landi. Náttúrukvæði hans verða því endurspeglun á vanda einstaklingsins erlendis og þrá hans eftir sameiningu við heimalandið. Jónas minnti á forna stöðu Íslands þar Íslendingar sínum málum sjálfir. Önnur skáld sem ganga í þessa slóð, t.d. Jón Thoroddsen, vildu eins og Jónas fá þing heim til Íslands. Sýn Gríms Thomsens var þó önnur en hann naut hann lengi velgengi í Danmörku. Grímur aðhylltist lífheildarhyggju en hún birtist í sumum ljóða hans og þau áhrif voru komin úr alþjóðlegri heimspeki sem hann tileinkaði sér í Danmörku. Hann sá að Norðurlandabúar virtust íhaldssamir í eðli sínu og vildu halda á lofti sínum þjóðeinkennum og um leið féll þessi heildarsýn ekki að þeirra viðhorfum.

Raunsæisstefnu kynntust Íslendingar m.a. í verkum Georgs Brandesar og Hermans Bangs í Danmörku. Nú skyldi skoða þau vandamál sem þjáðu borgarana, hversdagsmanninn í heimi ómannúðlegs samfélags. Verðandimenn í Danmörku gerðu aðsúg að rómantísku skáldunum og töldu þau úrelt. Þorsteinn Erlingsson kom að þessari baráttu en beitti sér líka í anda sjálfstæðisbaráttunnar fyrir félagsmálum sem og ljóðagerð. Sömu sögu var að segja af Stephani G. Stephanssyni sem minnti á mikilvægi tungumálsins hjá lítilli þjóð sem forsendu sjálfstæðis. Hann sá í tveggja heima sýn hvernig þjóðarbrot sem höfðu ekki sjálfstætt tungumál voru undirokuð og innlimuð í stærri heildir. Stephan og Þorsteinn voru báðir jafnaðarmenn sem hreyfðu við stöðnuðum hugsunarhætti heima á Íslandi. Önnur skáld sem dvöldu í Danmörku síðar aðhylltust nýrómantík og þar var maðurinn sýndur guðlausum heimi í skugga styrjaldar þar sem ríkti bölsýni og ótti um afdrif einstaklingsins.

Staða skólamála á Íslandi varð ein meginforsenda tveggja heima sýnar. Stúdentar á Íslandi voru neyddir til að sækja frekari menntun til Norðurlanda. Skólarnir á Íslandi eins og Bessastaðaskóli, og síðar Lærði skólinn, útskrifuðu nemendur sem sjálfkrafa voru í þeirri stöðu að þurfa að leita út fyrir landsteinana til að sækja frekari menntun til að ljúka embættisprófi. Skáld eins og Jón Thoroddsen og Grímur Thomsen héldu báðir til Kaupmannahafnar og hófu nám í lögfræði sem þótti vænlegur kostur. Jón Thoroddsen lenti í vandræðum erlendis vegna einkamála og ljóst var af veru hans í Kaupmannahöfn að hann var vansæll og fljóthuga. Gísli Brynjúlfsson virðist hafa verið honum góður vinur og haft afgerandi áhrif á vilja Jóns til að finna bókmenntaáhuga sínum farveg með skáldsagnaritun þar sem hann notar ljóðin eins og til stuðnings. Þetta sést bæði á útgáfu *Norðurfara* sem eftir bréfi Jóns að dæma hefur verið í höndum Gísla sem virðist líka hafa fyrirgefið honum að hafa hlaupið út undan sér með því að vígbúast og fara í stríð með Dönum. Ritgerð Gísla um háskólanám í Danmörku er dýrmæt heimild um þann vanda sem margir íslenskir námsmenn áttu við að stríða vegna ónógs undirbúnings og takmarkaðrar þekkingar á dönsku skólakerfi. Í ritgerðinni kemur greinileg fram vilji til að huga að háskólastofnun á Íslandi. Þetta sér hann í ljósi tveggja heima sýnar og reynslu í Danmörku. Gísli endurspeglar almenna skoðun íslenskra námsmanna í Kaupmannahöfn sem iðulega lenda í vandræðum í námi sínu. Þar nefnir Gísli m.a. lögfræði, prestskap og læknisstörf sem námsmenn virðast sækja í sem sýnir líka hvað íslenska bændasamfélagið var staðnað og stéttskipt.

Jón Thoroddsen er fyrst og fremst náttúruskáld og fegurðarsinni í ljóðum sínum. Nálgun hans er önnur en Jónasar Hallgrímssonar sem oftlega minnti á stöðu þjóðar

sinnar til forna og í samtíð. Ljóðin í *Pilti og stúlku* sýna þá tilfinningalegu togstreitu sem Jón á við að stríða. Þegar hann finnur sér loks konu hérlendis þrýstir tengdafaðir hans á að hann ljúki námi sínu erlendis. Forsenda tveggja heima sýnar í kvæðum Jóns byggir raunar á því að hann er stöðugt á faraldsfæti á milli Danmerkur og Íslands. Í einkakvæðum sínum tekur Jón upp þráð skálda eins og Bjarna Thorarensens. Meginhugmynd slíkra kvæða var að sjá einstaklinginn í heild, minna á kosti ekki síður en bresti hans sem mönnum hafði kannski verið frekar starsýnt á. Jón gat verið mjög persónulegur og virðist stundum hafa farið yfir markið í gagnrýni sinni á tiltekna einstaklinga, en á hinn bóginn var hann hlýr við þá sem hann hreifst af eða voru honum vinir. Ljóð Jóns spegla einstakling sem er að mörgu leyti tvískiptur, glaðvær og með góða innsýn inn í sálarlíf náungans, en líka viðkvæmur og metnaðargjarn eins og sjá má í sumum persónulegum kvæðum hans um einstaka menn.

Grímur Thomsen lenti í vandræðum í námi eins og Jón en hélt þó betur á spöðunum. Bjarni Thorarensen skáld ýtti á hann að takast á við námið. Grímur lét undan og lauk námi með glæsibrag. Grímur skapar sér nafn sem ljóðskáld á harmrænum nótum úti í Danmörku og þó eru það atburðir á heima Íslandi sem verða honum upphaf skáldskapar. Grímur er þekktastur fyrir söguljóð sín en þar gæðir hann einstaklinganna ótrúlegu lífi eins og hann hafi sjálfur tekið sér bólstað í hetjunum. Rauður þráður í skáldskap hans er einfarinn sem á í stríði við aðra en hefur sigur sem þó er ekki án áfalla. Skapgerðareinkenni Gríms koma fyrir hér og þar, en jafnan á lifandi hátt. Hann virðist hafa kosið að draga það að gefa út kvæði sín og þá vegna andstæðinga sinna sem hafa sótt að honum úr öllum áttum. Þessi aðferð skáldsins var sprottin af tveggja heima sýn, vonbrigðum þar sem ekki fór saman velgengni í starfi og hamingja. Grímur nær ekki að finna sér sálufélaga erlendis til langframa, verður einmani sem berst við ofurefli en finnur tilfinningum sínum veg í sögukvæðunum í stað þess að eyða of mikilli orku í að munnhöggvast við menn. Afstaða íslenskra manna til hans í Danmörku var ekki sérstaklega málefnaleg. Hún var sprottin af öfund að sumu leyti en líka vegna skaplyndis Gríms, en honum finnst hann ekki eiga mikla samleið með mörgum samlanda sinna í Kaupmannahöfn enda í starfi á vegum Dana lengi vel. Eftir standa stórbrotin kvæði Gríms sem lifað hafa sérhverja orrahríð til dagsins í dag.

Þorsteinn Erlingsson er enn eitt dæmið um námsmann sem fer illa að ráði sínu í Danmörku. Heilsuleysi mun þó hafa átt hlut að máli. Enginn gengur af eins miklum krafti í að deila á Dani og raunar stofnanir samfélagsins og hann. Þessi tveggja heima sýn kemur líka fram í náttúrukvæðum hans sem mörg eru samin út í Danmörku. Hann

lýkur ekki námi heldur ílendist í Danmörku. Hann á það sameiginlegt með Jóni Thoroddsen og Grími Thomsen að finna ekki hamingjuna á erlendri grund. Í ádeilukvæðum sínum er hann fáum líkur, beinskeyttur og aðhyllist raunsæisstefnu.

Náttúruljóð hans eru á hinn bóginn mörg tær hvort sem hann yrkir um menn eða málleysingja. Þorsteinn var því tvískipt skáld, þjóðfélagsrýnir í aðra röndina en náttúruskáld svo fáir hafa ort um móður náttúru af slíkri list sem hann. Þá var dvöl hans erlendis mikilvæg í ljóðagerð hans og tveggja heima sýn setur mark á kvæði hans.

Stephan G. Stephansson hefur vissa sérstöðu á meðal skáldanna fjögurra. Hann heldur ekki til Norðurlanda eins og hinir, heldur skapast hans tveggja heim sýn af dvöl í Vesturheimi og sárrí fátækt heima á Íslandi. Þegar út er komið sýnir Stephan jafnaðarhugmyndum áhuga eins og Þorsteinn og ber iðulega saman náttúru vestan hafs og hina, sem heima er á Íslandi. Hann markar sér bás sem raunsæisskáld í mörgum kvæða sinna, ekki síst í náttúruljóðum þar sem einyrkinn stritar og hefur oft aðeins andvökuna til yrkinga. Hann skapar sér breiða sýn en hún er afleiðing mikillar vinnu. Stephan var líka mannúðarsinni og framan af tekur hann afstöðu gegn stofnunum samfélagsins eins og ríki og kirkju en klæðir líka kvæði sín náttúrunni til að skerpa sýn á erfitt líf einyrkjans og bóndans. Sú tveggja heima sýn fær hann líka til að gagnrýna stríðsrekstur sem ógnar tilvist bóndans þar sem land er sprengt í loft upp og mannauðnum fórnad í tilgangslausum átökum. Hann gagnrýnir Vestur-Íslendinga sem tóku þátt í bardögum á blóðugum völlum. Hann var langt á undan samtíðinni með friðarboðskap sinn. Sá boðskapur er þó markaður vissu raunsæi því þrátt fyrir bjartsýni varar hann við endurtekningu sögunnar og veit eins og erlendur maður í framandi landi að smáþjóð má sín ekki mikils þegar stórveldi eiga í hlut. Stephan er kannski heilsteyptastur þessara skálda í þeim skilningi að hann finnur hamingjuna, eignast fjölskyldu en missir líka börn í því lífi sem hann kýs sér erlendis. Hann kemur að vísu í heimsókn til Íslands, en ólíkt hinum skáldunum deyr hann í fjarlægum landi en skilaði til þjóðar sinnar skáldskap á íslensku sem að mestu var saminn fjarri Íslandsströnd.

Nú er hægt að spyrja að leikslokum hver hafi verið áhrif þessara skálda sem hvert á sinn hátt dvaldi erlendis um lengri eða skemmri tíma og ortu íslensk kvæði. Þau áhrif koma m.a. fram í náttúrusýn og virðingu fyrir landinu. Ádeilur þeirra beindust að stéttaskiptingu íslenska kyrrstöðusamfélagsins. Í erlendu landi sáu þeir gildi smáþjóðar því sjálfir fundu þeir til einsemdar ytra. Með ljóðum þeirra barst nýr andblær inn í íslenskar bókmenntir en líka gagnrýni á stofnanir samfélagsins. Þeim var ljóst að tungumálið er forsenda sjálfstæðis þjóðar. Þessi skáld lærðu að meta landið upp á nýtt,

sögu þess og menningu. Líf þeirra erlendis var enginn dans á rósum en þeir lærðu að fanga strauma samtímans erlendis með sýn á heimalandið sem lifir áfram í ljóðum þeirra á Íslandi. Þeir eiga það líka sameiginlegt að hafa haft sigur í þeim skilningi að verða skáld þrátt fyrir andstreymi á erlendri grund. Þeir færðu tilfinningar sínar í orð og báru með sér vitnisburð um að erfiðleikana var hægt að sigra í tveggja heima sýn.

## Heimildaskrá

Aðalgeir Kristjánsson. 1982. „Oft er hermanns örðug ganga.“ Fjögur bréf frá Jóni Thoroddsen.

*Gripla*: 201–207.

Alexander Jóhannesson (ritstj.). 1919. *Ljóð eptir Heine*. Reykjavík.

Andrés Björnsson. 1988. „Grímur Thomsen og Uppsalamótið 1856.“

*Árbók* (Landsbókasafn Íslands), nýr flokkur 14:5–15.

\_\_\_\_\_. 1990. „Skapferli Gríms Thomsen. Nokkrar bendingar og vitnisburðir.“

*Andvari*: 120–125.

\_\_\_\_\_. 1993. „Um Grím Thomsen og raunsæið.“ *Andvari* (nýr flokkur XXXV): 98–109.

Árni Sigurjónsson. 1995. *Bókmenntakenningar síðari alda*. Reykjavík.

Baldur Hafstað. 2009. *Hlývindi. Ljóð og laust mál eftir Stephan G. Stephansson*. Reykjavík.

Benedikt Gröndal. 1923. *Dægradvöl*. Reykjavík.

*Biblían*. 1981. Heilög ritning. Reykjavík.

Bjarni Benediktsson frá Hofteigi. 1958. *Þorsteinn Erlingsson*. Reykjavík.

Bjarni Guðnason. 1969. „Bjarni Thorarensen og Montesquieu.“ *Afmælisrit*

*Jóns Helgasonar*. Reykjavík: 34–47.

Bjarni Thorarensen. 1976. *Ljóðmæli. Úrval*. Þorleifur Hauksson bjó til prentunar. Reykjavík.

\_\_\_\_\_. 1986. *Bréf I–II*. Jón Helgason bjó til prentunar. Kaupmannahöfn.

Bloom, Harold. 1971. *The Visionary Company. A Reading of English Romantic Poetry*. Revised and Enlarged. Frumútgáfa 1961. Ithaca, New York.

Bogi Benediktsson á Staðarfelli. 1889–1904. *Sýslumannsæfir II*.

Með skýringum og viðaukum eptir Jón Pétursson og Hannes Þorsteinsson. Reykjavík.

\_\_\_\_\_. *Sýslumannsæfir III*. 1905–1908. Viðbætur eptir Jón Pétursson. Reykjavík.

Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson. 1997. *Uppruni nútímans*.

*Kennslubók í Íslandssögu eftir 1830*. Reykjavík.

Bragi Halldórsson og Knútur S. Hafsteinsson. 2001. *Ljóðamál*.

*Kver um bragfræði og stíl ljóða*. Reykjavík.

Brandes, Georg. 1898. *Ungdomsvers*. Kjøbenhavn.

- Brøndsted, Mogens og Sven Møller. 1972. *Danmarks litteratur*.  
 Frumútgáfa 1963. Copenhagen.
- Bull, Francis. 1947. *Verdens Litteraturens Historie*. Oslo.
- Danmark Dejlígst vang og vænge. Lyrik af islandske digtere*. 2009.  
 Redigeret af Páll Skúlason. Reykjavík.
- Davíð Stefánsson (ritstj.). 1963. *Skáldið á Sigurhæðum. Safn ritgerða um Matthías Jochumsson*. Akureyri.
- Deutsch, Babette. 2002. *Poetry Handbook*. Frumútgáfa 1981.  
 New York.
- Drachmann, Holger. 1921. *Prinsessen og det halve Kongerige. Digte 1872–1879*.  
 København.
- Eagleton, Terry. 2007. *How to Read a Poem*. Malden, Bandaríkjunum.
- Einar H. Kvaran. 1952. „Um Gest Pálsson.“ Gestur Pálsson: *Ritsafn* I. Reykjavík:7–37.
- Erlingur Þorsteinsson. 1990. *Æviminningar*. Reykjavík.
- Erna Sverrisdóttir. 2000. *Orð af eldi. Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttir frá Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar*. Ritstjórar Kári Bjarnason og Sigurður Gylfi Magnússon.  
 Reykjavík.
- Freysteinn Sigurðsson. 2004. „Borgarfjarðarhérað milli Mýra og Hafnarfjalla.“ *Árbók ferðafélags Íslands*. Reykjavík:314–337.
- Gardner, Martin. 1992. *Best Remembered Poems*. New York.
- Gils Guðmundsson. 1990. *Væringinn mikli. Ævi og örlög Einars Benediktssonar*.  
 Reykjavík.
- \_\_\_\_\_. 1955. *Öldin sem leið. Minnisverð tíðindi 1861–1900*. Reykjavík.
- Gísli Brynjúlfsson. 2003. *Ljóð og lausamál*.  
 Sveinn Yngvi Egilsson bjó til prentunar og ritaði inngang. Reykjavík.
- Gísli Thóraransen. 1885. *Ljóðmæli*. Reykjavík.
- Grant, Damian. 1985. *Realism*. New York.
- Gray, Ronald D. 1967. *Goethe: A Critical Introduction*. Cambridge, England.
- Grímur Thomsen. 1934. *Ljóðmæli I–II*. Fyrra bindi með formála eftir Jón Þorkelsson.  
 Seinna bindi með erindi um Grím Thomsen eftir Sigurður Nordal. Reykjavík.
- \_\_\_\_\_. 1887. „Hestar og hundar.“ *Dýravínurinn*:113–119.
- \_\_\_\_\_. 1975. *Íslenskar bókmenntir og heimsskoðun*. Andrés Björnsson þýddi. Reykjavík.

- Grundtvig, N.F.S. 1933. *Digte*. Indledning, Udvalg og Noter ved Carl S. Petersen. Kjøbenhavn.
- Guðjón Arngrímsson. 1998. *Annað Ísland. Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*. Reykjavík.
- Guðmundur Magnússon. 1963. „Þorsteinn Erlingsson skáld.“ *Merkir Íslendingar* 2b. Nýr bókaflakur II. Reykjavík:163–181.
- Guðný Björk Guðsteinsdóttir. 2005. „„Villta vestrið.“ Óvægin náttúruöfl Kanada í kveðskap Vestur-Íslendinga.“ *Heimur ljóðsins*. Reykjavík:147–159
- Guðrún P. Helgadóttir og Jón Jóhannesson. 1962. *Skýringar og bókmenntalegar leiðbeiningar við Sýnisbók íslenskra bókmennta*. Reykjavík.
- Halldór Guðmundsson. 1987. „Af rotnun leggur himnesk angan; frásagnarlist og gildismat í raunsæi Balzacs.“ *Tímarit máls og menningar* 2. h: 187–200.
- Hallfreður Örn Eiríksson. 1982. „Sagnir og þjóðkvæði í skáldskap Gríms Thomsen.“ *Gripla*:162–182.
- Hannes Hafstein. 1968. *Ljóð og laust mál*. Reykjavík.
- Hannes Pétursson 1964. *Steingrímur Thorsteinsson. Líf hans og list*. Reykjavík.
- Helgi Hálfðanarson. 1982. *Erlend ljóð frá liðnum tímum*. Reykjavík.
- Heimir Pálsson. 1978. *Straumar og stefnur í íslenskum bókmenntum frá 1550*. Reykjavík.
- \_\_\_\_\_. 2003. *Frá lærdómsöld til raunsæis. Íslenskar bókmenntir 1550–1900*. Reykjavík.
- Heimur ljóðsins*. 2005. Ritstjórar Ástráður Eysteinnsson, Dagný Kristjánsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík.
- Heine, Heinrich. 1968–1975. *Sämtliche Schriften I–VI*. München.
- Hirshfield, Jane. 1998. *Nine Gates*. New York.
- Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. 2008. Jakob Benediktsson ritstýrði. Frumútgefin 1983. Reykjavík.
- Ingi Sigurðsson. 2006. *Erlendir straumar og íslensk viðhorf. Áhrif fjölpjóðlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830–1918*. Reykjavík.
- Ingibjörg Jónsdóttir. 1946. *Húsfreyjan á Bessastöðum. Bréf Ingibjargar til bróður síns Gríms amtmanns*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Reykjavík.
- Íslandshandbókin I–II. Náttúra, saga og sérkenni*. 1989. Ritstj. Tómas Einarsson og Helgi Magnússon. Reykjavík.
- Íslensk bókmenntasaga III*. Ritstj. Halldór Guðmundsson. Reykjavík.

- Íslensk fornrit* I. Landnámabók. Íslendingabók. 1986. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík.
- Íslensk fornrit* XXVI–VIII. Heimskringla I–III. 1941–1951. Bjarni Aðalbjarnarson gaf út. Reykjavík.
- Íslensk orðabók*. 2002. Ritstj. Mörður Árnason. Reykjavík.
- Jackson, Rosemary. 1993. *Fantasy*. New York.
- Jóhann Hjálmarsson. 1971. *Íslensk nútímaljóðlist*. Reykjavík.
- Jón Árnason. 1980a. „Skúlaskeið.“ *Þjóðsögur* II. Ritstj. Jón Árnason og Magnús Grímsson. Reykjavík:123.
- Jón Árnason. 1980b. „Reynistaðarbræður.“ *Þjóðsögur* I. Ritstj. Jón Árnason og Magnús Grímsson. Reykjavík:221–223.
- Jón Thoroddsen. 1950. *Ljóð og sögur*. Steingrímur J. Þorsteinsson gaf út. Reykjavík.
- Jón Þórðarson Thóroddsen. 1919. *Kvæði*. Kaupmannahöfn.
- Jón Samsonarson. 2002. „Söfnun þjóðkvæða á Íslandi.“ *Ljóðmál. Fornir þjóðlífsþættir*. Reykjavík:1–20.
- \_\_\_\_\_. „Hestavísan íslenska.“ *Ljóðmál. Fornir þjóðlífsþættir*. Reykjavík:213–237.
- Jónas Guðlaugsson. 1990. *Bak við hafið*. Með formála eftir Hrafn Jökulsson: „Ég vil höggva mín arfgengu bönd.“ Reykjavík.
- Jónas Jónsson. 1955. *Saga Íslendinga* 8. *Tímabilið 1830–1874*. Reykjavík.
- Jónas Jónsson frá Hriflu. 1955. *Einar Benediktsson. Ljóð hans og líf*. Reykjavík.
- Kipling, Rudyard. 1990. *The Complete Verse*. Foreword by M. M. Kaye. London.
- Kristján Kristjánsson. 1995. „Að kasta ekki mannshamnum.“ Um heimspekina í ljóðum Stephans G. Stephanssonar.“ *Tímarit Máls og menningar*:18–30.
- Kristinn E. Andrússon. 1976. „Þorsteinn Erlingsson.“ *Um íslenskar bókmenntir. Ritgerðir* I. Reykjavík:218–247.
- Kristján Albertsson. 1961. *Hannes Hafstein*. Reykjavík.
- Kristján Jóhann Jónsson. 2004. *Kall tímans. Um rannsóknir Gríms Thomsen á frönskum og enskum bókmenntum*. *Studia Islandica* 58. Reykjavík.
- Kristmundur Bjarnason. 2003. *Lífsþorsti og leyndar ástir*. Akureyri.
- Magnús Jónsson. 1958. *Saga Íslendinga* 9. *Tímabilið 1871–1900*. Reykjavík.
- Magnús Ásgeirsson. 1975. *Ljóðasafn* I–II. Anna Guðmundsdóttir og Kristján Karlsson sáu um útgáfuna. Reykjavík.

- Matthías Jochumsson. 1959. *Sögukaflar af sjálfum mér*. Frumútgáfa 1922. Reykjavík.
- Marchand, Leslie A. 2001. *Selected Poetry of Lord Byron*.  
Introduction by Thomas M. Disch. New York.
- Mauger, M. Bruézière et G. 1957. *La France et ses écrivains*. Hachette, Paris.
- Norborg, Lars-Arne. 1986. *Saga mannkyns II. Evrópa í hásaeti 1815–1870*.  
Ritstj. Knut Helle, Jarle Simensen, Sven Tägil, Kåre Tønnesson. Reykjavík.
- Oehlenschläger, Adam. 1979. *Digte*. København.  
\_\_\_\_\_. 1926. *Poetiske skrifter*. København.
- Óskar Ó. Halldórsson. 1972. *Bragur og ljóðstíll*. Reykjavík.
- Páll Ólafsson. 1944. *Ljóðmæli*. Reykjavík.
- Ólafur Jónsson. 1968. „Ártíð Jóns Thoroddsen.“ *Skírnir* 142:7–11.
- Páll Valsson. 1999. *Jónas Hallgrímsson: ævisaga*. Reykjavík.
- Raddatz, Fritz Joachim. 1997. *Taubenherz und Geierschnabel. Heinrich Heine: eine Biographie*.  
Weinheim.
- Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I–IV. 1989. Ritstjórar: Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík.
- Saga Íslands IX*. 2008. Ritstjórar Sigurður Líndal og Pétur Hrafn Árnason.  
Reykjavík.
- Saga Íslands X*. 2009. Ritstjórar Sigurður Líndal og Pétur Hrafn Árnason.  
Reykjavík.
- Schiller, Friedrich. 1953–1956. *Werke I–II*. Salzburg.
- Simek, Rudolf. 1993. *Hugtök og heiti í norrænni goðafræði*. Ritstj.: Heimir Pálsson.  
Ingunn Ásdísardóttir þýddi. Reykjavík.
- Sigurður Guðmundsson. 1919. „Jón Thoroddsen.“ *Skírnir*: 209–233.
- Sigurður Ólason. 1956. „Skúlaskeið.“ *Tíminn*. Jólblað:3–5.
- Sigurður Nordal. 1939. „Formáli.“ Stephan G. Stephansson:  
*Andvökur. Úrval*. Reykjavík: 17–110.
- Snorri Sturluson. 1999. *Edda. Gylfaginning og frásagnarkafar Skáldskaparmála*.  
Reykjavík.
- Snót*. 1945. Nokkur kvæði eftir ýmiss skáld. Einar Thorlacius bjó til prentunar.  
Reykjavík.
- Stangerup, Hakon og F.J. Billeskov Jansen. 1971. *Dansk Litteratur Historie III*.  
Fra Georg Brandes til Johannes V. Jensen. København.

- Stephan G. Stephansson. 1953–1958. *Andvökur I–IV*. Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar. Reykjavík.
- Stephan G. Stephansson. 1938–1948. *Bréf og ritgerðir I–IV*. Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar. Reykjavík.
- Steingrímur J. Þorsteinsson. 1943. *Jón Thoroddsen og skáldsögur hans I–II*. Reykjavík.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 1999. *Arfur og umbylting. Rannsókn á íslenskri rómantík*. Reykjavík.
- Sverrir Kristjánsson. 1987. „Efnishyggja og húanismi Stepháns G. Stephánssonar.“ *Ritsafn* 4. Reykjavík: 97–110.
- Sveinn Skorri Höskuldsson. 1989. *Ljóðarabb*. Reykjavík.
- Sölvi Sveinsson. 2007. *Íslensk málsaga*. Reykjavík.
- Sørensen, Peer E. 2005. „Herman Bang og realismen.“ *Nordisk litteratur*:87–91.
- The Portable Romantic Poets*. 1978. Edited by W.H. Auden and Normann Holmes Pearson. New York.
- Thora Friðriksson. 1944. *Dr. Grímur Thomsen*. Merkir menn sem jeg hef þekkt. Reykjavík.
- Viðar Hreinsson. 2002. *Landneminn mikli. Ævisaga Stephans G. Stephanssonar I*. Reykjavík.
- \_\_\_\_\_. 2003. *Andvökuskáld. Ævisaga Stephans G. Stephanssonar II*. Reykjavík.
- \_\_\_\_\_. 1999. „Íslenska akademían: Kotungar í andófi.“ *Skírnir*, hausthefti:255–288.
- Wellek, René. 1973. *Concepts of Criticism*. Edited and Introduction by Stephen G. Nichols. Frumútgáfa 1963. New Haven and London.
- Whitman, Walt. 1990. *Leaves of Grass*. Introduction by Jerome Loving. England.
- Þorgils gjallandi. 1978. *Sögur. Úrval*. Inngangur eftir Þórð Helgason. Reykjavík.
- Þorsteinn Erlingsson. 1958. *Ljóðmæli I–II*. Ritgerð um Þyrna eftir Sigurð Nordal. Reykjavík.
- \_\_\_\_\_. 1958. *Sögur og ritgerðir III*. Reykjavík.
- Þorsteinn Þorsteinsson. 1988. „Húsafell.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. Reykjavík:42–45.
- Þórir Óskarsson. 1996. „Hugtakið rómantík.“ *Skírnir*, 170. ár, hausthefti:255–302.
- \_\_\_\_\_. 2007. „Í silkisloprokk með tyrkneskan túrban á höfði. Grímur Thomsen og Kall tímans.“ *Andvari*:125–140.

Þorgils gjallandi. 1978. *Sögur. Úrval*. Inngangur eftir Þórð Helgason.

Reykjavík.

Þorsteinn Matthíasson. 1977. *Íslendingar í Vesturheimi. Land og fólk II*. Reykjavík.

